


**JUDITH AMALÍA JÓHANNSDÓTTIR**

*Búningahönnuður með skemmtilegan fatastíl*

• tíska • heimili • heilsa

**ALLT Í MIÐJU BLAÐSINS**




**VELJUM ÍSLENSKT**

*Lostæti, listmunir og dýrindis tískuvara*

Sérblaðið Veljum íslenskt

**FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG**

**SKAPTI ÓLAFSSON**

*Beið í 64 ár eftir að gefa út plötu*

Áttræður og man tímana tvenna

**FÓLK 42**




# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

23. október 2008 — 290. tölublað — 8. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 512 5000


**FIMMTUDAGUR**



**Meistarans tök á eldri sögu**

Ritdómur um nýja skáldsögu Einars Kárasonar, Ofsa.

MENNING 36

**Vinnur með Brad Pitt**

Heba Þórisdóttir farðar Brad Pitt í næstu mynd Quentins Tarantino.

FÓLK 54



**Engan hvítþvott**

Fráleitt væri að ríkisstjórnin gæfi sjálf út hvítbók um efnahagshrunið, hún yrði sennilega hvítþvottarbók, skrifar Þorvaldur Gylfason.

Í DAG 24



**Meistaradeild Evrópu**

Misjafnt gengi hjá ensku liðunum en Börsungar buðu til markaveislu.

ÍÞRÓTTIR 48

**VEÐRIÐ Í DAG**




**STORMVIÐVÖRUN!** Í fyrstu verður norðaustan stormur á Vestfjörðum en sunnan og suðvestantil síðdegis. Rigning syðra en slydda eða snjókoma vestan til. Úrkomulítið á Norðausturlandi. Hiti 0-5 stig.

VEÐUR 4

# Ísland fellst ekki á lagarök Bretanna

**Lausn á bankadeilu Íslendinga og Breta er ekki í sjónmáli. Viðræðum verður framhaldið í dag. Málaferli koma enn til greina. Forsætisráðherra segir Breta hafa sýnt fádæma hörku sem ofbjóði Íslendingum. Þjóðhagsspár er enn beðið.**

**STJÓRNMÁL** „Við höfum ekki fallist á þessi lögfræðilegu rök sem þeir tefla fram,“ segir Geir H. Haarde forsætisráðherra um viðræður Íslendinga og Breta um lausn bankadeilunnar sem reis í kjölfar yfirtöku íslensku viðskiptabankanna.

Geir vill ekki svara því hvort þíða sé í samskiptum stjórnmála- og embættismanna ríkjanna en leggur áherslu á nauðsyn þess að ræðst sé við. Öðru vísi fáist ekki botn í málin. „En ég tel að þeir hafi sýnt okkur alveg fádæma hörku sem Íslendingum ofbýður.“

Geir kveðst ekki geta sagt til um hvort hann sjái fyrir endann á málinu og ítrekar að eðlilegt sé að réttarágreiningur sé leystur fyrir dómstólum.

Viðræðunefndir ríkjanna ræddust við á löngum fundi í Reykjavík í gær og halda viðræður áfram í dag.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins krefjast bresk stjórnvöld þess að eignir Landsbankans í Bretlandi verði nýttar til að standa undir öðrum skuldbindingum bankans í landinu en kostnaði vegna Icesave reikninga. Það er þvert á hugsun neyðarlaganna sem gera ráð fyrir að eignirnar mæti innstæðum Icesave. Geir segist ekki geta staðfest þetta.

Vinna við nýja þjóðhagsspá tefur formlega ákvörðun um að leita til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. „Það þarf að meta ýmislegt sem er hugsanlega gjörbreytt frá því sem áður var þannig að það er heilmikið verk eftir og ákveðið vandamál að spá fyrir um tölur,“ segir Geir. Þó sé ljóst að þjóðarframleiðslan muni dragast saman og atvinnuleysi aukast. „Síðan fer verðbólgan eftir því hvernig tekst að koma jafnvægi á gengið.“

**- bþs, ghs**

## Stórlán kallar fátækt yfir Ísland

„Ég mun aldrei í lífinu samþykkja stórt lán sem kallar fátækt yfir Ísland,“ segir Pétur H. Blöndal alþingismaður. Hann hefur greint frá þessari skoðun sinni í þingflokki sjálfstæðismanna.

Pétur segir að fjórutíu ár hafi tekið að byggja upp íslenska lífeyrissjóðakerfið „og nú á ef til vill að greiða út á einu bretti sem nemur helmingnum af því sem safnað hefur verið á áratugi með miklum fórnum“.

„Ég tel mig hafa nokkuð traustar heimildir fyrir því að meðal skilyrða Alþjóðagjaldeyrissjóðsins sé að Íslendingar hafi náð sátt við Breta, vegna Icesave-reikninganna,“ segir Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri grænna. Hann segir að fallast megi á að taka erlend lán til að gjaldeyrisviðskipti gangi eðlilega fyrir sig. „En ég vil ekki vera sá maður að bera ábyrgð á því að íslenska þjóðin gangi í ábyrgðir vegna þessara innlánsreikninga fjárglæframanna erlendis.“ **- ikh / sjá bls. 4**




**SKÝR SKILABOÐ** Auður Ýr Geirsdóttir, starfsmaður Sushibarsins við Laugaveg, er ekki hryðjuverkamaður. Tæplega 19 þúsund einstaklingar höfðu skráð nafn sitt á undirskriftalistann klukkan sex í gær. MYND/LUKKA SIGURÐARDÓTTIR

Óska aðstoðar bresks almennings til að stöðva misbeitingu hryðjuverkalaga:

## Íslendingar ekki hryðjuverkamenn

**MÓTMÆLI** „Við teljum þetta raunhæfa áætlun til að hafa veruleg áhrif á almenning í Bretlandi sem hefur alls ekki verið upplýstur um sannleika málsins,“ segir Ólafur Elíasson tónlistarmaður og einn aðstandenda hreyfingar sem berst fyrir bættri ímynd Íslands í Bretlandi.

Hreyfingin hefur opnað heimasíðu á slóðinni indefence.is þar sem Íslendingar eru hvattir til að undirrita yfirlýsingu til bresku þjóðarinnar. Í yfirlýsingunni segir að Gordon Brown, forsætisráðherra Breta, hafi á óréttmætan hátt beitt hryðjuverkalögum gegn Íslendingum til að þjóna pólitískum skammtímahagsmunum sínum. Þetta hafi breytt grafalvarlegri stöðu í efnahagshrun sem snerti bæði íslenskar og breskar fjölskyldur. „Gordon Brown hefur tekist að spinna þetta svona fyrst og fremst vegna þess að almenningur í Bretlandi er ekki upplýstur um sjónarmið Íslendinga,“ segir Ólafur. Hann segir Breta eiga erfitt með að sætta sig við að á þá sé litið sem yfirgangssama rudda. „Sérstaklega þar sem þetta er að gerast í krafti umdeildra hryðjuverkalaga.“

Ólafur segir einstakt að þjóð ávarpi aðra þjóð með þessum hætti. Í gærkvöldi höfðu tæplega nítján þúsund Íslendingar skrifað undir yfirlýsinguna á vefsíðunni indefence.is. **- ovd**



**LÍF OG FJÖR** Góður rómur var gerður að gamanmálum Klovn-leikaranna. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Danskir sprellarar á Íslandi:

## Klovn vöktu almenna kátínu

**FÓLK** Húsfylli var í Iðusölum við Lækjargötu í gær þegar leikararnir Frank Hvam, Casper Christensen og Iben Hjejle úr dönsku gamanþáttunum Klovn buðu fjölmiðlum og aðdáendum á sérstaka forsýningu á hluta af sjöttu þáttaröð Klovn sem væntanleg er á skjáinn innan skamms.

Tilefni komu leikaranna til landsins var einnig útgáfa fimmtu þáttaraðar Klovn á DVD þann 4. nóvember næstkomandi. **- kg**












*Einar, ertu ofsalega ánægður?*

„Á meðan ég hugsa ekki um fjármálakreppuna er ég bærilega kátur.“

Ný bók eftir Einar Kárason, Ofsi, kom út í gær.

Þrír karlmenn úrskurðaðir í sex vikna farbann vegna fíkniefnasmygls:

# Eitt og hálft kíló með pósti

**LÖGREGLUMÁL** Þrír karlmenn voru í gær úrskurðaðir í Héraðsdómi Reykjavíkur í sex vikna farbann vegna rannsóknar lögreglu á póstsendingu sem reyndist innihalda rúmlega eitt og hálft kíló af fíkniefnum. Í pakkanum voru 480 grömm af amfetamíni og 1,1 kíló af marijúana.

Það voru tollyfirvöld sem fundu, fyrir rúmlega hálfum mánuði, fíkniefnin í sendingunni sem póstlögð hafði verið í Póllandi. Sendingunni var ekið á merkt heimilisfang. Við afhendingu hennar tók lögreglan á höfuðborgarsvæðinu þrjá karlmenn á aldrinum 17 til 28 ára fasta.

Tveir þeirra voru frá Póllandi og einn frá Lettlandi. Mennirnir hafa allir verið búsettir hér á landi um skeið, mislengi þó. Þeir hafa setið í gæsluvarðhaldi síðasta hálfa mánuðinn. Það rann út í gær og voru þeir þá úrskurðaðir í farbann.

Málið er enn í rannsókn hjá fíkniefnadeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. - jss



**MEÐ PÓSTINUM** Fíkniefnasendingin var keyrð út og þrír menn handteknir við afhendingu hennar.

Saksóknari á nefndarfund:

## Rætt um hugsanleg lögbrot

**ALÞINGI Ríkissaksóknari mætir á fund allsherjarnefndar Alþingis í dag og upplýsir um fyrirhugaða athugun á hvort lög hafi verið brotin í aðdraganda bankahrunsins.**

**Dómsmálaráðherra upplýsti á Alþingi í síðustu viku að slík athugun stæði fyrir dyrum að frumkvæði ríkissaksóknara.**

**Birgir Ármannsson, formaður allsherjarnefndar, segir ríkissaksóknara munu greina frá hvernig hann sjái verkefnið fyrir sér og hvaða atriði verði skoðuð. Vinnan miði að því að leggja mat á hvort ástæða sé til að ráðast í sérstaka rannsókn á tilteknum þáttum.** - bþs



**BLÍÐ BROS** Teknar voru ljósmyndir af öllum sem mættu í Borgarleikhúsið í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Söngvaseiður í Borgarleikhúsi:

## Fjöldi í prufur

**LEIKLIST Á fjórða þúsund ungmenni á aldrinum átta til átján ára lögðu leið sína í anddyri Borgarleikhússins í gær til að skrá sig í áheyrnarprufur fyrir hlutverk Von Trapp systkinanna í söngleiknum vinsæla Söngvaseið, eða Sound of Music, sem frumsýndur verður í mars.**

**Þórhallur Sigurðsson leikstjóri var að vonum ánægður með viðtökurnar. „Þetta gekk ótrúlega vel og krakkarnir voru mjög þolinmóðir. Ég hef einu sinni áður staðið fyrir opnum áhorfendaprufum, þegar við sýndum Emil í Kattholti fyrir mörgum árum, og þá komu leikkonurnar Anita Briem og Álfrún Örnólfsdóttir út úr hópnum. Það getur því ýmislegt gerst,“ segir Þórhallur.** - kg

Uppsagnir hjá Kaupþingi:

## Starfsmenn bíða enn svara

**EFNAHAGSMÁL** Starfsfólk Kaupþings beið daginn á enda án þess að fá úr því skorið hvort það héldi starfi sínu hjá nýjum banka sem tók til starfa í gær.

Á starfsmannafundi sem haldinn var seinnipartinn í gær bjóst starfsfólk við skýringum á stöðunni. Þar kom hins vegar lítið fram annað en að málin myndu skýrast fljótlega. Hvorki trúnaðarmenn né starfsmannastjóri vildu tjá sig um málið. - hhs

# Skóla lokað vegna galla á eldvörnum

**Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins lokaði húsnæði Fjölbrautaskólans við Ármúla vegna „alvarlegra ágalla“ á eldvörnum. Skólameistari og ráðuneyti viðurkenna að kennsla hefði ekki átt að hefjast í húsnæðinu sem rúmar 160 nemendur.**

**ÖRYGGISMÁL** Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins (SHS) lét loka húsnæði sem Fjölbrautaskólinn við Ármúla hefur til afnota vegna „alvarlegra ágalla“ á eldvörnum. Skólameistari og sérfræðingur menntamálaráðuneytisins viðurkenna að kennsla hefði ekki átt að hefjast í húsnæðinu áður en eldvarnir voru færðar til viðunandi horfs. Í harðorðu bréfi frá SHS kemur fram að ástand húsnæðisins hefði getað haft „alvarleg áhrif á öryggi fólks“ ef eldur yrði laus í húsinu.

Í bréfi frá forvarnasviði SHS kemur fram að aðeins ein flóttaleið var frá hæðinni, sem teljist „með öllu ótækt miðað við þann fjölda sem þarna getur hafst við“. Einnig segir að litlar sem engar brunahólfanir séu á hæðinni, neyðarlýsing óviðunandi og sjálfvirkt brunaviðvörunarkerfi gallað. Gerðar voru bráðabirgðaráðstafanir á eldvörnum og var kennsla leyfð að nýju á mánudag. Þá hafði kennsla legið niðri í tvo kennsludaga.

Kennt hafði verið í húsnæðinu í fimm vikur án þess að eldvarnir húsnæðisins væru færðar til þess horfs sem brunahönnuður á vegum SHS hafði gert að skilyrði fyrir kennslunni. Allt að 160 nemendur stunduðu þar nám á hverjum tíma. SHS og byggingarfulltrúi Reykjavíkurborgar höfðu upphaflega lagt blessun sína yfir að kennt yrði tímabundið í húsnæðinu, en gera ætti úrbætur á brunavörnum sem fyrst.

Gísli Ragnarsson, skólameistari FÁ, segir að framkvæmdirnar séu á forræði menntamálaráðuneytisins en skólinn hafi tekið það að sér að gera úrbætur eftir að kvörtun SHS barst síðastliðinn miðvikudag. „Ég get ekki svarað því af hverju það hefur gengið svona hægt að ganga frá þessu. En við munum vinna þetta hratt því öryggi krakkanna okkar er númer eitt.“ Gísli segist hafa talið að eldvarnir væru ásættanlegar þar sem bráðabirgðastiga hafði verið komið upp í vor. Aðspurður segist hann vera því sammála að kennsla hefði aldrei átt að hefjast í húsnæðinu áður en gengið hefði verið frá fullnægjandi eldvörnum og ábyrgðin.

Þráinn Sigurðsson, sérfræðingur á fjármálasviði menntamálaráðuneytisins, minnir á að kennsla hafi verið leyfð samkvæmt bráðabirgðaleyfi. „Hins vegar má segja að það hefði átt að vera búið að koma upp viðunandi eldvörnum áður en nemendum var hleypt þarna inn, það er engin afsökun fyrir því. Við reynum að kippa þessu í lag eins fljótt og við getum.“

svavar@frettabladid.is



**BRUNASTIGI** Þessum stillansa var komið upp til bráðabirgða þangað til sérstakur brunastigi verður byggður við húsið. Ekki er um aðalbyggingu skólans að ræða heldur húsnæði á lóðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Sýkingum fjölgar milli ára:

## Rúm 130 tilfelli salmonellu í ár

**HEILBRIGÐISMÁL** Rúmlega 130 salmonellutilfelli hafa greinst á Landspítalanum á árinu. Á síðasta ári komu upp samtals 93.

Það sem af er árinu er 21 einstaklingur talinn vera með smit af innlendum toga en þeir voru 16 í fyrra. Þetta kemur fram í Farsóttarfréttum landlæknisins. Aukningu salmonellutilfella má rekja til tveggja hópsýkinga. Sú fyrri varð á sambýli aldraðra á höfuðborgarsvæðinu. Hin síðari meðal íslenskra ferðalanga á eyjunni Ródós. - jss

Átök við lögreglumenn:

## Fimm í haldi fram yfir helgi

**LÖGREGLUMÁL Þrír karlar sem grunaðir eru um að hafa ráðist á tvo lögreglumenn í Hraunbæ í Árbæ aðfaranótt sunnudags voru í gær úrskurðaðir í áframhaldandi gæsluvarðhald til 27. október.**

**Að kröfu lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu sitja því fimm karlar í gæsluvarðhaldi vegna rannsóknar málsins því tveir aðrir voru í fyrradag úrskurðaðir í gæsluvarðhald sem einnig nær fram á næsta mánudag að því er segir á vef lögreglunnar. Þar kemur fram að alls hafi tólf menn verið handteknir vegna málsins, þar af tveir í gær sem bíði yfirheyrslu.** - gar

**BANDARÍKIN**

**Kosið um refsileysi vændis**

Í Kaliforníu verður í byrjun nóvember kosið um hvort vændi verði refsilaust. Vændi verði þó áfram bannað, en yfirvöld geti hvorki handtekið, sótt til saka né rannsakað neinn fyrir að stunda vændi. Kalifornía yrði eina ríkið þar sem þessi háttur yrði hafður.


Imodium®

Við bráðum niðurgangi




Fæst án lyfseðils í næsta apóteki

**Imodium® (lóperamíð)** 2 mg töflur. Imodium er fáanlegt án lyfseðils og er notað við bráðum niðurgangi (skammtímameðferð). Langvarandi alvarlegur niðurgangur, þ.m.t. niðurgangur vegna of hraðrar tæmingar. **Skammtar og lyfjagjöf:** Bráður niðurgangur: Byrja skal meðferðina með 2 töflum, en skömmtun er síðan 1 tafla eftir hverja hægðalosun með niðurgangi, þó ekki þéttar en á 2-3 klst. fresti. Sólarhringsskammtur á ekki að fara yfir 8 töflur. Langvarandi niðurgangur: Skömmtun er í upphafi 2 töflur. Skömmtun er síðan einstaklingsbundin á bilinu 1-8 töflur á sólarhring. Lyfið er ekki ætlað börnum yngri en 12 ára. **Varnaðarorð:** Við langvinna bólgusjúkdóma í þörmum getur lyfið dulið einkenni um skyndilega versnun. Lyfið hefur einungis áhrif á sjúkdómseinkenni. Ef sjúklingur hefur háan hita eða blóð í hægðum og ef meðferð á að vera langvarandi, þarf að finna og meðhöndla undirliggjandi orsök eins og kostur er. Imodium meðferð skal stöðva við merki um hægðatregðu eða önnur merki um ófullnægjandi þarmahreyfingar. Sjáist bati ekki innan tveggja sólarhringa við bráðum niðurgangi, á að hætta gjöf Imodium og íhuga aðra meðferð. Hjá alnæmissjúklingum á meðferð með Imodium á að stöðva meðferð við fyrstu merki um þaninn kvið. Tilkynnt hefur verið um einstaka tilvik eitrunarstórristils hjá alnæmissjúklingum með ristilbólgu. Imodium á að nota með varúð hjá sjúklingum með skerta lifrarstarfsemi. Leitið til læknis eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum um lyfið. **Lesið fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið.** Handhafi markaðsleyfis: Janssen-Cilag AB. Umboð á Íslandi: Vistor hf., Hörgatún 2, 210 Garðabær.


Norski útflutningstryggingasjóðurinn Exportfinans sakar Glitnir um fjársvik:

# Kerfismistök ekki ásetningur

**VIÐSKIPTI** „Það bendir allt til þess að hér hafi átt sér stað kerfisleg mistök og alls ekki um ásetning að ræða,“ segir Árni Tómasson, formaður skilanefndar Glitnis, en norski útflutningstryggingasjóðurinn hefur kært Glitni til yfirvalda fyrir stórfelld fjársvik.

„Uppgreiðsluskilyrði lánsins voru einfaldlega vitlaust skráð í lánakerfi bankans. Hefði starfsemi bankans verið í eðlilegu horfi og þessi mistök komið fram hefðu þau að sjálfsögðu verið leiðrétt og þessi óþægilega staða gagnvart Norðmönnum hefði ekki komið upp,“ segir Árni og segir skilanefndina ákveðna í að leiðrétta mistökin og vinna í framhaldinu með forsvarsmönnum Exportfinans að lausn málsins.

Eksportfinans hefur farið fram á að allar eignir Glitnis í Noregi verði frystar þar og að bankinn greiði til baka 8,4 milljarða króna, um 500 milljónir norskra króna, vegna málsins, en það snýst efnislega um að Glitnir hafi stungið háum fjárhæðum undan eftir að lán til þriggja aðila hafði verið greitt til baka og runnið í sjóði bankans, en ekki til upphaflegs lánardrottins.



**HÖFUÐSTÖÐVAR GLITNIS Á KIRKJUSANDI** Skilanefnd Glitnis segir að unnið sé að lausn málsins í Noregi.

Skilanefnd Glitnis segist vinna að lausn þessa máls með lögfræðingum sínum á Íslandi og í Noregi, og meðal annars sé verið að skoða „hvort hægt sé að koma að fullu til móts við kröfur Ekportfinans án þess fara á svig við íslensk lög eða raska jafnræði kröfuhafa.“ - bih



Björk Jakobsdóttir
er kynnir á Konukvöldi
Guðrún Eva Mínervudóttir
les upp úr nýútkominni bók sinni Skaparanum
Lady D and the Soft Tones
leikur ljúfa tóna
Erica að gjöf
Allar konur á Konukvöldi fá Ericu að gjöf
Hafliði Ragnarsson
súkkulaðimeistari kynnir handgert gæðakonfekt
Hreyfing heilsulind
Allar konur sem mæta á Konukvöldið fá 3ja daga gestakort í Hreyfingu heilsulind og Blue Lagoon spa
Glæsilegir vinningar!
Allar konur sem mæta á Konukvöldið eiga möguleika á að vinna til fjölda glæsilegra vinninga.
M.a. frá: Hótel Glym, Húsasmiðjunni EGG, Hreyfingu, Mosfellsbakaríi og Salon Ritz
25% afsláttur
af búsáhöldum, gjafavöru kertum, servíettum, jólavöru, o. fl.
Konukvöld
í Skútuvogi
í kvöld fimmtudag 23. okt
kl. 19:00 - 22:00
Salon Ritz kynnir Golden Rose förðunarlínuna, súkkulaðimeistarinn Hafliði Ragnarsson kynnir handgert gæðakonfekt, allar konur fá þriggja daga gestakort í Hreyfingu heilsulind og Blue Lagoon spa, kynningar verða á lífrænum ávöxtum á Græna torginu, Amé sósíaldrykknum, piparkökum frá Nathan og Olsen, Fruit Bar orkustöngum, jólailmi frá Noël. Til sýnis verða uppdekkuð hátíðarborð að hætti Blómavals og Björk Jakobsdóttir leiðir okkur í allan sannleikann um réttu jólagjöfina handa eiginmanninum. Blómaval býður gestum upp á Hindberja Topp frá Vífilfelli til styrktar rannsóknum á brjóstakrabbameini.
Kaffi Garður
Heitt súkkulaði með rjóma og súkkulaðibitakaka
190kr
blómaval
heillandi heimur
Soldis
Hreyfing heilsulind
Blue Lagoon
Glymur
Nestlé Quality Street
salon ritz
EGG
toppur
nyåkers

## GENGIÐ 22.10.2008

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 116,78 | 117,34 |
| Sterlingspund | 191,31 | 192,25 |
| Evra | 150,08 | 150,92 |
| Dönsk króna | 20,133 | 20,251 |
| Norsk króna | 16,665 | 16,763 |
| Sænsk króna | 14,835 | 14,921 |
| Japanskt jen | 1,1832 | 1,1902 |
| SDR | 174,32 | 175,36 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
202,3754

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Norsk sendinefnd er komin til Íslands til að kynna sér stöðu efnahagsmála:

# Engin hefð fyrir sérstökum skilyrðum

**EFNAHAGSMÁL** Norsk sendinefnd kom til Íslands í gær til að kynna sér stöðu bankanna og þarfir Íslendinga varðandi aðstoð frá Norðmönnum. Martin Skancke, formaður nefndarinnar, segir að nefndin muni skila mati sínu í lok vikunnar og málið verði svo rætt þegar ráðherrar norrænu þjóðanna hittast á þingi Norðurlandaráðs í Helsinki í næstu viku.

„Við erum komin í tvennum tilgangi, annars vegar til að fá sem best yfirlit yfir stöðuna núna og hins vegar að ræða við íslensk stjórnvöld og fá mat þeirra á því hvaða ráðstafanir gætu komið að gagni. Ef við eigum að hjálpa þá er mikilvægast að íslensk stjórnvöld skilgreini þörfina og íslensk stjórnvöld láti í ljós með hvaða hætti við getum orðið að liði. Útgangspunktur ferðarinnar er því að kanna hvernig staðan er og hvaða aðkomu íslensk stjórnvöld vilja.“

Skancke segir fullsnemmt að ræða hver aðkoma Norðmanna gæti orðið. Um tvennt sé að ræða, fjárhagslegan stuðning og tæknilega aðstoð. Of snemmt sé að ræða tímasetningar. Sendinefndin sé ekki enn byrjuð að kortleggja stöðuna.

„Við óskum eftir því að gera þetta í samstarfi við önnur norræn lönd,“ segir hann og telur að norskir stjórnmálamenn fái skýra mynd af stöðunni á fundi Norðurlandaráðs í Helsinki í byrjun næstu viku. Málið komi þar örugglega til umræðu.

Spurður um það hvort skilyrði verði sett, til dæmis að Íslendingar skuldbindi sig til að standa utan ESB, segir hann of snemmt að ræða það. Engin hefð sé fyrir slíku á Norðurlöndum. **- ghs**



**NORÐMENNIRNIR KOMNIR** Norðmenn hafa sent hingað sendinefnd til að kanna stöðuna með það í huga að norrænu þjóðirnar komi Íslendingum til aðstoðar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALGARÐUR

# Aldrei samþykkja fátækt yfir Íslandi

**Ég mun aldrei samþykkja fátækt yfir Íslandi, segir Pétur Blöndal. Þingmenn tala um stríðsskaðabætur og að Íslendingum sé stillt upp við vegg. Óttast að samningur við Breta sé skilyrði aðstoðar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.**

**EFNAHAGSMÁL** „Ég mun aldrei í lífinu samþykkja stórt lán sem kallar fátækt yfir Ísland,“ segir Pétur H. Blöndal þingmaður sem hefur greint frá þessari skoðun sinni í þingflokki sjálfstæðismanna.

Breska blaðið Financial Times segir að verið sé að ganga frá þriggja milljarða punda láni til Íslendinga, Það jafngildi 600 milljörðum íslenskra króna. Það yrði vegna krafna á hendur Íslandi fyrir innistæður á Icesave-reikningum Landsbankans í Bretlandi.

Bresk sendinefnd er stödd hér á landi og var fundað í allan gærdag um Icesave-reikningana. Ásmundur Stefánsson ríkissáttasemjari fer fyrir íslensku viðræðunefndinni.

Pétur Blöndal segir að fjörutíu ár hafi tekið að byggja upp íslenska lífeyrissjóðakerfið „og nú á ef til vill að greiða út á einu bretti sem nemur helmingnum af því sem safnað hefur verið á áratugi með miklum fórnum“.

Pétur segir að enda þótt hann telji Breta ekki eiga þessa kröfu á íslenska ríkið, þá megi ef til vill fallast á að greiða þeim sem nemur einu prósenti af þjóðarframleiðslu í tíu ár. „Það verður að gera þetta af sanngirni og setja þak á þessa skuldbindingu, eitthvað sem íslenska þjóðin ræður við,“ segir Pétur og spyr hvort Bretar væru tilbúnir til þess að gangast við einhverjum afarkostum annarra ríkja, færi breskur banki með útibú annars staðar í þrot.

Hann bætir því við að viðskiptastríð standi við Breta. Þeir tefji greiðslur og stilli okkur nú upp við vegg og neyði Íslendinga til að greiða eitthvað sem líkist stríðsskaðabótum.

„Við höfum óskað eftir upplýsingum fyrir hönd fjárlaganefndar um stöðu hugsanlegs láns frá Bretum og ábyrgða íslenska ríkisins á innistæðum á Icesave-reikningum,“ segir Kristján Þór Júlíusson, varaformaður fjárlaganefndar Alþingis.

Kristján segir að málið sé þess eðlis að það þurfi að vinnast á ábyrgð ríkisstjórnarinnar og undir verkstjórn hennar. „Síðan komi það til Alþingis til afgreiðslu.“

Stjórnvöld hafa sagst vonast til þess að eignir Landsbankans í Bretlandi dugi fyrir hugsanlegum skuldbindingum vegna Icesave.

Eftir því sem næst verður komist eru megineignir Landsbankans í Bretlandi fólgnar í lánasafni hans. Lán til viðskiptavina þar námu rúmum 500 milljörðum króna um mitt árið.

„Ég tel mig hafa nokkuð traustar heimildir fyrir því að meðal skilyrða Alþjóðagjaldeyrissjóðsins sé að Íslendingar hafi náð sátt við Breta, vegna Icsave-reikninganna,“ segir Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri grænna. Hann segir að fallast megi á að taka erlend lán til að gjaldeyrisviðskipti gangi eðlilega fyrir sig. „En ég vil ekki vera sá maður að bera ábyrgð á því að íslenska þjóðin gangi í ábyrgðir vegna þessara innlánsreikninga fjárglæframanna erlendis.“

**ikh@markadurinn.is**



**PÉTUR BLÖNDAL, ALÞINGISMAÐUR** Segir að fjörutíu ár hafi tekið að byggja upp íslenska lífeyrissjóðakerfið „og nú á ef til vill að greiða út á einu bretti sem nemur helmingnum af því sem safnað hefur verið á áratugi með miklum fórnum“. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Afganskur guðlastari:

## Hlaut tuttugu ára fangelsi

**AFGANISTAN, AP** Parwez Kambakhsh, 24 ára gamall fjölmiðlanemi í Afganistan, hefur verið dæmdur í 20 ára fangelsi fyrir að guðlasta.

Kambakhsh var handtekinn í október árið 2007, þegar hann var í námi við Balkh-háskólann í Mazar-i-Sharif. Meðfram náminu skrifaði hann greinar í staðarblöðin.



**PARWEZ KAMBAKHSH**

Hann var sakaður um að trufla kennslu með spurningum um réttindi kvenna, auk þess sem hann er sagður hafa dreift grein um íslam með ólöglegum hætti.

Upphaflega hlaut hann dauðadóm, en sá dómur var felldur úr gildi eftir alþjóðleg mótmæli. **- gb**

### STANGVEIÐI

**Fjórtán þúsund laxar**

Alls voru 14.315 laxar skráðir upp úr Ytri-Rangá á veiðitímabili sumarins sem lauk á mánudaginn. Að því er segir á vef leigutaka árinnar, Lax-á ehf., er þetta tvöföldun á fyrra Íslandsmeti úr einni á. Umfangsmiklar seiðasleppingar eru í Ytri-Rangá.

### VIÐSKIPTI

**Greiðslustöðvun framlengd**

Héraðsdómur Reykjavíkur samþykkti í gær beiðni Stoða um framlenginu heimildar til greiðslustöðvunar til 20. janúar næstkomandi. Stærstu lánardrottnar félagsins, sem fara með yfir 50 prósent skulda félagsins, höfðu áður lýst yfir stuðningi við framlengingu greiðslustöðvunarinnar, samkvæmt tilkynningu Stoða.

Framkvæmdastjórn ESB:

## Ashton arftaki Mandelsons

**BRUSSEL, AP Catherine Ashton, barónessa og fyrrverandi forseti lávarðadeildar breska þingsins, hlaut í gær staðfestingu Evrópuþingsins í embætti viðskiptamálastjóra sambandsins.**



**CATHERINE ASHTON**

**Breska stjórnin tilnefndi Ashton í embættið eftir að forsætisráðherrann Gordon Brown fékk Peter Mandelson til að gegna ráðherradómi í Lundúnum á ný eftir að hafa farið með viðskiptamál í framkvæmdastjórn ESB síðan árið 2004.**

**Ashton hefur sagst munu reyna sitt besta til að endurvekja hinar strönduðu alþjóðaviðræður um aukið frelsi í viðskiptum með búvörur. - aa**

Alcoa vegna álvers á Bakka:

## Matsáætlun lögð fram

**IÐNAÐARMÁL** Alcoa hefur lagt fram tillögu að matsáætlun vegna álvers á Bakka við Húsavík.

Tillagan gerir ráð fyrir allt að 346.000 tonna framleiðslugetu. Áformað er að hefja framleiðslu á áli á árabilinu 2012 til 2014, háð því hvenær orka er tilbúin til afhendingar.

Áætlað er að álverið nái fullum afköstum árið 2015. Lengd byggingartíma miðast við að samþætta framkvæmdahraða og hugsanlega áfangaskiptingu verksins við framboð á orku.

Áætlað er að 3.000-4.000 ársverk verði til vegna byggingar álvers á Bakka og að 300-450 manns starfi í álverinu á fullum afköstum. **- shá**




## VEÐURSPÁ



**Sigurður Þ. Ragnarsson** veðurfræðingur

**VONSKUVEÐUR**
Mjög djúp lægð stýrir nú veðrinu hjá okkur. Með morgninum verður norðaustan stormur vestast á Vestfjörðum en síðdegis og í kvöld verður norðvestan og vestan stormur við suðvestur- og suðurströndina. Annars staðar verður hann suðlægur, 10-18 m/s. Það fylgir þessu veðri tölvuverð úrkoma, rigning syðst en slydda vestan til. Þurrt lengst af NA-til.



**Á MORGUN**
15-23 m/s á Vestfjörðum annars 8-15 m/s

**LAUGARDAGUR**
13-18 m/s NA-til og A-til annars mun hægari

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 20° |
| Amsterdam | 15° |
| Basel | 13° |
| Berlín | 12° |
| Billund | 12° |
| Eindhoven | 14° |
| Frankfurt | 13° |
| Friedrichshafen | 12° |
| Gautaborg | 12° |
| Kaupmannahöfn | 13° |
| Las Palmas | 23° |
| London | 15° |
| New York | 12° |
| Orlando | 27° |
| Osló | 10° |
| París | 14° |
| Róm | 23° |
| Stokkhólmur | 11° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.



Rannsóknir í félagsvísindum IX

# Opnir fyrirlestrar

Allir velkomnir - Aðgangur ókeypis

# Föstudaginn
## 24. október 2008

**kl. 9-17 í Odda, Háskólatorgi og Lögbergi**

31 málstofa · 117 fyrirlestrar

2008

Þjóðarspegillinn

### Félagsráðgjafardeild, félags-og mannvísindadeild, sálfræðideild og stjórnmálafræðideild

**Mannfræði** kl. 09-11
Jo Toreberg
Jónína Einarsdóttir
Kristín Erla Harðardóttir
Kristín Loftsdóttir
Sveinn Eggertsson

**Alþjóðastjórnmál** kl. 09-11
Bjarni Már Magnússon
Pétur Dam Leifsson
Baldur Þórhallsson
Silja Bára Ómarsdóttir

**Skynjun** kl. 09-11
Árni Gunnar Ásgeirsson og Árni Kristjánsson
Árni Kristjánsson
Jörgen Pind
Kamilla Jóhannsdóttir, Elínborg S. Freysdóttir og Gyða B. Aradóttir

**Kennslumál** kl. 09-11
Anna Ólafsdóttir
Brynhildur Þórarinsdóttir og Rafn Kjartansson
Gyða Jóhannsdóttir
Guðmundur Kristján Óskarsson

**Atvinnulífsfélagsfræði** kl. 09-11
Margrét Einarsdóttir
Dagbjört L. Kjartansdóttir Bergmann og Guðbjörg Linda Rafnsdóttir
Thamar M. Heijstra og Guðbjörg Linda Rafnsdóttir
Ásta Snorradóttir, Guðbjörg Linda Rafnsdóttir og Sigurður Thorlacius

**Þjóðfræði** kl. 11-13
Terry Gunnell
Óli Gneisti Sóleyjarson
Júlíana Þóra Magnúsdóttir

**Stjórnmálafræði** kl. 11-13
Hannes Hólmsteinn Gissurarson
Unnur Valgerður Ingólfsdóttir
Grétar Þór Eyþórsson

**Sálfræði** kl. 11-13
Ívar Snorrason, Jakob Smári og Ragnar P. Ólafsson
Magnús Kristjánsson
Kristín Guðmundsdóttir

**Uppeldis og menntafræði** kl. 11-13
Guðný Guðbjörns
Þórdís Þórðardóttir
Sigurlína Davíðsdóttir

**Fjölskyldumál** kl. 11-13
Auður Arna Arnardóttir
Guðný Björk Eydal
Ársæll Arnarsson og Þóroddur Bjarnason
Ingólfur V. Gíslason

**Félagsráðgjöf** kl. 13-15
Anni G. Haugen
Halldór S. Guðmundsson
Sigurveig H. Sigurðardóttir
Steinunn Hrafnsdóttir

**Fjölmiðlafræði** kl. 13-15
Þorbjörn Broddason
Birgir Guðmundsson og Sóley Björk Stefánsdóttir
Kjartan Ólafsson
Anton Örn Karlsson

**Mælingar og mat** kl. 13-15
Einar Guðmundsson og Guðmundur B. Arnkelsson
Sólveig Ása Árnadóttir og Elín Díanna Gunnarsdóttir
Sigrún Sveinbjörnsdóttir
Sif Einarsdóttir

**Fötlunarfræði** kl. 13-15
Helga Þórey Björnsdóttir og Hrefna K. Óskarsdóttir
Snæfríður Þóra Egilsson
Hanna Björg Sigurjónsdóttir
Guðrún V. Stefánsdóttir
Rannveig Traustadóttir

**Félagsfræði** kl. 13-15
Hermann Óskarsson
Jón Gunnar Bernburg og Sigrún Ólafsdóttir
Gyða Margrét Pétursdóttir
Helgi Gunnlaugsson
Þorgerður Einarsdóttir og Guðný Gústafsdóttir

**Bókasafnsfræði** kl. 15-17
Ágústa Pálsdóttir
Jóhanna Gunnlaugsdóttir
Stefanía Júlíusdóttir
Þórdís T. Þórarinsdóttir

**Unglingar í íslensku samfélagi** kl. 15-17
Guðbjörg Vilhjálmsdóttir
Jóhanna Rósa Arnardóttir
Atli Hafþórsson og Þóroddur Bjarnason
Margrét Valdimarsdóttir, Jón Gunnar Bernburg og Rannveig Þórisdóttir

### Viðskiptafræðideild og hagfræðideild

**Alþjóðaviðskipti** kl. 09-11
Hilmar Þór Hilmarsson
Auður Hermannsdóttir og Snjólfur Ólafsson
Lena Heimisdóttir og Þórhallur Guðlaugsson
Snjólfur Ólafsson og Auður Hermannsdóttir

**Stjórnun I** kl. 09-11
Árelía Eydís Guðmundsdóttir
Eðvald Möller
Guðmundur Kristján Óskarsson og Hafdís Björg Hjálmarsdóttir
Inga Jóna Jónsdóttir

**Fjármál I** kl. 09-11
Fjóla Björk Jónsdóttir og Ögmundur Knútsson
Haukur C. Benediktsson, Eva Benediktsdóttir, Friðrik H. Jónsson og Haukur Freyr Gylfason
Hildur A. Hjartardóttir, Jóhanna K. Pálsdóttir og Guðrún Johnsen
Jón Snorri Snorrason

**Ferðamál I** kl. 11-13
Edward H. Huijbens
Eyrún Jenný Bjarnadóttir
Gunnar Þór Jóhannesson
Magnfríður Júlíusdóttir

**Stjórnun II** kl. 11-13
Einar Svansson
Ingi Rúnar Eðvarðsson og Viðir Vernharðsson
Runólfur Smári Steinþórsson
Hafdís Björg Hjálmarsdóttir

**Fjármál II/Hagfræði** kl. 11-13
Stefán Gunnlaugsson
Vilhjálmur Bjarnason
Tinna Ásgeirsdóttir
Eyjólfur Sigurðsson og Helgi Tómasson

**Nýsköpun** kl. 11-14
Gunnar Óskarsson
Kristín Atladóttir
Margrét Sigrún Sigurðardóttir
Páll Ásgeir Davíðsson og Þröstur Olaf Sigurjónsson
Stella Stefánsdóttir og Runólfur Smári Steinþórsson
Örn Daníel Jónsson og Judith Sutz

**Ferðamál II** kl. 13-15
Anna Dóra Sæþórsdóttir og Katrín Anna Lund
Guðrún Helgadóttir
Martin Gren og Guðrún Þóra Gunnarsdóttir
Rannveig Ólafsdóttir

**Mannauðsstjórnun** kl. 13-15
Arney Einarsdóttir og Sigríður Þrúður Stefánsdóttir
Guðfinna Harðardóttir og Inga Jóna Jónsdóttir
Hildur Kristín Einarsdóttir og Gylfi Dalmann Aðalsteinsson
Tryggvi R. Jónsson, Haukur Freyr Gylfason og Albert Arnarson

**Hagfræði I** kl. 13-15
Ögmundur Knútsson, Helgi Gestsson og Ólafur Klemensson
Sveinn Agnarsson
Helga Kristjánsdóttir
Helgi Tómasson

**Markaðsfræði** kl. 15-17
Friðrik Eysteinsson
Friðrik Larsen, Gordon Greenley, Mark Palmer og John Rudd
Þóra Christiansen
Þórhallur Örn Guðlaugsson

**Mannauðsstjórnun/Málefni háskóla** kl. 15-17
Kristjana Fenger
Gylfi Dalmann Aðalsteinsson
Helgi Gestsson og Ögmundur Knútsson
Páll Skúlason

**Hagfræði II** kl. 15-17
Vífill Karlsson
Ragnar Árnason
Þórólfur Matthíasson
Þröstur Olaf Sigurjónsson

### Lagadeild

**Málstofa I** kl. 12-13:30
Pétur Dam Leifsson
M. Elvira Méndez Pinedo
Helgi Áss Grétarsson

**Málstofa II** kl. 13:30-15
Ása Ólafsdóttir
Eiríkur Jónsson
Trausti Fannar Valsson

**Málstofa III** kl. 15-16:30
Róbert R. Spanó
Ragna Árnadóttir
Hafdís Ólafsdóttir

H2 hönnun

UNIVERSITATIS ISLANDIAE SIGILLUM

Háskóli Íslands

Nánari upplýsingar um dagskrána á
**www.thjodarspegillinn.hi.is**

**KJÖRKASSINN**



*Sækir þú sjósund?*

| | |
|---|---|
| Já | 4% |
| Nei | 96% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Ert þú í vanskilum?*

Segðu þína skoðun á visir.is

vísir

Flugfélögin reyna að ná erlendum farþegum í stað íslenskra:

# Ísland ódýrt, skemmtilegt og kúl

**FERÐAÞJÓNUSTA** Bæði Iclelandair og Iceland Express auglýsa meira erlendis en hér heima og reyna þannig að ná erlendum flugfarþegum í stað þeirra íslensku.

„Við höfum verið að herja á breska markaðinn,“ segir Matthías Imsland, forstjóri Iceland Express, „og kynnt Ísland sem ódýrt, skemmtilegt og kúl.“ Veruleg aukning hafi orðið á bókunum að utan að undanförnu.

Í sama streng tekur Guðjón Arngrímsson, upplýsingafulltrúi Icelandair. Hann segir að hjá Icelandair hafi verið fjórðungs aukning á bókunum síðustu sjö daga. „Mest er aukningin í Bretlandi þar sem við erum að fá meira en tvöfalt fleiri bókanir en í sömu vikunni í fyrravetur,“ segir Guðjón. Ferðasíðan easier.com sagði frá því á mánudag að leit að flugi á leitarsíðunni Skyscanner, frá Bretlandi til Íslands, hafi aukist um 400 prósent síðasta mánuðinn og rekur aukninguna til falls krónunnar. Nú sé lag að heimsækja þessa eyju í Atlantshafinu sem hingað til hafi verið talin með dýrari áfangastöðum.

Fall krónunnar hefur þó ekki einungis góð áhrif á flugbókanir, því skandinavíska flugfélagið SAS varð að hætta netsölu á flugsætum með SAS frá Noregi til Íslands fyrir helgina af tæknilegum ástæðum. Vegna gengis krónunnar voru flugmiðarnir of ódýrir til að tölvukerfið gæti selt þá, að sögn fréttastofunnar NTB. **- ghs/ - ss**



**REYNT AÐ DRAGA BRETA TIL ÍSLANDS** Fleiri sækja í ódýrt Ísland nú, en á sama tíma fyrir ári. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

Eyðileggingin í Georgíu:

# Vesturlönd lofa fjárstuðningi

**BELGÍA, AP Evrópusambandið, Bandaríkin og fleiri alþjóðlegir fjárveitendur hafa heitið því að veita Georgíu 4,5 milljarða dala í fjárhagsaðstoð.**

**Féð á að nota til uppbyggingar landsins eftir eyðilegginguna, sem varð í stríði Georgíu við Rússa nú í sumar.**

**Eftir að Georgíuher réðst inn í Suður-Ossetíu réðust Rússar inn í Georgíu. Sprengjum var varpað á herstöðvar, flugvelli og herskip, auk þess sem skógareldar kviknuðu, brýr og vegir eyðilögðust og íbúðablokkir í borginni Gori urðu fyrir miklum skemmdum.** **- gb**








**HÚSLAUS GATA VIÐ URRIÐAVATN** Fjölmörgum lóðum hefur verið skilað til sveitarfélaga á undanförnum mánuðum. Um 9.000 íbúðir eru í byggingu á höfuðborgarsvæðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Fasteignir lækka um 12 prósent milli ára

**Fasteignir á höfuðborgarsvæðinu hafa lækkað um tólf prósent frá því fyrir ári. Rúmlega 9.000 íbúðir eru nú í byggingu, en 66 kaupsamningar voru gerðir í síðustu viku. Uppsagnir og gjaldþrot byggingafyrirtækja yfirvofandi.**

**FASTEIGNAMARKAÐUR** „Síðastliðinn hálfan mánuð hefur ástandið verið þannig að menn vita ekki hvar þeir eru staddir, hvað þeir skulda og eiga mikið,“ segir Jón Steindór Valdimarsson, framkvæmdastóri Samtaka iðnaðarins um stöðu byggingaverktaka í dag. „Það er mikilvægt að þokunni létti til að menn sjái hvar þeir eru staddir.“

Hann segir mjög marga byggingaverktaka í vandræðum, bæði sé yfirvofandi fjöldi uppsagna og þrot byggingafyrirtæka. Ljóst sé að verktakar þurfi að koma fasteignum sínum í verð, annaðhvort með því að selja eða leigja en markaðsaðstæður séu mjög erfiðar um þessar mundir.

Samkvæmt upplýsingum frá Fasteignamati ríkisins eru 9.033 íbúðir núna í byggingu á höfuðborgarsvæðinu. Til samanburðar voru 125.682 íbúðir fullbyggðar á landinu öllu í lok árs 2007, samkvæmt Hagstofu Íslands.

„Fólk er að bíða og sjá til með framvinduna,“ segir Ingibjörg Þórðardóttir, formaður Félags fasteignasala, en 66 kaupsamningum á höfuðborgarsvæðinu var þinglýst í síðustu viku.

Að meðaltali var um áttatíu samningum þinglýst á höfuðborgarsvæðinu vikurnar þrjár þar á undan. Í fyrra var þinglýst 191 samningi að meðaltali á viku. Haldi áfram sem horfir muni það taka að minnsta kosti tvö til þrjú ár að selja þær íbúðir sem nú eru í byggingu. Ingibjörg segir að fólk bíði eftir upplýsingum um hvort breytingar verði á fasteignalánum, nú þegar bankarnir eru aftur komnir í ríkiseigu, eða breytingar verði á reglum Íbúðalánasjóðs.

Íbúðaverð á höfuðborgarsvæðinu hafði í september lækkað um tólf prósent á ársgrundvelli, segir Magnús Árni Skúlason, sérfræðingur í húsnæðismálum. Ásgeir Jónsson, forstöðumaður greiningadeildar Kaupþings, bendir á að þegar hlutabréf og og aðrar eignir lækki í verði sé líklegt að fasteignaverð geri það líka.

Ingibjörg segir hugsanlegt að fasteignaverð lækki eitthvað áfram, en „það þarf að standa vörð um eignir landsmanna. Það er ekki nóg að horfa á húsaleigumarkað.“

Hún bendir á að ef húsnæðislán verði hærri en fasteignaverð, geti fólk freistast til að hætta að borga af lánum og leigi frekar af Íbúðalánasjóði. Það er eitt af þeim úrræðum sem Jóhanna Sigurðardóttir félagsmálaráðherra hefur lagt til fyrir fólk sem lendir í greiðsluerfiðleikum. „Er ekki nær að hjálpa fólki til að hjálpa sér sjálft?“ **svanborg@frettabladid.is**


**Sköpun – Þroski – Samvera**



Það er eitthvað einstaklega jákvætt og hlýlegt við haustið hjá A4 Skólavörubúðinni og það er aldrei of seint að hlúa að samverustundum fjölskyldunnar. Skapaðu fallegar gjafir með vönduðum hannyrða og föndurvörum.

Smiðjuvegi 5
Kópavogi
Sími: 585 0500
sala@a4.is

A4 Skólavörubúðin


Menn sem óskuðu eftir hæli hér eru grunaðir um að tengjast frelsisher Kosovó:

# Tveir Albanir fluttir til Kosovó

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglumenn frá embætti ríkislögreglustjóra munu fara með tvo Albana til Kosovó í dag, þar sem þeim hefur verið vísað frá landinu. Mennirnir eru grunaðir, ásamt þeim þriðja, um að hafa verið í frelsisher Kosovó.

Mennirnir komu 4., 10. og 11. október til landsins og óskuðu eftir hæli. Við eftirgrennslan lögreglu kom í ljós að tveir mannanna höfðu komið frá Þessaloníku í Grikklandi með dags millibili, en farið mismunandi leiðir.

Lögregla leitaði í fórum mannanna og fann myndir í síma sem sýndu þá saman hér á landi og einnig myndir af tveimur þeirra þungvopnuðum í útlöndum. Vaknaði þá grunur um að þeir tengdust frelsisher Kosovó.

Taldi lögreglan, með vísan til greinargerðar greiningardeildar Ríkislögreglustjóra um frelsisher Kosovó, að tveir mannanna kynnu að vera hættulegir og fór fram á gæsluvarðhald yfir þeim á meðan á rannsókn málsins stæði.

Gæsluvarðhaldið rann út í gær.

Þriðji maðurinn hefur verið dæmdur í eins mánaðar fangelsi fyrir skjalafals þar sem hann framvísaði vegabréfi annars manns. **- jss**



**KOSOVÓ** Mennirnir verða fluttir til síns heima í Kosovó í dag.



# TAX FREE DAGAR

Dagana 23.-26. október
afnemum við VSK af
ÖLLUM FATNAÐI.

Þú færð allan dömu-,
herra- og barnafatnað,
undirföt, sokka
og sokkabuxur án
virðisaukaskatts
þessa fjóra daga.

*Fatnaður á alla fjölskylduna*

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður sinn virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin er alfarið á kostnað Hagkaupa.

Tilboðin gilda út sunnudaginn 26. október 2008.

OPIÐ til 20 alla daga

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*




Ríkissaksóknari ákærir karlmann um þrítugt sem hefur afplánað á Litla-Hrauni:

# Hótaði lífláti og limlestingum

**DÓMSMÁL** Ríkissaksóknari hefur ákært karlmann um þrítugt fyrir ítrekaðar hótanir um líflát og limlestingar í garð starfsmanna í fangelsinu að Litla-Hrauni á afplánunartíma hans þar.

Honum er gefið að sök að hafa hótað deildarstjóra í fangelsinu að ráðast inn á heimili hans og fjölskyldu hans og valda þar eignaspjöllum með því að taka þar til.

Síðar réðst fanginn á deildarstjórann og hrækti á hann þannig að hrákinn lenti á einkennisskyrtu hans.

Þá hótaði maðurinn fangaverði að smita hann með eyðni og lifrarbólgu C. Hann hótaði þessum sama fangaverði og starfsbróður hans að drepa þá. Það væri ekkert mál að koma byssu inn í fangelsið og þeir væru fyrstir á lista hjá honum.


**LITLA-HRAUN** Starfsfólkið sætti sífelldum hótunum.

Fangelsislæknir varð einnig fyrir barðinu á manninum sem hótaði honum að stinga hann með sprautu svo hann smitaðist af HIV.

Þannig lét maðurinn hótanir dynja á starfsmönnum Litla-Hrauns bæði með orðum og látbragði. Meðal annars hótaði hann fangaverði að koma á heimili hennar, skaða hana með bitlausum skærum og drepa hana er hann væri laus úr fangelsi, að því er segir í ákæru. Þá hrækti hann í andlit annars fangavarðar. Ákæran á hendur manninum er í fjórtán liðum. Hann neitaði sök við þingfestingu málsins. **- jss**

# Fann 122 ára grein sem á vel við í dag

**Í Hnífsdal fannst 122 ára gömul blaðagrein milli þilja í gær en sá sem hana fann segir engu líkara en hún hafi verið rituð í gær. Lesendur eru hvattir til að herða upp hugann og dvelja ekki við sögur af bágindum og hrakförum þó hart sé í ári.**

**SAMFÉLAGSMÁL** „Það er engu líkara en þetta hafi verið ritað í gær,“ segir Hjalti Guðröðsson, starfsmaður verktakafyrirtækisins Spýtunnar, en hann rakst á 122 ára gamla blaðagrein milli þilja í gær þegar hann var að rífa niður skemmda veggi í húsi í Hnífsdal. Húsið hafði orðið fyrir brunaskemmdum í síðasta mánuði.

Í greininni, sem birtist í Ísafold, er brýnt fyrir lesendum að missa ekki móðinn þótt útlitið sé svart. Þar segir meðal annars: „Ástand lands vors er nú eins og stendur sannarlegt hættuástand: veðurátt ill og hörð, allir aðalatvinnuvegir ógreiðir, verzlun og stjórn óhagstæð. Í slíkum kringumstæðum gætir mest, að landsmenn missi ekki móðinn.“

Hjalti segir að þótt váin sem nú blasi við sé vissulega af öðrum toga sé boðskapur greinarinnar eins og úr nýprentuðu fréttablaði. „Þarna er til dæmis mikið fjallað um það að hætta sé á því að fólk kunni að hverfa af landi til að leita að betri lífsskilyrðum í útlöndum,“ segir Hjalti en það ber nokkurn keim af fréttum þessa dagana um að fólk í ákveðnum stéttum sé farið að huga að atvinnutækifærum erlendis eftir að syrta tók í álinn hér á landi.

Skrifari hvetur fólk til að spara og gefa sig síður að sögum af hrakförum og bágindum sem dragi móð úr mönnum sem fara þá kannski á sveitina en slíkt er mikil vá fyrir þjóðfélagið að sögn greinarhöfundar. En einnig virðist hann nokkuð framsýnn því hann segir: „Fiskveiðar í sjó og vötnum eru að voru áliti einn höfuðþáttur í framtíðarvon lands vors; þess vegna ríður á að veita þeim athygli.“

„Það er algengt að finna blöð milli þilja og ég hef ósköp gaman af því að lesa þetta,“ segir Hjalti. „Þannig að ef seinlega gengur að rífa þá er líklegasta skýringin sú að ég hef dottið niður á gamalt og gott lesefni,“ segir hann og hlær við. Hann telur þessa grein vera ágætt innilegg í kreppuumræðuna sem nú tröllríður þjóðinni. „Það er ágætt að minnast þess að þjóðin hefur áður horft fram á svarta tíma og ekki látið bugast,“ segir hann.

Á fréttavefnum bb.is segir að húsið hafi verið byggt árið 1908 svo þetta innlegg hefur beðið umræðunnar milli þilja í heila öld. **jse@frettabladid.is**



**HJALTI MEÐ BLAÐAGREININA** Blaðagreinin sem fannst milli þilja virðist ekki svo ólík þeim sem Hjalti fær inn um lúguna þótt 122 ár skilji þær að.
MYND/SVEINBJÖRN HALLDÓRSSON BB.IS

Finnska og sænska ríkisstjórnin með aðgerðir til stuðnings bönkunum:

# Áætlunin gildir út næsta ár

**SVÍÞJÓÐ** Ríkisstjórnir Svíþjóðar og Finnlands hafa kynnt til hvaða aðgerða verður gripið til stuðnings bönkunum. Aðgerðapakkinn gildir fram á næsta ár og í sumum tilfellum út árið eins og til dæmis í Finnlandi.

Sænska ríkisstjórnin hefur kynnt áætlun sem miðar að því að ná jafnvægi og ró til lengri tíma á sænskum fjármálamarkaði. Ríkisstjórnin hyggst leggja fram 1.500 milljarða sænskra króna, eða jafnvirði tæplega 23.000 milljarða íslenskra króna til að styðja banka, húsnæðisfélög og íbúðalánasjóði.

Upphæðin er hámarksupphæð, að sögn sænska blaðsins Dagens Nyheter. Mats Odell, fjármálamarkaðsráðherra Svíþjóðar, segir að þetta séu aðgerðir til að styðja við fyrirtæki og heimili í Svíþjóð og meðal annars eigi að koma á fót sérstökum stöðugleikasjóði. Aðgerðirnar eru tímabundnar og gilda til 30. apríl með möguleika á framlengingu til ársloka 2009.

Finnska ríkisstjórnin hefur tilkynnt aðgerðaáætlun upp á 7.500 milljarða íslenskra króna í þriggja mánaða til fimm ára ábyrgð til bankanna. Þessi áætlun gildir út næsta ár. Þessu til viðbótar kemur ýmislegt annað til greina, að sögn finnska ríkisútvarpsins YLE, eins og til dæmis að ríkið fjárfesti í bönkunum til að auka stöðugleika.


**KYNNA AÐGERÐAPAKKA** Finnsk og sænsk stjórnvöld hafa kynnt aðgerðapakka en Norðmenn kynntu sinn fyrir rúmri viku. Myndin er af öllum forsætisráðherrum á Norðurlöndum.
FRÉTTABLAÐIÐ/NORDEN.ORG

Í Noregi hefur umræðan síðustu daga snúist um meint innherjasvik en talið er að starfsmenn norska bankans DnB NOR hafi fengið upplýsingar um aðgerðaáætlun norsku ríkisstjórnarinnar og tekist að selja hluti í bankanum áður en hún var kynnt fyrir rúmri viku. **- ghs**

# FK FJARÐARKAUP

# Íslenskir dagar
## í Fjarðarkaupum
### 16.–25. október

**Svínakótilettur kjötborð**
1.098 kr.kg
ÁÐUR 1.398 kr.kg

**Svína bógur kjötborð**
498 kr.kg
ÁÐUR 748 kr.kg

**Svínalundir kjötborð**
1.398 kr.kg
ÁÐUR 2.198 kr.kg

**Hambogarar 4stk b/brauði**
396 kr.pk
ÁÐUR 498 kr.pk

**Bayonne skinka**
998 kr.kg
ÁÐUR 1.175 kr.kg

**Jurtakryddað lambalæri**
1298 kr.kg
ÁÐUR 1699 kr.kg

**Nautahakk 1fl.**
998 kr.kg
ÁÐUR 1.248 kr.kg

**London lamb**
1.199 kr.
ÁÐUR 1998 kr.

**Blóðmör frá fjallalambi**
530 kr.kg
ÁÐUR 757 kr.kg

**Gríms plokkfiskur**
958 kr.kg

**Kjúklingabringur**
1.770 kr.kg
ÁÐUR 2.949 kr.kg

**Lifrapylsa frá Fjallalmbi**
558 kr.kg
ÁÐUR 797 kr.kg

**Reykt folaldakjöt**
489 kr.kg
ÁÐUR 771 kr.kg

**Saltkjöt**
595 kr.kg
ÁÐUR 772 kr.kg

**Kjúklingur ferskur 1/1**
540 kr.
ÁÐUR 899 kr.

Opið mánudaga - miðvikudaga frá 09:00 - 18:00, fimtudaga 09:00 - 18:30, föstudaga 09:00 - 19:00 og laugardaga 10:00 - 16:00, lokað sunnudag

FK FJARÐARKAUP




Dómur fallinn í hryðjuverkaréttarhöldum yfir tveimur mönnum í Danmörku:

# Dæmdir í sjö og tólf ára fangelsi

**DANMÖRK, AP** Tveir danskir ríkisborgarar, Hammad Khuershid og Abdoulghani Tokhi, voru dæmdir í fangelsi fyrir að hafa skipulagt hryðjuverk. Annar þeirra hlaut fangavist til sjö ára, en hinn til tólf ára.

Khuershid, sem er af pakistönskum uppruna, og Tokhi, sem er af afgönskum uppruna, voru handteknir í september á síðasta ári. Þeir höfðu þá verið kvikmyndaðir með leynd þar sem þeir voru að blanda saman sprengjuefni af sömu gerð og notað var í árásunum á samgöngukerfið í London sumarið 2004.

Við húsleitir heima hjá þeim fundust handskrifaðar leiðbeiningar um sprengjugerð. Fyrir rétti var fullyrt að Khuershid hefði afritað leiðbeiningarnar í Rauðu moskunni í Islamabad í Pakistan, þar sem talibanar hafa haft ítök.



**HANDTEKNIR FYRIR ÁRI** Bifreið með öðrum manninum ekið frá dómhúsi í Kaupmannahöfn. NORDICPHOTOS/AFP

Ekki þótti ljóst hvort þeir hefðu verið að undirbúa hryðjuverk í Danmörku eða í öðrum löndum.

Báðir lýstu mennirnir sig saklausa af þessum ákærum og sögðu sprengiefnin einungis ætluð til að búa til flugelda. Danska leyniþjónustan byrjaði að fylgjast með þeim eftir að ábending hafði borist frá erlendri leyniþjónustu. Símtöl voru hleruð, fylgst var með tölvupósti og falin myndavél sett upp í íbúð Khuershids. Öfgamenn hafa hvað eftir annað hótað árásum á Danmörku eftir að skopmyndirnar af Múhameð spámanni birtust í dönsku dagblaði fyrir tveimur árum. - gb

# Leiðtogar á rökstóla um kreppuviðbrögð

**Ákveðið hefur verið að leiðtogar helstu ríkja heims komi saman í Washington um miðjan nóvember til að hrinda af stað röð leiðtogafunda um viðbrögð við alþjóðlegu fjármálakreppunni. „Stefna afskiptaleysis er dauð,“ segir Nicolas Sarkozy.**

**BANDARÍKIN, AP** Leiðtogafundur um heimskreppuna verður haldinn í Washington 15. nóvember næstkomandi. Þetta tilkynnti talsmaður George W. Bush Bandaríkjaforseta í gær, en fundurinn á að verða sá fyrsti í röð funda þar sem leiðtogar heims setjast á rökstóla um viðbrögð við hinni alþjóðlegu fjármálakreppu sem nú lítur út fyrir að ætla að valda langvinnum samdrætti í efnahagslífi heimsins.

Talsmaður Hvíta hússins, Dana Perino, sagði að á fyrsta fundinum yrði sjónum fyrst og fremst beint að undirliggjandi orsökum fjármálakreppunnar, hinum hnattrænu viðbrögðum við henni og á hvaða hugmyndum væntanleg endurskoðun á reglum um hið alþjóðlega fjármálakerfi skuli byggð.

Á fundinn hafa verið boðaðir leiðtogar Japans, Bretlands, Frakklands, Þýskalands, Ítalíu, Kanada, Bandaríkjanna, Evrópusambandsins, Kína, Brasilíu, Indlands, Rússlands, Suður-Kóreu og fleiri lykilríkja. Perino sagði að væntanlegur sigurvegari bandarísku forsetakosninganna, sem fara fram 4. nóvember, yrði beðinn að sitja fundinn einnig, en hann verður settur í embætti 20. janúar næstkomandi.

Perino sagði að gera mætti ráð fyrir að leiðtogarnir kæmu á þennan fyrsta fund með ólíkar hugmyndir um það hvernig bregðast skuli við ástandinu og því væri þess ekki að vænta að neinar áþreifanlegar niðurstöður kæmu út úr viðræðunum strax.

Áformað er að á fyrsta fundinum verði skipaðir vinnuhópar sem fái það verkefni að þróa tillögur sem lagðar verði til grundvallar viðræðum leiðtoganna á fundunum sem á eftir fylgja.




**VILL NÝTT REGLUVERK** Nicolas Sarkozy, forseti Frakklands sem gegnir nú formennsku í Evrópusambandinu, ávarpar Evrópuþingið í Strassborg í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Á undirbúningsfundi sem Nicolas Sarkozy, forseti Frakklands sem er í forsæti Evrópusambandsins þetta misserið, og Jose Manuel Barroso, forseti framkvæmdastjórnar ESB, áttu með Bush Bandaríkjaforseta í Camp David í Maryland um síðustu helgi var stefnan sett á að halda þessa leiðtogafundaröð, með þeim orðum að alþjóðasamfélagið verði að taka höndum saman að því að finna lausnir á hinni hnattrænu fjármálakreppu.

Bush tók strax fram að hverjar þær ráðstafanir sem leiðtogar heimsins komi sér saman um verði að varðveita grunngildi þess sem hann kallaði lýðræðislegan kapítalisma, sem felst aðallega í frjálsum mörkuðum, frjálsu framtaki og frjálsum viðskiptum.

Sarkozy vill aðrar áherslur; hann hefur sagt að endurskoða þurfi heimskapítalismann og setja honum skorður með skilvirku eftirliti. „Stefna afskiptaleysis er dauð,“ lýsti Sarkozy yfir nýlega. „Hinn alvaldi markaður sem alltaf veit betur er úr sögunni.“ Þessa skoðun sína ítrekaði hann í ræðu á Evrópuþinginu í Strassborg í gær.

Hlutabréfaverð tók dýfu á mörkuðum um allan heim í gær eftir að bandarísk fyrirtæki birtu lakari afkomutölur en búist var við, sem kynti undir svartsýni.

audunn@frettabladid.is

Helmingsfjölgun milli ára á þeim sem greinast með lifrarbólgu B:

# Mengaðar sprautur og nálar valda stórfjölgun smitaðra

**HEILBRIGÐISMÁL** Helmingsfjölgun á einstaklingum sem greinst hafa með lifrarbólgu B á milli áranna 2007 og 2008 er talin stafa af því að fíklar nota mengaðar sprautur og nálar.

Á fyrri helmingi síðasta árs greindust nítján með lifrarbólgu B en 38 á fyrri árshelmingi nú. Þetta kemur fram í nýjum Farsóttarfréttum Landlæknisembættisins.

Tólf, eða 32 prósent þeirra sem greinst hafa það sem af er árinu, eru af erlendu bergi brotnir. Þetta er nokkuð óvenjulegt að því er fram kemur í Farsóttarfréttum, þar sem nýbúar hafa hingað til verið í meirihluta þeirra sem greinast með sjúkdóminn.

Enn sem fyrr greinast margir með lifrarbólgu C hér á landi. Fyrstu sex mánuði ársins greindist 41 með sjúkdóminn en svipað og árið 2007 á sama tíma. Flestir þeirra sem greinast með lifrarbólgu C hafa neytt fíkniefna með menguðum sprautum og nálum.

Þá höfðu þrír einstaklingar greinst með HIV-




sýkingu á fyrstu sex mánuðum þessa árs. Það er sami fjöldi og greindist á sama tíma í fyrra. Þeir sem greinst hafa á þessu tímabili eru af erlendu bergi brotnir. - jss


DUX 7007
„Besta rúm í heimi“
Wallpaper 2005
Einstakt tækifæri
TILBOÐ
kr. 986.000
Takmarkað magn
DUX®
Burj Al Arab Hotelið í Dubai
valdi DUX 7007 í allar sínar 200 suitur
Fullt verð kr 1.322.000
DUX 1001 / Orginal
á gamla góða genginu (apríl 2008)
180x200 (2x90) aðeins kr. 299.000
DUXIANA®
ADVANCED TECHNOLOGY IN SLEEPING
Ármúla 10 • Sími: 5689950
duxiana.is



**HÖRMUNGAFLÓÐ** Hér sést þegar Líkkista hins þriggja ára Pablo Goday, sem drukknaði í miklum flóðum í bænum El Progresso í Hondúras, var borin gegnum bæinn í gær. Neyðarástand ríkir á svæðinu vegna mikilla rigninga síðustu viku. Að minnsta kosti fjórtán hafa látið lífið og tveir eru týndir, Þúsundir hafa þurft að yfirgefa heimili sín og uppskera hefur víða skemmst. NORDICPHOTOS/AFP

Bankastjóri Landsbankans blés á gagnrýni Rabobank í sumar:

# Sagði gagnrýni á Icesave ekki svaraverða

**EFNAHAGSMÁL** „Það tekur því ekki að svara svona ummælum, þetta er ekki svaravert,“ segir Sigurjón Árnason, bankastjóri Landsbankans, í samtali við Viðskiptablaðið í júlí á þessu ári. Ummælin sem Sigurjón taldi ekki svaraverð komu frá Bert Heemskerk, formanni bankaráðs hollenska bankans Rabobank, en hann hélt því fram í ríkissjónvarpi Hollands 7. júlí að áreiðanleiki Landsbankans væri enginn.

Heemkerk varaði Hollendinga einnig við því að leggja fé sitt inn á Icesave-reikninga.

Sigurjón sagði ummælin ekki koma til með að skaða Landsbankann og sagði að vel gengi að afla reikningseigenda að Icesave í Hollandi. Nokkrum dögum eftir að Sigurjón blés á þessar áhyggjuraddir Heemkerks voru skýrslur tveggja breskra hagfræðinga kynntar á málþingi Landsbankans.

Í niðurstöðum hagfræðingana kom fram að annaðhvort þyrfti að skipta um gjaldmiðil eða bankarnir að draga úr erlendum umsvifum því stærð þeirra stefndi hagkerfinu í hættu. Annar skýrsluhöfundanna, hefur sagt að íslenska bankahrunið hafi verið fyrirsjáanlegt.

Gylfi Zöega prófessor tók undir það í Morgunblaðinu á dögunum.

Ekki er enn vitað hve háa upphæð Íslendingar þurfa að greiða Hollendingum vegna Icesave-reikninganna.

Financial Times segir að verið sé að leggja lokahönd á hátt í 600 milljarða króna lán til Íslendinga frá Bretum vegna Icesave-reikninga.

Fréttablaðið reyndi í gær, án árangurs, að ná tali af Ásgeiri Friðgeirssyni, upplýsingafulltrúa Björgólfsfeðga sem eru eigendur Landsbankans, til að leita svara við því hvort, hvernig og hvenær viðbragða þeirra vegna málsins væri að vænta. - kdk



**SIGURJÓN ÁRNASON** Fyrrverandi bankastjóri Landsbankans neitaði að svara gagnrýni formanns bankaráðs hollenska bankans Radobank fyrir fáeinum mánuðum.


PIPAR • SÍA • 82006



# HÖND Í HÖND

**Grænt númer fyrir Kópavogsbúa.**
Í því erfiða ástandi sem skapast hefur við hrun á fjármálamarkaði hafa Kópavogsbær, prestar í Kópavogi, Menntaskólinn í Kópavogi, heilsugæslan og Kópavogsdeild Rauða krossins tekið höndum saman til að styðja við Kópavogsbúa.

**800 5500**
**Gegn vanlíðan og óvissu**

**Ráðgjafaver** hefur verið sett á laggirnar í síma 800 5500 til að veita íbúum sem glíma við **vanlíðan og erfiðleika vegna ástandsins** stuðning og leiðsögn. Í ráðgjafaveri svara **félagsráðgjafar**, **prestar** og **sálfræðingar** símanum og veita liðsinni sitt. Þar er einnig hægt að fá upplýsingar um hvert er hægt að leita eftir frekari aðstoð.

**Ráðgjafaverið er opið virka daga frá kl. 9 til 17**

ÞJÓÐKIRKJAN
MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI
KÓPAVOGUR GRAMMAR SCHOOL
HEILSUGÆSLAN KÓPAVOGI
Rauði kross Íslands Kópavogsdeild

**KÓPAVOGSBÚUM ER EINNIG BENT Á EFTIRTALDA AÐILA OG STOFNANIR:**

**Kópavogsbær**, www.kopavogur.is
Eitt númer í þjónustuveri, **570 1500**
*Félagsþjónustan*, bakvaktarsími barnaverndar 862 5975
*Fræðslusvið:* leik- og grunnskólar
*Tómstunda og menningarsvið:* íþróttir og æskulýðs- og menningarmál

**Prestarnir í Kópavogi**
*Digraneskirkja:* 554 1620 og 554 1630 – www.digraneskirkja.is
*Kópavogskirkja:* 554 1898 – www.kopavogskirkja.is
*Hjallakirkja:* 554 6716 – www.hjallakirkja.is
*Lindakirkja:* 544 4477 – www.lindakirkja.is

**Menntaskólinn í Kópavogi**, www.mk.is
*Aðalnúmer:* 594 4000
*Námsráðgjafar:* 594 4014 og 594 4018
*Hjúkrunarfræðingur*

**Kópavogsdeild Rauða krossins**, www.redcross.is/kopavogur
*Aðalnúmer:* 554 6626
*Hjálparsíminn:* **1717**
*Heimsóknavinir - Fataúthlutun*

**Heilsugæslan í Kópavogi**
*Hamraborg:* 594 0500 – www.hg.is
*Hvammur:* 594 0400 – www.hg.is
*Heilsugæslan Salahverfi:* 590 3900 – www.salus.is

**Mæðrastyrksnefnd Kópavogs**, 867 7251

**Neyðarlínan 112**

**Félags- og tryggingamálaráðuneytið**, 800 1190
www.felagsmalaraduneyti.is/upplysingar
*Erlend tungumál:* English - Polski - ภาษาไทย - Srpski


Þriðji ársfjórðungur 2008:

# Nýherji tapar 262 milljónum

**VIÐSKIPTI** Nýherji tapaði tæpum 262 milljónum króna eftir skatta á þriðja ársfjórðungi, samkvæmt uppgjöri sem birt var í gær. Fyrstu níu mánuði ársins nemur tap félagsins 694 milljónum, en 302 milljóna króna hagnaður var á sama tíma í fyrra.

Haft er eftir Þórði Sverrissyni, forstjóra Nýherja, í tilkynningu félagsins, að fjárhagsstaða félagsins sé traust og að eiginfjárhlutfall sé 25,4 prósent þrátt fyrir gjaldfærslu á 730 milljóna króna gengistapi á árinu. Hann segir rekstur grunnstarfsemi félagsins samkvæmt áætlun og sama gildi um dótturfélög hér og hugbúnaðarstarfsemi erlendis. - óká



**EVO MORALES** Forseti Bólivíu veifar stjórnarskránni. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Morales vann sigur:

# Stjórnarskráin var samþykkt

**BÓLIVÍA, AP** **Evo Morales, forseti Bólivíu, táraðist þegar þjóðþing landsins hafði samþykkt stjórnarskrárbreytingar, sem færa frumbyggjum landsins aukin völd.**

**„Nú get ég gengið hamingjusamur í gröfina því ég hef gegnt skyldu minni við bólivísku þjóðina,“ sagði Morales við mannfjöldann sem safnaðist saman í höfuðborginni La Paz til að fagna niðurstöðunni.**

**Nýja stjórnarskráin verður borin undir þjóðaratkvæðagreiðslu 25. janúar næstkomandi.**

**Morales hafði barist hart fyrir breytingunum, en hann er fyrsti forseti landsins úr röðum frumbyggja.** - gb

Fimm fangar í Guantanamo:

# Ákærur voru felldar niður

**BANDARÍKIN, AP** Bandaríkjaher hefur fellt niður ákærur á hendur fimm föngum í Guantanamo-fangabúðunum á Kúbu. Enginn þeirra hefur þó verið látinn laus, og hugsanlega verða nýjar ákærur gefnar út síðar.

Darrel Vandeveld, fyrrverandi saksóknari hersins, segir réttarhöldin yfir mönnunum fimm hafa verið ranglát vegna þess að herinn hafi haldið leyndum sönnunargögnum sem hefðu gagnast verjendum mannanna.

Vandeveld sagði af sér sem saksóknari vegna þessa. - gb


512 50 50 Auglýsingasími




– Mest lesið

Velferðarráð og SÁÁ:

## Samningar um búsetuúrræði

**HEILBRIGÐISMÁL** Á fundi Velferðarráðs Reykjavíkurborgar í gær var samþykkt að ganga til samninga við SÁÁ um rekstur á nýju búsetuúrræði með félagslegum stuðningi.

Í tilkynningu frá Reykjavíkurborg kemur fram að um sé að ræða búsetuúrræði fyrir allt að 20 einstaklinga sem hætt hafa neyslu áfengis- eða vímuefna, en þurfa á umtalsverðum stuðningi að halda til að ná tökum á lífi sínu. Þeir fá húsaskjól, félagslegan stuðning og endurhæfingu.

Nokkuð hefur verið deilt um málið í borgarkerfinu. - kg

Fyrsta geimfarinu frá Indlandi skotið til tunglsins:

# Indverjar ætla að kortleggja tunglið betur

**INDLAND, AP** Indverjar hafa sent fyrsta ómannaða geimfar sitt út í geiminn áleiðis til tunglsins. Tilgangurinn er meðal annars að kortleggja tunglið með nákvæmari hætti en áður hefur verið gert, bæði yfirborð þess og jarðlögin undir yfirborðinu.

Geimfarið heitir Chandrayaan-1 og er indverskt að öðru leyti en því að háþróuð kortagerðartæki eru fengin frá Bandaríkjunum.

„Þetta er stórkostlegt tækniafrek fyrir landið,“ segir S. Satish, talsmaður indversku geimrannsóknastöðvarinnar, en áður hafa Indverjar einkum skotið á loft veðurhnöttum og fjarskiptahnöttum.

Þótt meira en fjórir áratugir séu síðan Bandaríkjamenn og Rússar sendu fyrstu geimförin til tunglsins, þá er jarðfræði þess minna þekkt en jarðfræði reikistjörnunnar Mars, sem hefur verið ítarlega könnuð á síðustu árum.

Bandaríska geimferðastofnunin NASA hefur sent könnunarferð til hinna köldu pólasvæða á Mars, en ekki á póla tunglsins, þar sem landslagið þar er miklu hrjúfara en á svæðunum sem tunglfarar Bandaríkjanna lentu á og könnuðu.

Áður hafa Bandaríkin, Rússar, Geimferðastofnun Evrópu, Japan og Kína sent geimför til tunglsins, en einungis Bandaríkjamenn hafa þó sent þangað mönnuð geimför. - gb



**INDVERSKA TUNGLFARIÐ CHANDRAYAAN-1** Tveggja ára könnunarleiðangur til tunglsins hófst í gær. NORDICPHOTOS/AFP



**INNBROT** 786 innbrot voru framin á þriðja fjórðungi þessa árs.

Afbrotatölfræði lögreglunnar:

## Fleiri innbrot seinni hluta árs

**LÖGREGLUMÁL Fleiri innbrot voru framin á þriðja fjórðungi þessa árs en fyrri tvo. Brotin voru 786 á þeim þriðja en 513 á öðrum ársfjórðungi og 516 á þeim fyrsta. Þetta sýnir afbrotatölfræði sem birtist á vef lögreglunnar.**

**Samtals voru 1.327 hegningarlagabrot framin í september. Það eru fleiri brot en undanfarna þrjá septembermánuði.**

**Umferðarlagabrot voru fimmtán prósentum færri en í september í fyrra, 4.540 talsins. Fíkniefnabrot voru 155. Þau voru færri í september í fyrra en fleiri í september árið 2006. - hhs**

Rukkað í nafni gamla Glitnis:

## Greiðslur berast nýja bankanum

**BANKAMÁL** Afborganir viðskiptavina Glitnis af íbúðalánum í erlendri mynt munu ekki berast gamla bankanum þrátt fyrir að þeim hafi borist rukkun í hans nafni.

Viðskiptavinum Glitnis bárust tilkynningar um gjalddaga dagsettar 15. október, undirritaðar með nafni Glitnis banka hf. Þann dag hafði Nýi Glitnir banki hf. hins vegar tekið yfir alla starfsemi hans.

Þær upplýsingar fengust frá Glitni að þrátt fyrir þessa villu muni greiðslur skila sér til nýja bankans. - hhs

**EVRÓPUSAMBANDIÐ**

### Réttarbót farandverkafólks

Evrópuþingið hefur samþykkt að farandverkafólki, sem fær störf í gegnum starfsmannaleigur, verði tryggð sömu réttindi og fastráðið starfsfólk fyrirtækja hefur varðandi vinnutíma og yfirvinnu.

**EFNAHAGSMÁL**

### Bænastund í háskólanum

Kennarar guðfræðideildar ætla að leiða stuttar íhugunar- og bænastundir í kapellunni á annarri hæð í aðalbyggingunni klukkan níu á morgnana á næstunni. Hugsa á til þeirra sem þjást af áhyggjum og kvíða vetri.



VEGNA HAGSTÆÐRA SAMNIN
GERUM VIÐ EFTIRF
VIÐ ÍSLEN

20

AFSLÁ

AF ÖLLUM VÖRU

ENGAR HÆKKANIR Á V

ENGAR VÖRUR TEKNA

herra GARÐURINN -klæðir þig vel

Sighvatur Haraldsson
Verslunarstjóri Kringlunni

herra GARÐURINN -klæðir þig vel

Dagur Ingason
Verslunarstjóri Smáralind

H U G O

VIÐ SEGJUM VERÐBÓLGUNNI Þ
HVETJUM AÐRA KAUPMENN TI
LEGGJAST Á ÁRA

VINNUM OKKUR SAMAN Í

STYÐJUM ÍSLENSK FYRIR

**NGA VIÐ ALLA OKKAR BIRGJA**
**FARANDI SAMNING**
**SKA ÞJÓÐ:**

# 0%

**ÁTTUR**
**UM ÚT ÁRIÐ 2008**

VÖRUM ÚT ÁRIÐ 2008

AR ÚT - EKKERT PLAT

BOSS
KRINGLUNNI
Pétur Ívarsson
Verslunarstjóri

B&S KONUR
B&S Kringlunni
Ingibjörg Kristófersdóttir
Verslunarstjóri

ÞAR MEÐ STRÍÐ Á HENDUR OG
L AÐ GERA SLÍKT HIÐ SAMA OG
AR MEÐ OKKUR.

Í GEGNUM ERFIÐLEIKANA.

FÖT SKÓR
Hákon Hákonarson
Framkvæmdastjóri

RTÆKI - VERSLUM HEIMA

## „ORÐRÉTT“

### *Lýðræðis slekt*

**„Þetta er álíka lýðræðislegt og rafræn kjörvél í blökkumannahverfi í Flórída.“**

BLOGGARINN HNAKKUS SEGIR RÁÐAMENN ÞEGJA ÞUNNU HLJÓÐI MEÐAN MIKILVÆGAR ÁKVARÐANIR SÉU TEKNAR BAK VIÐ TJÖLDIN.
**hnakkus.blogspot.com 22. október**

### *Orðafangbrögð*

**„Við leitum fanga víða.“**

BJÖRN JÖRUNDUR FRIÐBJÖRNSSON OG FÉLAGAR Í HLJÓMSVEITINNI NÝ DÖNSK FENGU FANGA Í KVENNAFANGELSINU Í KÓPAVOGI TIL AÐ FULLGERA BOÐSMIÐA Á TÓNLEIKA.
**Fréttablaðið 22. október**

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** ANDRÉS INGI JÓNSSON ATVINNULEITANDI

# *Atvinnulaus í leit að sparnaðarráðum*



„Ég sit nú bara og maula vínarbrauð ásamt tveimur blaðamönnum sem voru að missa vinnuna eins og ég,“ segir Andrés Ingi Jónsson, fyrrverandi blaðamaður 24 stunda, þegar hann er spurður hvað sé að frétta.

Andrés segir að fyrripart dags hafi hann gengið um bæinn ásamt öðrum þessara fyrrverandi samstarfsmanna og fengið sér kreppusúpu á Næstu grösum en þar gafst gestum og gangandi kostur á að snæða súpu og brauð án endurgjalds í gær. „Svo gengum við um bæinn og reyndum að redda gjaldeyri því við erum á leiðinni til Bandaríkjanna í næstu viku. Þannig að ég kristalla ástandið á Íslandi nú,“ segir Andrés og skellir upp úr en bætir við að ferðirnar hafi verið löngu ákveðnar.

„Ég er að fara í vinnuferð í boði bandarískra stjórnvalda. Ferðin er víst enn í boði þótt vinnan á 24 stundum sé það ekki. Það versta er samt að hún er þriggja vikna löng og illa gengur að safna gjaldeyri til fararinnar. Það góða við hana er þó að ég kem við í Michigan og get því líkast til leitað góðra sparnaðarráða,“ segir Andrés og vísar til þess að kreppan í Bandaríkjunum hefur leikið það ríki einna harðast. Atvinnuleysi þar er nú um níu prósent, fasteignaverð hefur hrunið og íbúar orðnir þreyttir á loforðum stjórnmálamanna um aðgerðir. „Það er ægilega fínn áfangastaður fyrir Íslending núna.“

## TUNGUMÁL
### FLEST Í ASÍU OG AFRÍKU

■ Í Papúa-Nýju-Gíneu eru töluð 820 tungumál. Hvergi á jörðu eru töluð fleiri tungumál í einu landi. Næst flest eru tungumálin í Indónesíu, alls 742, en síðan kemur Nígería með 516 tungumál og Indland með 427 mál. Í Asíuríkjum eru alls töluð 2.269 tungumál, í Afríku eru þau 2.092, en í Evrópu aðeins 239. Reyndar er bæði erfitt og umdeilt hvernig skilgreina skuli tungumál, en hér er stuðst við samantekt á vefsíðum ethnologue.com, þar sem segir að heildarfjöldi „lifandi“ tungumála á jörðinni sé rúmlega 6.900.

**tilveran**
*nær og fjær*

## SPURT OG SVARAÐ
DEILAN VIÐ BRETA

### *Reiðin dugar ekkert*

Margir Íslendingar eru Gordon Brown, forsætisráðherra Breta, reiðir þessa dagana eftir að hann beitti hryðjuverkalögum til að frysta eigur Landsbankans þar í landi. Björgvin Franz Gíslason leikari var spurður um sína afstöðu í þessu máli.

„Ég skil náttúrlega ósköp vel að fólk sé reitt um þessar mundir,“ segir hann. „Ég get varla sett mig í spor fólks sem hefur orðið fyrir miklu tjóni í þessum hræringum öllum. En ég held að það sé fyrir öllu að halda ró sinni og varast það í fremstu lög að láta reiðina ná tökum á sér. Ég held að það áorkist alls ekkert með henni. Þannig að viðhorf mitt gagnvart Bretum hefur ekkert breyst enda veit ég að þetta er axarskaft eins manns en ekki átak heillar þjóðar. Svo trúi ég því og treysti að tíminn leiði okkar rétta andlit í ljós í Bretlandi en vissulega hef ég nokkrar áhyggjur af ímynd landsins í augnablikinu.“



BJÖRGVIN FRANZ GÍSLASON

# Styrkja vinaböndin við Breta

**Meðlimir hljómsveitarinnar Blindfold, sem allir eru búsettir í London, boða til friðar í Bretlandi með fríum tónleikum á mánudaginn. Þeir segja orðspor Íslands í molum og tíma til kominn að styrkja vinaböndin.**

„Með þessum tónleikum gerum við okkar besta til að byggja upp orðspor lands og þjóðar að nýju og styrkja vinaböndin við bresku þjóðina. Við ætlum að leyfa Bretum, Íslendingum og hverjum sem vilja að skemmta sér frítt og leyfa tónlistinni að næra sárþjáðar sálir á þessum erfiðu tímum,“ segir Teitur Árnason bassaleikari hljómsveitarinnar Blindfold sem er skipuð íslenskum tónlistarmönnum sem búsettir eru í London. Blindfold hefur ákveðið að boða til friðar í Bretlandi með því að blása til opinna hljómleika ásamt tveimur breskum sveitum og plötusnúðum, á tónleikastaðnum 93 Feet East á Brick Lane-götunni í London næsta mánudag.

Teitur segist hafa fundið fyrir mikilli neikvæðni í garð Íslendinga hjá breskum almenningi síðustu vikur. „Nú síðast um daginn sat ég með félaga mínum á pöbb og á næsta borði voru fjórir Bretar að tala mjög illa um Ísland. Þetta er mjög alvarlegt mál. Þegar ég flutti til Englands fyrir ári síðan sagði ég stoltur frá því að ég væri Íslendingur. Núna hálfpartinn skammast maður sín fyrir þjóðernið. Orðsporið er greinilega í molum en nú er mál að linni. Þessar bágstöddu fyrrverandi vinaþjóðir geta sparað pundin sín og skemmt sér saman á tónleikunum okkar,“ segir Teitur, og bætir við að Gordon Brown sé ekki sá vinsælasti hjá Íslendingum í Bretlandi um þessar mundir. „Það eru kosningar í nánd og Brown er bara á atkvæðaveiðum.“

Að sögn Teits er vandkvæðum bundið að skilgreina tónlist Blindfold en tilraunakennt ambientrokk sé þó nærri lagi. Sveitin hefur starfað í um þrjú ár og gaf út fyrsta geisladisk sinn, samnefndan sveitinni, fyrir tveimur árum. Önnur breiðskífa hennar er tilbúin og mun líta dagsins ljós snemma á næsta ári. Aðrir meðlimir eru Sveinn Marteinn Jónsson sem leikur á gítar, Friðrik Helgason sem ber bumbur og Birgir Helgason, einnig í hljómsveitinni Ampop, sem syngur.

Teitur lýsir tónleikastaðnum 93 Feet East sem einum besta stað sem hann hafi leikið á fyrr og síðar. „Hljóðburðurinn á staðnum er mjög góður og andinn er frábær. Við höfum lent í því á tónleikum að fólk komi frekar til að drekka sig fullt, eins og reyndar er algengt á Íslandi líka, en til að njóta tónlistarinnar. Áhorfendur á 93 Feet East virða sjálfa tónlistina meira einhverra hluta vegna, sem hentar tónlist okkar mjög vel.“ Sem dæmi um þann sess sem staðurinn hefur í London nefnir Teitur að hljómsveitin Radiohead hafi frumflutt plötu sína In Rainbows á staðnum. „Við höfum gert samning við 93 Feet East um að koma þar fram mánaðarlega og það eru frábærar fréttir enda sjaldgæft að böndum hlotnist slíkur heiður,“ segir Teitur að lokum og hvetur alla Íslendinga sem búsettir eru í Bretlandi til að sýna samstöðu og mæta á tónleikana á mánudaginn.

kjartan@frettabladid.is



**LEIKA FYRIR FRIÐI** Blindfold, frá vinstri: Sveinn Marteinn Jónsson, Birgir Helgason og Teitur Árnason. Á myndina vantar Friðrik Helgason. MYND/MARÍA KJARTANSDÓTTIR








**ÆR** Góðir rúningsmenn þurfa að vera vandvirkir, hafa gott lag á skepnum og vera snöggir.

Meistaramót Íslands í rúningi:

# Reyna með sér í rúningi í Dölunum

Meistaramót Íslands í rúningi verður haldið að Skörðum í Miðdölum í Dalasýslu á laugardag.

Helgi Haukur Hauksson, einn aðstandenda, segir tíma og gæði lögð til grundvallar. „Góður rúningsmaður þarf að vera vandvirkur, hafa gott lag á skepnum og vera snöggur.“

Íslenskir rúningsmenn eru að jafnaði tvær til þrjár mínútur að rýja eina á en Helgi segir það taka þá bestu í útlöndum innan við mínútu.

Dómari keppninnar kemur frá Bretlandi og með honum í för verða tveir efnilegustu rúningsmenn Bretlandseyja.

- bþs

# SPRENGJU TILBOÐ

## Stærsta barnavöru og lagersalan heldur ÁFRAM!



Frumskógarkoja

Verð áður: 49.980.-
Verð nú: 19.990.-



Skrifborð

Verð áður: 19.980.-
Verð nú: 7.990.-

# Mikið úrval af ódýrum leikföngum




Latibær - Chucka Challenge
Krefjandi íþróttaleikur f. 6 ára og eldri

SPRENGJU TILBOÐ
Verð nú: 490.-



Rugguhestur

Verð áður: 25.980.-
Verð nú: 8.990.-



Fallegir bolir st: 98-140

SPRENGJU TILBOÐ
Verð nú: 690.-




Pony - magar tegundir

Verð: 790.-



Fjöldinn allur af litaboxum

Verð frá: 350.-




Stjórinn- geysivinsælt spil

SPRENGJU TILBOÐ
Verð áður: 4.990.-
Verð nú: 499.-

OPNUNRATÍMI

Virka daga: 12-18
Laugardaga: 12-16
Sunnudaga: Lokað

Lagersalan er að Miðhrauni 2 - við brúna hjá IKEA

**FBL-GREINING: KJÖRMANNAKERFIÐ Í BANDARÍKJUNUM**

# *Flókið fyrirkomulag*

Eftir tæpar tvær vikur fara fram kosningar í Bandaríkjunum. Úrslit kosninganna ráðast þó ekki beint af heildarfjölda þeirra atkvæða, sem hver frambjóðandi fær, heldur óbeint því atkvæðamagnið ræður aðeins fjölda þeirra kjörmanna, sem hver frambjóðandi fær á sérstakri kjörmannasamkomu, þar sem formleg úrslit kosninganna ráðast á endanum.

### ■ Hve marga kjörmenn þarf til sigurs?

Fjöldi kjörmanna er jafn mikill og samanlagður fjöldi þingmanna í báðum deildum bandaríska þjóðþingsins, að viðbættum þremur kjörmönnum fyrir höfuðborgina Washington. Í öldungadeild sitja hundrað þingmenn en í fulltrúadeildinni eru þeir 435. Fjöldi kjörmanna verður því 538, og til að ná meirihluta á kjörmannaþinginu þarf frambjóðandi að hafa tryggt sér atkvæði 270 kjörmanna.

### ■ Hvernig skiptast kjörmenn á ríkin?

Hvert ríki hefur jafn marga kjörmenn og samanlagður fjöldi þingmanna þess í báðum deildum. Fjölmennustu ríkin hafa því fleiri kjörmenn en þau fámennari, því fjöldi þingmanna í fulltrúadeildinni fer eftir íbúafjölda viðkomandi ríkis. Fámennustu ríkin hafa aðeins þrjá kjörmenn, en Kalifornía, fjölmennasta ríkið, er með 53 kjörmenn, og næst koma New York með 29 kjörmenn og Flórída með 25. Í kosningabaráttunni leggja frambjóðendur því mesta áherslu á þau ríki, þar sem eftir flestum kjörmönnum er að slægjast.

### ■ Hvernig eru kjörmenn valdir í hverju ríki?

Flest ríki Bandaríkjanna hafa þann háttinn á, að allir kjörmenn þess falla í hlut þess frambjóðanda sem fær flest atkvæði í kosningum. Þó eru tvær undantekningar þar á: Í Maine og Nebraska er einum kjörmanni úthlutað fyrir hvert kjördæmi innan ríkisins, og ræður þar meirihluti atkvæða í hverju kjördæmi, en tveimur kjörmönnum að auki er úthlutað til þess frambjóðanda sem fær flest atkvæði samtals í öllum kjördæmum ríkisins. Í hverju ríki eru það síðan stjórnmálaflokkarnir sjálfir, sem sjá um að ákveða hvaða einstaklingar verða kjörmenn flokksins á kjörmannaþinginu.





Pappírs-
þurrkur
í öllum gerðum fyrir heimili
og fyrirtæki
TAKK hreinlæti ehf.
Viðarhöfða 2 - 110 Reykjavík - Sími 577-6500
Kíktu á heimasíðuna okkar
www.takk.is


GULLSMIÐJAN
Guðrún Bjarnadóttir
Gullsmiður
LÆKJARGATA 34C
HAFNARFIRÐI
565 4453
GULLSMIDJAN.IS

Hitablásarar
Rafmagns-, olíu- og gasblásarar.
Fjöldi tegunda. Hagstætt verð.

Reykjavík, Klettháls 7
Suðurnes, Fuglavík 18
Akureyri, Furuvellir 15
Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN
– Afslátt eða gott verð?
www.murbudin.is
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is


## FRÉTTASKÝRING: Íbúðalánamarkaðir



**RÉTT AÐ BYRJA** „Við erum bara rétt að byrja að vinda ofan af þessu,“ segir Gylfi Magnússon, dósent við Háskóla Íslands. „Ef gengi krónunnar helst skaplegt er kannski von til að margir geti staðið í skilum.“

# Staða skuldunauta breytist ekki mikið

**Óvissa hefur ríkt á íbúðalánamarkaði að undanförnu. Viðskiptaráðuneytið hefur rætt við bankastjóra nýju ríkisbankanna til að tryggja það að viðskiptavinir fái frystingu myntkörfulána í samræmi við tilmæli ríkisstjórnarinnar. Íbúðalánasjóður hefur fengið rýmra svigrúm til að koma til móts við fólk.**



**BÝÐUR UPP Á SAMNING** Íbúðalánasjóður getur boðið upp á samning við lánveitanda um greiðsludreifingu fyrir og eftir greiðsluáskorun, skuldbreytingu vanskila og margt fleira.

Reglur á íbúðalánamarkaði eru í mótun í félags- og tryggingamálaráðuneytinu og því virðist óljóst hver á að snúa sér og hvert þegar kemur að viðbrögðum banka við greiðsluerfiðleikum einstaklinga. Íbúðalánasjóður hefur rýmri reglur en áður til að koma til móts við fólk en það gildir fyrst og fremst um þá sem eru með verðtryggð innlend lán því að flutningur á myntkörfulánum frá bönkum til Íbúðalánasjóðs er ekki hafinn. Þessar reglur munu þó að sjálfsögðu gilda um þá sem hafa myntkörfulán þegar þar að kemur.

Íbúðalánasjóður getur boðið upp á samning við lánveitanda um greiðsludreifingu fyrir og eftir greiðsluáskorun og eftir nauðungarsölubeiðni, skuldbreytingu vanskila í nýtt lán til fimm til fimmtán ára, frestun á greiðslum, svokallaða frystingu, í allt að þrjú ár, frestun vegna sölutregðu við kaup á annarri eign og lengingu lána um allt að fimmtán ár.

Gylfi Guðmundsson, sérfræðingur hjá Íbúðalánasjóði, segir að viðskiptavinir þurfi að vera í skilum með lánin sín og því skuldbreyti sjóðurinn til að koma fólki í skil. Sjóðurinn geri allt sem unnt er til að verða fólki að liði.

Misjafnt er eftir bönkum hversu mikla frystingu boðið er upp á og til hve langs tíma. Hjá Nýja Glitni kemur fram að farið sé yfir hvert tilfelli og metið hvernig tekið verði á því. Glitnir býður upp á að frysta afborganir íbúðalána í erlendri mynt og borga bara vexti en útfærslan er einstaklingsbundin.

### Illkleift að standa í skilum

Viðskiptaráðuneytið hefur rætt við bankastjóra nýju ríkisbankanna til að tryggja að viðskiptavinir fái þjónustu í samræmi við tilmæli ríkisstjórnarinnar.

Bankarnir segja að Íbúðalánasjóður eigi að snúa sér til þeirra þegar spurt er um flutning íbúðalána en Einar Örn Stefánsson, upplýsingafulltrúi Íbúðalánasjóðs, sagði í Fréttablaðinu nýlega að gert væri ráð fyrir að bankarnir leituðu til Íbúðalánasjóðs. Samkvæmt upplýsingum hjá Nýja Glitni er hins vegar gert ráð fyrir að Íbúðalánasjóður setji sig í samband við bankana. Sjóðurinn hafi ekki óskað eftir því enn sem komið er að taka yfir þessi lán.

Gylfi Magnússon, dósent við Háskóla Íslands, segir að staða skuldunauts breytist ekki mikið við yfirfærslu á húsnæðisláni frá banka til Íbúðalánasjóðs, batni þó kannski eitthvað því að Íbúðalánasjóður hafi meiri sveigjanleika, til dæmis til að fresta greiðslum, en bankarnir.



**GYLFI MAGNÚSSON,** dósent við HÍ.

Gylfi segir að ekki liggi fyrir hvernig verði tekið á erlendu lánunum. Lántakendum sé illkleift að standa í skilum miðað við núverandi gengi og veðin að baki lánunum séu minni en lánsupphæðin. Væntanlega þurfi Íbúðalánasjóður að fá lánin með afföllum sem þýði tap fyrir gömlu bankana á sínum gömlu kennitölum en búi til svigrúm fyrir Íbúðalánasjóð til að semja um nauðasamning við lántakandann.

„Í einhverjum tilfellum eru lántakendurnir hreinlega gjaldþrota og þá verður að afskrifa þessi lán. Það er ekki ljóst hvort það verður hlutverk þrotabúa bankanna eða hvort það verður hlutverk Íbúðalánasjóðs,“ segir Gylfi.

Við erum bara rétt að byrja að vinda ofan af þessu. Enn eru margir óvissuþættir. „Ef gengi krónunnar helst skaplegt er kannski von til að margir geti staðið í skilum en ef það verður jafnslæmt og það var um það leyti sem bankakerfið hrundi þá eru augljóslega margir sem geta ekki greitt.“

### ÚTLÁN AUKAST UM HELMING

Heildarútlán Íbúðalánasjóðs hafa aukist um tæplega helming upp á síðkastið. Heildarútlánin námu tæpum átta milljörðum í september, þar af voru 5,6 milljarðar vegna almennra lána og tæpir 2,4 milljarðar vegna leiguíbúðalána. Heildarútlán sjóðsins námu rúmum 22 milljörðum á þriðja ársfjórðungi.

### TÖLVUFORRITIÐ HINDRAÐI FRYSTINGU

Ægir Geirdal Gíslason, íbúi í Vogunum, óskaði nýlega eftir aðstoð frá Íbúðalánasjóði áður en til vanskila kæmi og gerði það í gegnum viðskiptabankann sinn. Ægir stendur í skilum en óttaðist að það geti breyst. Hann trúði loforðum ráðamanna og óskaði eftir frystingu hjá Íbúðalánasjóði og vildi borga bara vexti í ákveðinn árafjölda. Ægir vildi hafa vaðið fyrir neðan sig og hafði því samband við viðskiptabankann sinn, skilaði inn tilskyldum gögnum og fékk svo það svar að bankinn hefði ekki sent erindið til Íbúðalánasjóðs vegna þess að samkvæmt tölvuforriti bankans gæti hann ekki hafa staðið í skilum.



FRÉTTASKÝRING
GUÐRÚN HELGA SIGURÐARD.
ghs@frettabladid.is



BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
479
ENGINN BITI TEKINN ÚR
KS SÚPUKJÖT 1.FLOKKUR 479 kr./kg.
40%
AFSLÁTTUR
KF LAMBAKÓTILETTUR Í RASPI
1379 kr./kg. MERKT VERÐ 2298 KR./KG.
35%
AFSLÁTTUR
LAMBASVIÐ
194 kr./kg.
MERKT VERÐ
298 KR./KG.
SS
40%
AFSLÁTTUR
SALTAÐ FOLALDAKJÖT M/BEINI
449 kr./kg. MERKT VERÐ 749 KR./KG.
1198
LAMBALÆRI
1198 kr./kg.
1998
BÓNUS HANGIÁLEGG
1998 kr/kg.
759
LAMBABÓGUR
759 kr./kg.
KS FROSIÐ LAMBAKJÖT HAUSTSLÁTRUN
Ali
Svínabógur
498
ALI FERSKUR GRÍSABÓGUR
498 kr./kg.
BÓNUS
KJÚKLINGUR
30%
AFSLÁTTUR
BÓNUS FERSKIR KJÚKLINGABITAR BLANDAÐIR
388 kr./kg. MERKT VERÐ 554 KR./KG.
Svali
89
SVALI 3 Í PAKKA
APPELSÍNU OG EPLA
89 kr pakkinn.
FERSKT NAUTAVEISLU NAUTAKJÖT
259
MYLLU JÓLAKAKA
420G 259 kr.
Diletto
259
DILETTO KAFFI
400G 259 kr.
798
NAUTAHAKK 798 kr./kg.
1998
UNGNAUTAPIPARSTEIK
1998 kr./kg.
Nautaveisla
30%
AFSLÁTTUR
NAUTASNITSEL
1498 kr./kg.
MERKT VERÐ 2140 KR./KG.
KRISTALL PLÚS
1 LTR 98 kr.
Spelt BRAUÐ
198
MYLLU SPELTBRAUÐ
500G 198 kr.
BÓNUS
50%
KJARNABRAUÐ
159
BÓNUS KJARNABRAUÐ
500G 159 kr.
Með fyrirvara
um prentvillur eða
uppseldar vörur.
30%
AFSLÁTTUR
FERSKT NAUTAGÚLLAS
1498 kr./kg.
MERKT VERÐ 2140 KR./KG.
30%
AFSLÁTTUR
UNGNAUTAFILLET
2309 kr./kg.
MERKT VERÐ 3298 KR./KG.
TILBOÐ
Hamborgarar
498
HAMBORGARAR
4 STK M/BRAUÐI
498 kr.
Kristall plús
98
BÓNUS BÝÐUR BETUR
AFGREIÐSLUTÍMI: FIMMTUDAGA 12.00-18.30

## Útgjöldin

> Verð aðgöngumiða á leik á Íslandsmótinu í knattspyrnu.




HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

# neytendur
*hagur heimilanna*

**NEYTANDINN:** SKÚLI ARASON TÓNLISTARMAÐUR

## *Fimmtán þúsund króna vínflaska*



„Ég eyddi einu sinni fimmtán þúsund krónum í vínflösku sem skilaði ekki ætluðum árangri," segir Skúli Arason tónlistarmaður um sín verstu kaup. Við kaupin hafi hann lagt upp með ákveðna áætlun. „En þessi fimmtán þúsund kall fór hálfur ofan í mig og hálfur út um gluggann. Þetta var úti í Danmörku fyrir nokkrum árum. Ég man ekkert hvað vínið hét en það var eitthvað voða flott og frá árinu 1975."

„Annars er ég voða lítill neytandi. Öll mín stóru kaup hafa verið íbúðir sem ég hef bara grætt þvílíkt á. Ég á ekki einu sinni bíl," segir Skúli.

Hann segist vilja skilgreina kaup sem eitthvað efnislegt sem gefið hefur mikið af sér. „Mín bestu kaup hljóta að hafa verið allar tónlistargræjur sem ég hef keypt. Sama hvort það eru trommur, gítar eða annað."

Hann segir af nógu að taka í þeim efnum enda séu öll hljóðfæri skemmtileg. „Þetta eru kaup sem búa bæði til peninga og í mínu tilviki mikla hamingju. Ég hef eignast marga góða vini í gegnum tónlistina og svo hefur hún gefið mér tækifæri á ferðalögum. Tónlistin hefur einnig gefið mér tækifæri á að lifa mannsæmandi lífi á Íslandi," segir Skúli.

## GÓÐ HÚSRÁÐ
### NÚMER Á ÍSSKÁPINN

Davíð Smári Harðarson tónlistarmaður sér vart fram úr verkefnum þessa dagana þrátt fyrir kreppu. Raunar segist hann trúa á guð en ekki kreppuna og beðinn um gott húsráð bendir hann lesendum Fréttablaðsins á að allir þurfi að hafa símanúmerið hjá Ísaco hf. á ísskápshurðinni.



„Það er einfaldlega vegna þess að þeir selja sápur sem sérhannaðar eru að þvottum hvers konar. Ef þú átt skip eiga þeir sápu til að þrífa það. Nú, ef þú þarft að þrífa svalirnar hjá þér eða húsið í heild sinni þá leysa þessir snillingar úr þeim vanda, fljótt og vel."

■ **Verslun**

## Bakarameistarinn selur Íslandsbrauð

Bakarameistarinn hefur hafið framleiðslu á svokölluðu Íslandsbrauði sem er selt á 199 krónur stykkið. Íslandsbrauðið mun vera stórt og milligróft. Þá verður verð lækkað í nokkrum vöruflokkum og lögð aukin áhersla á íslenska framleiðslu, segir í tilkynningu. Er því þar að auki lofað að verðskrá fyrirtækisins verði öll endurskoðuð til lækkunar þegar ró kemst á íslensku krónuna. Með þessu tekur Bakarameistarinn þátt í glímunni við verðbólgudrauginn. Þá lofar hann að bjóða á næstu vikum viðskiptavinum sínum ýmis hagstæð tilboð.



■ **Verslun**

## Tilboðsréttir Nings á 999 krónur

Veitingahús Nings hafa lækkað verðið á einum rétti dagsins í 999 krónur og kalla hann hér eftir tilboðsrétt dagsins. Samkvæmt tilkynningu frá Nings kemur lækkunin til vegna „ástands þjóðmála" og mun þetta vera um þrjátíu prósenta lækkun. Rétturinn verður breytilegur frá degi til dags. Veitingastaði Nings er að finna á tveimur stöðum í Reykjavík, Stórhöfða 17 og Suðurlandsbraut 6, og í Hlíðasmára 12 í Kópavogi.



**Neytendur:** Um eiginleika gúmmís og enn af Íslandsbrauði

# *Skoðaðu framleiðsluár dekksins*



**DR. GUNNI**
neytendur@frettabladid.is

■ Sendið umboðsmanni neytenda ábendingar eða sparnaðarráð á neytendur@frettabladid.is

Biðraðir mynduðust venju samkvæmt við dekkjaverkstæði þegar snjórinn féll í höfuðborginni í gær. Ómar Másson leitaði að heilsársdekkjum og hringdi í sautján aðila sem selja hjólbarða. – *„Þar sem ég hef séð neytenda- og bílaþætti í sænska SVT þá hafði ég í huga það sem þar var brýnt fyrir kaupendum dekkja: Skoðaðu framleiðsluár dekksins áður en þú kaupir og EKKI kaupa eldri dekk en 8-12 mánaða, þar sem eiginleikar gúmmís minnka og gúmmíið verður harðara. Ég fékk loðin svör hjá flestum og ekki virtist neinn söluaðila hafa hugmynd um að gæði dekkja minnkar því eldri sem þau verða. Dekk sem boðin voru á „hagstæðu" verði – 12-14.000 kr. – voru 2-3 ára. Ný dekk sem sögð voru framleidd í ár eða seinnihluta 2007 voru frá 16-20.000 kr. Mér fannst vert að benda þetta."*

Á þriðjudaginn sögðum við frá svokölluðu „Íslandsbrauði" hjá Bakarameistaranum á 199 krónur. Margir vildu stökkva á tilboðið en gripu í tómt. Þar á meðal Örvar B. Hólmarsson: *„Þegar ég bið um brauðið þá tjáir mér afgreiðslustúlkan að það sé ekki komið í bakaríið! Samt var fullt af nýbökuðum brauðum í hillunum! Ég var nú hálffúll satt best að segja og fannst þetta vera eitt af þessum sölu„trikkum", sem eru aðallega gerð til að plata fólk. Ég tek það fram að ég var í bakaríinu á milli 9.00 og 9.30 þannig að það er ekki eins og að ég hafi verið þarna um leið og bakaríið opnaði."*



Vigfús Hjartarson, framkvæmdastjóri Bakarameistarans, kann skýringu á þessu: *„Því miður urðu tæknileg mistök á þriðjudaginn sem við réðum ekkert við. En brauðið var komið í búðirnar í gærmorgun um leið og opnaði og það verður þannig hér eftir."*



# Nískupúki er jákvætt orð

**Fjórir ungir menn hafa sett á fót afar mikilvæga netsíðu, niskupukinn.is. Þar eru borin saman verð á vörum og þjónustu í fjölmörgum geirum Birkir Fannar Einarsson er talsmaður Nískupúkans.**



**FARA SJÁLFIR EFTIR UPPLÝSINGUNUM** Birkir Fannar Einarsson er talsmaður Nískupúkans.

„Það eru til svona síður erlendis, til dæmis Gocompare.com, og okkur fannst vanta tilfinnanlega svona síðu á Íslandi. Fyrst enginn annar var að gera þetta slóum við bara til,“ segir Birkir. Byrjað var að leggja á ráðin í sumar en síðan fór „í loftið“ um síðustu helgi.

„Okkur fannst einfaldlega vera kominn tími á meiri verðvitund hjá almenningi.“ Birkir segir að verðupplýsingunum sé aflað á þrenns konar hátt. „Við tökum niður verð á heimasíðum fyrirtækjanna, við hringjum í fyrirtækin og við mætum í búðirnar og tökum niður hilluverðið. Það er fylgst með okkur í búðunum, en við viljum ekkert stríð. Almennt fáum við samt góðar móttökur hjá fyrirtækjunum og við höfum fengið frábærar móttökur hjá almenningi.“

Birkir segir síðuna eftir að þróast og eflast. „Toppmarkmiðið er náttúrlega að verðin séu alltaf rétt og að fólk geti treyst upplýsingunum sem á síðunni birtast. Við bætum smátt og smátt við. Til dæmis erum við með vísitölugraf á forsíðunni sem sýna mun hækkanir og lækkanir á myndrænan hátt.“

Strákarnir selja auglýsingar á síðuna og ætla að reyna að láta dæmið reka sig þannig. Þeir eru allir í öðru, tveir eru í námi og tveir í ferðaþjónustu. En hvað með nafnið, Nískupúkann? „Já, það nafn er kannski smá neikvætt en okkur langaði samt að hafa skemmtilegt nafn frekar en eitthvað þurrt og leiðinlegt eins og til dæmis Samanburður.is. Íslendingum hefur þótt neikvætt að spara, en við viljum breyta því og gera þetta neikvæða orð jákvætt. Sjálfir erum við allir nískupúkar og reynum að fara sem mest eftir þeim upplýsingum sem við birtum.“

Birkir undirstrikar að einungis sé verið að bera saman verð, en ekki gæði. Og hann segir að síðan geti bara blómstrað ef neytendur leggi henni lið. „Við tökum við ábendingum og svo er hægt að skrá sig á póstlistann. Þá fær fólk send fréttabréf reglulega með fréttum, sparnaðarráðum og fleira. Því meira sem fólk nýtir sér síðuna því meira getum við gert.“

**drgunni@frettabladid.is**






## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**OMX ÍSLAND 15**
675 **+2,85%**

**Fjöldi viðskipta:** 43
**Velta:** 17.3 milljónir

MESTA HÆKKUN

| | |
|---|---|
| BAKKAVÖR | 39,32% |

MESTA LÆKKUN

| | |
|---|---|
| CENT. ALUM. | -4,90% |
| FÆREYJABANKI | -4,46% |
| ÖSSUR | -0,81% |

**GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR: 203,3** **+1,1**

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Alfesca 3,80 +0,00% ... Atorka 0,80 +0,00% ... Bakkavör 9,00 +39,32% ... Eimskipafélagið 1,22 +0,00% ... Exista 4,62 +0,00% ... Icelandair Group 14,20 +0,00% ... Kaupþing 0,00 +0,00% ... Marel Food Systems 70,50 +0,00% ... SPRON 1,90 +0,00% ... Straumur-Burðarás 7,08 +0,00% ... Össur 85,60 -0,81%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn ...*

### Vinir í raun

„Ísland vantar trausta vini og bakhjarla," segir í nýrri umfjöllun Vísbendingar. Rifjað er upp að Bandaríkjamenn hafi í áratugi verið í því hlutverki, en það þjóni ekki lengur hagsmunum þeirra og því sé þörf á nýjum vinum, líkt og forsætisráðherra hafi bent á. Um leið er goldinn varhugur við vinskap við Rússa þar sem menning þeirra sé um margt frábrugðin okkar. „Miklu nær er að þjóðin horfi til annarra Evrópuþjóða. Við erum nú þegar á Evrópska efnahagssvæðinu. Líklega er það meginástæðan fyrir erfiðleikum okkar nú að að reglur og frjálsræði fjármagnsflutninga giltu. Þannig gátu bankarnir vaxið án þess að íslensk stjórnvöld gætu sett þeim skorður, en líka án þess að bankarnir hefðu fjárhagslegan bakhjarl þegar á reyndi. Íslenskir eigendur þeirra höfðu ekki mikla burði og það hafði ríkið ekki heldur. Aðild að Evrópska seðlabankanum hefði mildað höggið mikið gagnvart almenningi."



### Verðgildi peninga

Og meira um peninga því talsverðu munar enn á verðmæti íslenskunnar hér á Fróni eða utan landsteina. Landsmenn greiða alla jafna hér tæpar 118 krónur fyrir sérhvern Bandaríkjadal og tuttugu krónur íslenskar fyrir eina danska. Á myntreikni bandaríska tímaritsins Forbes er krónan hins vegar skítbilleg og þarf landinn samkvæmt því að greiða níutíu prósentum meira fyrir dollar og danskar en hér. Svo er bara að vona að þegar gjaldeyrisviðskipti komast í samt lag á ný hér að krónan taki ekki upp á því að endurspegla verðið hjá Forbes.

## Bjartsýnir frumkvöðlar

Meirihluti frumkvöðla í Bretlandi er sannfærður um að fyrirtæki þeirra muni koma ágætlega undan vetri þrátt fyrir krefjandi aðstæður í bresku efnahagslífi.

Þetta kemur fram í niðurstöðum nýlegrar könnunar breska ráðgjafafyrirtækisins Grant Thornton. Netmiðill Management Today segir niðurstöðurnar ekki sýna á að frumkvöðlar þar í landi loki augunum fyrir stöðu efnahagsmála. Þvert á móti geri þeir sér fyllilega grein fyrir henni. Þeir séu hins vegar bjartsýnir og telji aðsteðjandi erfiðleika krefjast þess að gefa í fremur en hitt ásamt aðlögun á rekstri í samræmi við aðstæður. **- jab**

## Nýja Kaupþing einn tíundi af því gamla

Eigið fé hins Nýja Kaupþings verður 75 milljarðar króna. Stærð efnahagsreikningsins er um 700 milljarðar. Þetta kemur fram í fréttatilkynningu frá Fjármálaeftirlitinu.

Um mitt sumarið nam efnahagsreikningur Kaupþings-samstæðunnar um 6.600 milljörðum króna. Tæplega tveir þriðju efnahagsreikningsins um mitt árið voru lán við viðskiptavina.

Nýja Kaupþing hóf starfsemi í gær. Það tekur yfir allar innlendar eignir Kaupþings en alþjóðleg starfsemi er skilin frá. Til stendur að halda öllum útibúum, hraðbönkum auk þjónustuvers og netbanka opnum.

Samkvæmt tilkynningu Fjármálaeftirlitsins tekur Nýja Kaupþing yfir allar innistæðuskuldbindingar í bankanum hér á landi og stærstan hluta eigna bankans sem tengjast innlendri starfsemi, þar á meðal lán og kröfur.

Nýr bankastjóri er Finnur Sveinbjörnsson.

Ríflega 1.100 starfsmenn hafa unnið hjá bankanum innanlands. Öllu fleiri hafa starfað hjá bankanum erlendis, um 2.000 manns, eftir því sem næst verður komist. **- ikh**

## Apple með varasjóði

Bandaríski tölvu- og tæknirisinn Apple hagnaðist um 1,14 milljarða Bandaríkjadala, jafnvirði 134 milljarða króna, á síðasta fjórðungi, sem er sá fjórði í bókum fyrirtækisins.

Þetta er 26 prósenta aukning frá sama tíma í fyrra og skrifast að mestu á góða sölu á annarri kynslóð iPhone-símanna, sem komu á markað í sumar.

Apple seldi 6,9 milljón iPhone-síma á fjórðungnum og er það sexföldun á milli ára.

Steve Jobs, forstjóri Apple, segir í samtali við Reuters aðstæður í efnahagslífinu slíkar að óvissa sé um veltuna um jólin. Megi þó reikna með aukningu. Hann segir Apple engu að síður vel fjármagnað, skuldir engar og fyrirtækið með tæpa 25 milljarða á hliðarlínunni. Það geri fyrirtækinu kleift að fjárfesta á erfiðum tímum. **- jab**



STEVE JOBS

# Töldu sig fjárfesta í öruggum ríkisbanka

**Mikil viðskipti urðu með bréf Glitnis eftir að ríkið tilkynnti að það hygðist þjóðnýta bankann að hluta, en áður en bankinn sigldi í þrot. Fjöldi smærri fjárfesta taldi sig vera að kaupa í öruggum ríkisbanka, og þykjast því illa sviknir.**



**YFIRTAKA RÍKISINS Á GLITNI TILKYNNT** Lárus Welding fyrrverandi bankastjóri Glitnis og Davíð Oddson, seðlabankastjóri, kynna „ríkisvæðingu" Glitnis á blaðamannafundi þann 29. september síðastliðinn FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Þetta er hreinn og beinn þjófnaður, það er ekki hægt að kalla það annað," segir Friðbjörn Kristjánsson matreiðslumaður en hann tapaði 92 þúsund krónum sem hann keypti fyrir í bankanum eftir „ríkis-væðingu" hans.

„Ég átti fyrir 230.000 að nafnverði í Glitni og svo kemur frétt um að ríkið sé búið að yfirtaka hann, eignist 75 prósent í bankanum. Ég ætla þá að gera örugga fjárfestingu, og kaupi bréf fyrir 18.000 að nafnverði í viðbót," segir Friðbjörn. „Ég treysti því að ég ætti þessa peninga örugga hjá ríkinu. En svo hleypur ríkið undan merkjum, og þá er ég búinn að tapa þessum peningum líka." Miðað við lokagengi í Glitni föstudaginn 26. september hefur Friðbjörn því alls tapað 3,7 milljón krónum á hruni Glitnis.

Friðbjörn segist sannfærður um að hann sé ekki einn um að hafa lent í þessari stöðu. Samkvæmt tölum frá Kauphöllinni munu hafa átt sér stað 877 viðskipti með bréf Glitnis þá fjóra daga sem opið var fyrir viðskipti eftir að ríkið tilkynnti að það hygðist koma honum til bjargar og áður en bankinn sigldi í þrot. Flest voru mjög lítil, en alls munu 567 viðskipti hafa verið undir 1 milljón króna.

Lögfræðingar sem Markaðurinn ræddi við segja réttarstöðu fólks sem keypti í bankanum þessa fjóra daga svo óljósa að þeir treysta sér ekki til að tjá sig um hana opinberlega. Ljóst sé að margir hafi orðið fyrir miklu tjóni, tapað hluta ævisparnaðar, og varhugavert að gefa því fólki vonir sem gætu reynst falsvonir.

Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallarinnar segir að það álitamál sem helst komi til greina sé hvort innherjaviðskipti hafi átt sér stað, einhver þeirra sem seldu bréf á þessum fjórum dögum hafi búið yfir betri upplýsingum en þeir sem keyptu, „og þá kæmi til kasta Fjármálaeftirlitsins sem skoðaði hvort einhver hafi verið blekktur til að kaupa bréf á röngum forsendum." Þórður kvaðst ekki vera fær um að segja hvort ríkið geti með einhverjum hætti verið skaðabótaskylt, það væri hlutverk dómstóla að kveða upp úr um slíkt.

Heimildamenn Markaðarins segja að ríkið hljóti að vera skaðabótaskylt ef fyrir hafi legið bindandi samkomulag um kaup á 75 prósenta hlut í bankanum, en um það séu skiptar skoðanir. Ljóst sé þó að yfirlýsing ríkisins hafi verið gefin við ákveðnar forsendur og á því hafi verið fyrirvarar. Þá hljóti allir sem keyptu bréf í bankanum á þessum dögum að hafa vitað að þeir væru að taka áhættu. Allir hafi vitað að bankinn hafði ratað í alvarleg vandræði og öllum hefði mátt vera ljóst að það gæti farið á hvaða veg sem væri.

Þá hefur verið bent á að það sé spurning hvort forsvaranlegt hafi verið að opna fyrir viðskipti eftir að ríkið lýsti yfir að það hygðist koma bankanum til bjargar. Lögfræðingar sem Markaðurinn hefur rætt við segja að það séu ótal lausir endar á þessu máli öllu og það svo snúið að það sé tilefni í stóra lögfræðilega álitsgerð. **- msh**


**HLUTHAFAFUNDUR EXISTA HF.**
30. OKTÓBER 2008

EXISTA

Stjórn Exista hf. boðar til hluthafafundar fimmtudaginn 30. október 2008 í Salnum í Kópavogi og hefst fundurinn kl. 13:00.

**Dagskrá:**

1. Umfjöllun um stöðu og horfur.
2. Tillaga um heimild stjórnar til hækkunar hlutafjár.
3. Tillaga um heimild stjórnar fyrir hönd félagsins að undirgangast fjárskuldbindingar sem breyta má í hlutafé í félaginu og heimild til hækkunar hlutafjár í samræmi við það.
4. Tillaga um heimild stjórnar til kaupa á eigin bréfum.
5. Tillaga um afskráningu hluta félagsins úr kauphöll NASDAQ OMX Nordic Exchange á Íslandi.
6. Tillaga um heimild stjórnar til ótakmarkaðrar sölu á eignum félagsins.
7. Önnur mál.

Dagskrá og endanlegar tillögur liggja frammi á skrifstofu félagsins hluthöfum til sýnis. Ennfremur er hægt að nálgast fundargögn á vefsíðu félagsins www.exista.is.

**Atkvæðaseðlar og önnur fundargögn verða afhent á fundardaginn frá kl. 12:00 á fundarstað í Salnum, Hamraborg 6, Kópavogi.**

Stjórn Exista hf.

EXISTA hf. ı Ármúla 3 ı 108 Reykjavík ı Sími 550 8600 www.exista.is


## Bankastjóri felldi pundið

Breska pundið féll mest um tæp þrjú prósent gagnvart Bandaríkjadal í gær og hafði um tíma ekki verið lægra í fimm ár. Fallið var meira gagnvart öðrum myntum, svo sem japanska jeninu.

Bandaríkjadalur hefur á móti verið að sækja í sig veðrið og hefur ekki verið sterkari gagnvart helstu gjaldmiðlum í tvö ár.

Helsta skýringin á falli pundsins er fullyrðing Mervyns King, bankastjóra Englandsbanka, frá í fyrrakvöld um að Bretar séu á leið inn í samdráttarskeið.

Breska fjármálablaðið Financial Times segir þetta svartsýnasta mat Kings á stöðu efnahagsmála síðan hann settist í stól seðlabankastjóra árið 2003.

King taldi kaup breska ríkisins í hlutabréfum banka jákvætt skref og muni fjármálalífið jafna sig hægt og bítandi. Ólíklegt taldi hann þó að bankaheimurinn verði samur og áður og að mjög dragi úr lánveitingum, ekki síst banka á milli. Bretar stæðu ekki einir því efnahagslífið væri að dragast saman víða.



MERVYN KING

Englandsbanki tók þátt í samhentum aðgerðum nokkurra af stærstu seðlabönkum heims fyrr í mánuðinum og lækkaði stýrivexti um hálft prósent. Fjármálasérfræðingar telja líkur á að bankinn muni endurtaka leikinn á næsta vaxtafundi. **- jab**

# Hannaðu þinn eigin sófa

Veldu saman einingar sem henta þér og búðu þannig til draumasófann þinn. Við bjóðum upp á 7 mismunandi tegundir af örmum og 5 mismunandi tegundir af fótum. Síðan fullkomnar þú verkið með vali á áklæði eða leðri í stíl.





LÍNAN

Línan | Bæjarlind 6 | 201 Kópavogur | Sími 553 7100 | Opið mán til fös 10-18 og lau 11-16 | www.linan.is

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Skortur á upplýsingum um raunverulega stöðu.

## Þjóð í þoku

SVANBORG SIGMARSDÓTTIR SKRIFAR

Íslenska þjóðin er í frjálsu falli og nær ekki lendingu, ekki fyrr en hún fær að vita hver raunveruleg staða þjóðarbúsins, og heimilanna, er. Ráðherrar hafa talað um að staðan sé slæm, jafnvel verri en þeir héldu, en ekki er skýrt hversu slæm hún er. Almenningur líður fyrir óvissuna. Það er þó betra að vita í hversu hræðilegri stöðu við erum sem þjóð svo við getum byrjað að vinna okkur út úr henni í stað þess að sitja heima og naga neglur þar sem við sveiflumst á milli þess að ímynda okkur svartnættið og reyna að halda í bjartsýnina.

Óvissan kemur til vegna þess að það er ekki nægjanleg, eða jafnvel misvísandi, upplýsingagjöf frá stjórnvöldum. En það virðist ekki bara vera þjóðin sem er í óvissu. Síðast í gær var Geir H. Haarde að tala um hversu erfitt væri að gera þjóðhagsspá fyrir Ísland þar sem óvissa væri um hagstærðir. Að minnsta kosti sumir ráðherrar vita betur en aðrir hve vandinn er stór og hvernig rætt er um að mæta honum, en fátt er gefið upp á meðan staðið er í viðræðum við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn, bresk stjórnvöld og fleiri.

Það er gert ráð fyrir atvinnuleysi, en hve miklu? Á fólk að gera ráð fyrir því í skipulagningu heimilisbókhaldsins að missa vinnuna? Það er talað um að skattar muni hækka, en hve mikið? Gert er ráð fyrir miklum halla á rekstri ríkisins og sveitarfélaga. Það hlýtur að kalla á samdrátt hjá hinu opinbera, en hvar verður sá samdráttur? Sveitarfélögin hafa, í þessu óvissuástandi, staðið sig heldur betur en ríkið í að lýsa yfir hvaða útgjaldaliði skuli verja og leggja þar helst áherslu á mennta- og velferðarsvið. En hið opinbera telur það einnig sitt hlutverk að halda uppi ákveðnu atvinnustigi með því að draga ekki um of úr framkvæmdum. Hvernig staðið verður að slíku er ekki ljóst.

Talað hefur verið um mörg hundruð milljarða lántökur ríkisins. Eru þetta allt lán sem falla á almenning í formi aukinnar skattbyrðar? Eða er verið að ræða um „millibilslán" sem verða greidd þegar eignir bankanna komast í verð og verður af þeirri ástæðu ekki velt yfir á almenning? Hvaða áhrif hefur það að fyrrum langstærsti banki Íslands er nú orðinn minnstur?

Þeir sem reka fyrirtæki eru í sömu svartaþokunni og íslenskur almenningur og vita vart hvort fyrirtæki þeirra muni lifa eða deyja. Forsvarsmennirnir tala jafnvel um að þeir viti ekki hve mikið þeir skulda og hvað þeir eiga. Mjög illa gengur að skipuleggja veturinn í því ljósi og á hvaða mannafla er þörf. Þeir allra svartsýnustu horfa í kring um sig og reyna að finna fyrirtæki sem verður ekki búið að loka eða koma í ríkiseigu innan fárra mánaða.

Heimilin í landinu horfa á lán og matvöruverð hækka og vona að verðbólgan muni ekki hafa of afdrifarík áhrif.

Í þessu ástandi er ekki að undra þótt þjóðin öll kalli á svör. Það er ekki einungis krafa þjóðarinnar að vita hvernig heilsufari ríkisins er háttað, hún vill taka þátt í umræðunum og ákvörðunum um hvernig að uppbyggingunni verður staðið. Krafan hlýtur að vera sú að á hinu Nýja Íslandi sé leyndarhyggju ríkisvaldsins kastað fyrir róða og hægt verði, á rólegan og yfirvegaðan hátt, komast út úr þokunni og sjá til himins.

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365
**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* og Þorsteinn Pálsson *thorsteinn@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

Fáðu ráðgjöf um tímareimaskipti
Er tímareimin komin á tíma?
Fast verð hjá Vélalandi

Skoðaðu fast verð hjá Vélalandi. Hringdu núna í síma 577-4500 og pantaðu tíma.
Verðdæmi um tímareimaskipti:
Nissan Patrol 2,8 dísil Árgerð 1992-2000 Heildarverð, varahlutur og vinna: 34.606 kr.
Toyota Land Cruiser 90 3,0D Árgerð 1997-2002 Heildarverð, varahlutur og vinna: 34.427 kr.
Toyota Corolla 1,6 bensín Árgerð 1997-2001 Heildarverð, varahlutur og vinna: 34.212 kr.
VW Golf 1,6 bensín Árgerð 1997-2006 Heildarverð, varahlutur og vinna: 36.213 kr.
Ford Focus 1,6 bensín Árgerð 1998-2005 Heildarverð, varahlutur og vinna: 39.958 kr.
Opið virka daga kl. 8:00 til 18:00
www.velaland.is

Vélaland sérhæfir sig í tímareimum. Komdu í Vélaland og fáðu ráðgjöf um skiptingu á tímareim. Vélaland skiptir fljótt og vel um tímareimina fyrir þig, á föstu verði.
Sjáðu hvar við erum. Hringdu núna í síma 577-4500 og pantaðu tíma.




VÉLALAND

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Samstaðan

Stjórnmálamenn eru þessa dagana iðnir við að innprenta okkur hinum nauðsyn samstöðu. Það eru erfiðir tímar, mikilvægt að landsmenn standi sem einn maður í þrengingunum og það allt. En hversu langt ná þessi orð þeirra? Á þjóðin að standa saman en er óþarfi að stjórnmálamennirnir geri það? Björk Vilhelmsdóttir borgarfulltrúi virðist í það minnsta ekki á samstöðubuxunum. Hún ræðst fram á ritvöllinn og rýfur samkomulag sem gert var í skipulagsráði vegna þess að henni finnst Júlíus Vífill Ingvarsson, formaður skipulagsráðs Reykjavíkur, fá óþarflega mikla athygli í fjölmiðlum.



### Samþykktin

Málavextir eru þessir. Samfylkingin lagði fram tillögu í skipulagsráði er varðar útisundlaug við Sundhöllina við Barónsstíg. Öllum ráðsmönnum leist vel á og lagði Júlíus Vífill til að þess yrði ekki getið sérstaklega hvaðan tillagan væri ættuð heldur yrði hún gerð að tillögu ráðsins alls. Það var samþykkt. Fjölmiðlar fjölluðu um sundlaugina og töluðu – eðlilega – við Júlíus formann.

### Stemningin

Björk virðist hafa sviðið að sjá Júlíus ræða um sundlaugina í fjölmiðlum. Hún skrifaði því grein í Moggann á þriðjudag þar sem hún bar honum á brýn að skreyta sig með stolnum fjöðrum. Hann hefði auk þess notið þess að gera sér mat úr málinu og sér væri ljúft að upplýsa að Samfylkingin hefði haft frumkvæði að málinu. Vitaskuld svaraði Júlíus í Mogganum í gær og sagðist aldrei hafa eignað sér hugmyndina. Hins vegar væri það eitt víst að ekki ætti Björk hana. Sjálfsagt er málinu ekki lokið en eins og sakir standa virðist Björk hafa rofið samkomulag af því að Júlíus talaði um skipulagsmál af of miklum áhuga og jafnvel innlifun.



bjorn@frettabladid.is

# Ekki einkamál Íslendinga

Þegar Ísland lendir í stórfelldum kröggum, eru þær ekki einkamál Íslendinga. Til þess liggja tvær höfuðástæður. Í fyrsta lagi þurfa Íslendingar nú á erlendri aðstoð að halda, og okkur er flestum engin mikils háttar minnkun að því. Sæla er að gefa en þiggja, satt er það, en nú þurfum við að þiggja liðsinni annarra.

Það er ekki einkamál hvers og eins, hversu mikla hjálp hann þiggur af öðrum. Við eigum kost á aðstoð, því að við höfum með alþjóðasamningum tryggt okkur aðild að stórri fjölskyldu vinaþjóða og annarra, þar sem menn hjálpast að. Til þess eru fjölskyldur: orðið segir allt, sem segja þarf. Ríkisstjórnin hefur teflt skákina þannig, að hjálpin þarf nú að berast án frekari tafar frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum (IMF). Það er að minni hyggju góður kostur eins og allt er í pottinn búið.

Margt bendir til, að Seðlabankar Norðurlanda, Evrópu og Bandaríkjanna hafi fyrir alllöngu ráðlagt ríkisstjórninni að leita til sjóðsins, þegar ljóst var, hvert stefndi, en ríkisstjórnin hafi færzt undan. Sé svo, bætist enn við langt syndaregistur ríkisstjórnarinnar. Ekki er heldur óhugsandi, að Rússar reyni einnig að beina Íslendingum til sjóðsins, enda myndu þeir með því móti taka sér stöðu með iðnríkjunum, sem eru hryggjarstykkið í sjóðnum. Veiti Rússar Íslendingum lán með veikari skilyrðum en sjóðurinn myndi veita, eiga Rússar á hættu að skaða samskipti sín við iðnríkin.

Aðalatriðið er þetta, eins og hagfræðingarnir Jónas Haralz og Ólafur Ísleifsson hafa einnig bent á: Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn ræður aðildarlöndum jafnan ekki að gera annað en það, sem þau þurfa að gera hvort eð



ÞORVALDUR GYLFASON

Í DAG | Vegurinn fram á við

er, en hafa ekki afl til að gera á eigin spýtur. Sjóðurinn blandar sér ekki í innlend stjórnmál, það er grundvallarreglan, en honum ber samkvæmt stofnsáttmála að setja skilyrði fyrir fjárhagsaðstoð. Honum ber einnig að fylgjast með, hvort skilyrðin eru virt. Þetta er gert til að auka líkurnar á, að hjálpin nýtist svo sem að er stefnt og landið geti staðið í skilum.

### Alþjóðleg rannsóknarnefnd

Í annan stað á umheimurinn refjalausa heimtingu á að fá að vita, hvað fór úrskeiðis hér heima. Íslendingar geta ekki verið þekktir fyrir að reyna að halda því leyndu, þar eð aðrar þjóðir þurfa að fá að læra af mistökum íslenzkra stjórnvalda auk þess sem þær búast nú til að rétta Íslandi hjálparhönd. Hér færi að minni hyggju bezt á því, að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn beitti sér fyrir skipan óháðrar alþjóðlegrar rannsóknarnefndar, sem verði skipuð reyndum erlendum sérfræðingum. Þessi nefnd þyrfti að vinna hratt og birta álit sitt opinberlega sem fyrst. Þjóðin þarfnast slíkrar nefndar til að endurreisa traust milli manna og traust umheimsins. Reynslan utan úr heimi sýnir, að bankahrun af því tagi, sem hér hefur átt sér stað, getur leitt til óstöðugs stjórnarfars og myndunar öfgahópa, sem bítast um brakið og berja stríðsbumbur. Heilbrigð stjórnmálaþróun útheimtir, að forsagan sé rétt rakin og öllum hliðum málsins til haga haldið. Sjóðurinn hefur ekki áður hvatt til slíks upgjörs eða sett slíkt skilyrði fyrir aðstoð við aðildarland, en hann gæti átt eftir að grípa til þessa ráðs í öðrum löndum síðar, ef vel tekist til á Íslandi. Þeir, sem óttast, að sjóðurinn leggi harkalegri efnahagsráð að stjórnvöldum en þau myndu reyna sjálf án aðkomu sjóðsins, geta huggað sig við, að án sjóðsins og erlendrar rannsóknar fengju öll kurl trúlega aldrei að koma til grafar í þessu alvarlega máli. Þessu ættu þeir að velta fyrir sér, sem tortryggja sjóðinn vegna þeirrar réttmætu gagnrýni, sem hann sætti fyrir sum ráðin, sem hann veitti Asíulöndum í fjármálakreppunni þar fyrir áratug. Sjóðnum varð þar að sumu leyti á í messunni, og hann hefur beðið forláts á því. Þá virtust hvorki hagfræðingar sjóðsins né aðrir margt af því, sem við þykjumst nú vita í ljósi reynslunnar. Því fór sem fór. Litlar líkur eru því til þess, að sagan frá Asíu myndi endurtaka sig á Íslandi.

### Hvítþvottarbók? Nei takk

Íslendingar eiga ekki að koma sjálfir að verki rannsóknarnefndarinnar nema sem ráðgjafar og ritarar. Fráleitt væri, að ríkisstjórnin gæfi sjálf út hvítbók um málið líkt og forsætisráðherra hefur nefnt, því að hún yrði sennilega hvítþvottarbók. Líkast til þyrftum við einnig aðstoð útlendinga við að vinna úr áliti nefndarinnar, því að víða er pottur brotinn í réttarkerfinu hér eins og allir vita síður en í efnahagsmálunum. Nefndin myndi væntanlega leggja á ráðin um úrvinnsluna.

# Að segja satt og rétt frá

UMRÆÐAN

Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir skrifar um REI-málið



ÞORBJÖRG HELGA VIGFÚSDÓTTIR

Borgarfulltrúarnir Sigrún Elsa Smáradóttir og Svandís Svavarsdóttir fjalla um REI-málið í Fréttablaðinu á mánudaginn undir fyrirsögninni „Sannleikurinn er góður grunnur". Grein þeirra gengur út á að rengja ummæli Hannesar Hólmsteins Gissurarsonar um að hinir svokölluðu sexmenningar hafi komið í veg fyrir kaup FL Group og Geysis Green Energy á REI. Í staðinn bjóða þær upp á söguskýringar sem ganga út á að eigna sjálfum sér það þarfaverk að hafa stöðvað málið.

Lykilatriði í málinu er að stjórn OR samþykkti söluna á REI til FL Group og Geysis Green á stjórnarfundi fyrir ári. Sigrún Elsa sat þennan örlagaríka stjórnarfund fyrir hönd Samfylkingarinnar og samþykkti söluna. Svandís sat einnig fundinn fyrir hönd Vinstri grænna og ákvað hún að sitja hjá við afgreiðslu málsins. Að sitja hjá er því miður fyrir Svandísi hreint ekki það sama og vera á móti málinu og segja nei.

Með þessar staðreyndir í huga er því frekar skondið að sjá borgarfulltrúana tvo segjast segja sannleikann í grein sinni þar sem þær reyna að eigna sér stöðvun málsins. Augljóst er af ofansögðu að sú túlkun er röng.

Enginn af okkur „sexmenningum" sat í stjórn OR sem samþykkti söluna. Þar sem við vorum hins vegar algerlega á móti málinu frá fyrstu mínútu upphófst atburðarás sem borgarbúar þekkja ágætlega. Sú atburðarás leiddi til þess að salan á REI og miklum verðmætum úr OR gekk ekki eftir. Þvert á það sem stjórn OR ákvað, með Sigrúnu Elsu og Svandísi innanborðs.

Við sex borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins sem vorum allan tímann á móti málinu upplifðum verulegt mótlæti í fyrra fyrir það að standa föst á sannfæringu okkar. Það er fróðlegt í dag, þegar öllum er það ljóst að það hefði verið algert glapræði að selja REI og stóran hluta Orkuveitunnar til áhættufjárfesta eins og lagt var upp með, að sjá borgarfulltrúa sem kusu með málinu eða sátu hjá vilja eigna sér málið.

*Höfundur er borgarfulltrúi.*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRAR:** Björn Ingi Hrafnsson *bih@markadurinn.is* og Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Emilía Örlygsdóttir *emilia@frettabladid.is* og Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*


NÓATÚN
TILBOÐ
Ódýrt og gott!
40% afsláttur
Móa kjúklingur ferskur
Bestir í kjöti!
Úr fiskborði
Ýsa í raspi
998 kr./kg
Verð áður 1.398
Úr kjötborði
Grísapanna í thai
998 kr./kg
Verð áður 1.498
Úr kjötborði
Ungnautaborgari 120g
139 kr./stk
Verð áður 239
Mentos Fruit
79 kr/pk
Grand Italia Fusilli 500g
189 kr/pk
Pepsi Max 2 L
129 kr/2L
Verð áður 189
Kelloggs Special K 500g
399 kr/pk
Verð áður 519
Tvöfaldir Vildarpunktar!
16. okt.-30. nóv.
Gildir af allri veltu
Kortið sem kemur þér út
www noatun.is
Léttir þér lífið!
NÓATÚN
Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillu og/eða myndabrengl
EXPO - www.expo.is

# Einangrunarsinnar og ESB

**UMRÆÐAN**
Bjarni Harðarson skrifar um Evrópumál


BJARNI HARÐARSON

Fyrir ári síðan bar mikið á þeim rökum íslenskra bankamanna að ef landið væri hluti af ESB og myntbandalagi Evrópuþjóða væri öryggi íslensku bankanna með öðrum hætti. Nú þegar bankakreppan ríður yfir er ljóst að sú vernd sem menn töldu vera af Evrópska seðlabankanum er ekki fyrir hendi. Hvert ríki innan ESB reynir nú að bjarga sínu og samstaða þar er þverrandi.

Aðild Íslands að EMU hefði þannig einungis komið inn falskri öryggiskennd ríkisvalds og banka og þar með stefnt þjóðarbúinu í enn meiri voða en þó er orðinn í dag. Í annan stað er öllum ljóst nú að það er ekki síst fyrir tilvist EES-samningsins sem fáeinum íslenskum fjárglæframönnum hefur tekist að koma orðspori okkar og hagkerfi í verri stöðu en nokkurn óraði fyrir. Þeir hefðu haft sömu og jafnvel enn háskalegri stöðu innan ESB.

### Einangrun eða ESB

Meðal talsmanna aukins Evrópusamruna er oft og einatt teflt fram að þeir sem tala gegn slíku séu einangrunarsinnar. Þessi rök voru mjög notuð í umræðunni um EES-samninginn sem keyrður var í gegn af ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Alþýðuflokksins sáluga árið 1993. Framsóknarflokkurinn varaði þá við þeim samningi og taldi hann ganga gegn fullveldi þjóðarinnar. Í dag er því enn haldið fram að þeir séu einangrunarsinnar sem ekki vilja leiða þjóðina í Evrópusambandsaðild.

Hér eru mikil fornaldarsjónarmið á ferðinni því allt frá lokum miðalda hafa Evrópubúar vitað að álfa þeirra er harla lítill hluti af heimsbyggðinni. Nú við byrjun nýrrar aldar vita hagfræðingar og upplýstir stjórnmálamenn enn fremur að Evrópa er sá hluti heimsbyggðar þar sem hvað minnstir vaxtamöguleikar eru í verslun og viðskiptum. Viðbrögð gömlu heimsveldanna í Evrópu við þessari þróun er að einangra álfuna og byggja utan um hana tollamúra en opna fyrir aukin viðskipti milli ríkja innan álfunnar. Í reynd er þetta einangrunarstefna sem ekki er til farsældar fallin.

Bankakreppan nú er líkleg til að laska verulega þann samruna sem orðið hefur milli Evrópuríkja og því er jafnvel spáð að evran eigi erfitt uppdráttar á næstu árum. Ekki vil ég þó óska henni annars en góðs. En það er stór hætta á að kreppan nú leiði líkt og fyrri kreppur til aukinnar einangrunarstefnu allra iðnríkja og þar er fetað inn á slóð sem gömlu Evrópuveldin þekkja vel. Við Íslendingar eigum að vara okkur á slíkum viðbrögðum.

### Heilbrigð milliríkjaviðskipti

Vitaskuld eru bankagjaldþrotin áfellisdómur yfir landamæralausum útrásarvíkingum. Við eigum því að endurskoða margt sem fylgt hefur hinu svokallaða fjórfrelsi EES-samningsins, einkanlega þar sem bönkum er gefinn laus taumur. En við eigum jafnframt að halda áfram að slaka hér á tollum og auka fríverslun okkar við sem flesta heimshluta. Hugmyndir um alþjóðlega fjármála- og viðskiptamiðstöð á Íslandi milli austurs og vesturs gátu átt meira erindi til okkar en nokkru sinni. En ekkert slíkt getum við þróað innan vébanda ESB. Þess vegna eru það öfugmæli hin mestu þegar ESB-sinnar halda því fram að þeir séu hinir frjálslyndu alþjóðasinnar.

Ef vel á að fara verðum við Íslendingar að gæta þess eftirleiðis að innleiða ekki á færibandi lagasetningu ESB án þess að kanna til hlítar hvaða afleiðingar það hefur fyrir þjóðarbúið. Icesave-reikningarnir færa okkur heim sanninn um að ef gáum ekki að okkur mun enginn annar tryggja að lagaumhverfið samrýmist íslenskum hagsmunum.

### Lúalegt kosningabragð

Undanfarin misseri hefur mikið verið rætt um þá kröfu að þjóðin fái að kjósa um mögulega ESB-aðild. Á sínum tíma gerðu framsóknarmenn og fleiri gagnrýnendur EES-samnings kröfu um kosningar um þann samning en hlutu ekki til þess stuðning. Sumir af þeim sömu og nú tala fyrir kosningum um aðild beittu sér þá með öðrum hætti.

Komi til þess að þjóðin gangi að kjörborði um stöðu okkar í alþjóðasamfélaginu er full ástæða til að um leið fái hún að segja álit sitt á bæði Schengen-samstarfi og EES-samningnum. Svisslendingar sem þó hafa verið undir meiri þrýstingi en við að ganga inn í ESB náðu tvíhliða samningi við Brussel. Þar með eru þeir lausir undan að taka við lagafrumvörpum frá nágrönnum sínum. Með tvíhliða samningi gætu Íslendingar einnig komið sér út úr Schengen-samstarfinu en með því mætti uppræta hér skipulagðar erlendar glæpaklíkur sem hreiðra um sig á Íslandi í skjóli fjórfrelsisins.

*Höfundur er alþingismaður.*





Ofsi

Meistaraleg frásögn af ódæðisverki

- Einar Kárason fylgir Óvinafagnaði eftir -

30% kynningarafsláttur til 27. okt

verð 3.495,-

Í ár verða liðin 755 ár frá Flugumýrarbrennu, einum hrottalegasta atburði Íslandssögunnar, og í ár kemur út ný skáldsaga sem byggð er á brennunni, aðdraganda hennar og eftirköstum.

Í *Ofsa* glímir Einar Kárason við efni frá Sturlungaöld, líkt og í *Óvinafagnaði* sem út kom 2001 og hefur notið mikilla vinsælda æ síðan.

Opið til 22 öll kvöld

BÓKABÚÐ MÁLS & MENNINGAR LAUGAVEGI 18


# *Heilbrigðari starfsgrunnur lífsnauðsyn*

**UMRÆÐAN**
Magnús Halldórsson skrifar um samkeppni á fjölmiðlamarkaði


MAGNÚS HALLDÓRSSON

**1.** Þorsteinn Þorsteinsson, markaðsstjóri RÚV ohf., segir orðrétt í Markaðnum 16. júlí, í mótsvari við staðhæfingu um að RÚV ohf. njóti forgjafar á samkeppnismarkaði vegna ríkisinnheimtu á afnotagjöldum: „Það má […] alveg eins kalla það forgjöf að 365 [eða eitthvert annað einkarekið fjölmiðlafyrirtæki, innsk.] búi við tvo tekjustofna, þ.e. áskrift og auglýsingar.“ Hér fellur Þorsteinn í þá sjálftilbúnu gildru, að halda að einkarekin fjölmiðlafyrirtæki geti yfir höfuð búið við eiginlega forgjöf. Það er rangt hjá Þorsteini, og í sjálfu sér undarlegt að einhver sem titlar sig markaðsstjóra skilji ekki slíka grundvallarþætti markaðsstarfs.

Einkarekin fyrirtæki selja viðskiptavinum sínum þjónustu, og standa og falla með því að hún sé þess virði að kaupa hana. Þau eiga allt undir viðskiptavinum sínum. Grunnurinn sem RÚV ohf. starfar á, og réttilega má kalla forgjöf, er lögbundin innheimta á gjöldum frá Íslendingum. Á þessu tvennu er skýr munur; forgjöf vegna lögbundinnar tekjuöflunar, hvort sem fólki líkar betur eða verr, og svo seld þjónusta einkafyrirtækis, sem aðeins er keypt telji viðskiptavinurinn það vera þess virði. Þessi forgjöf, sem hún augljóslega er, skapar forskot á keppinauta um auglýsingar. Inntakið í svari Þorsteins, að fyrrnefndu leyti, er því rangt.

**2.** Ríkisfjölmiðlar – sem hafa frétta- og menningarlegu hlutverki að gegna samkvæmt lögum – í löndunum í kringum Ísland starfa ekki inni á auglýsingamarkaði. Ríkisútvörpin í Svíþjóð, Noregi, Danmörku, Finnlandi og Bretlandi starfa ekki inni á auglýsingamarkaði. Í Danmörku er þó sjónvarpsstöðin TV 2 í ríkiseigu, en þar er gerð krafa um fjárhagslegan aðskilnað þannig að ljóst sé að grunnur stöðvarinnar sé ekki niðugreiddur með skattfé. Þetta er efnislega sama krafa og samkeppniseftirlitið gerði við frumvarpið um RÚV ohf. Í áliti samkeppniseftirlitsins segir að þátttaka RÚV á auglýsingamarkaði feli í sér samkeppnislega mismunun – það er lögbrot – og tvær leiðir séu færar til að koma í veg fyrir hana. Annars vegar að horfið verði frá þátttöku á auglýsingamarkaði og hins vegar að tryggt sé, með fjárhagslegum aðskilnaði og sérstökum rásum og stöðvum, að skattfé niðurgreiði ekki samkeppnisstarfsemina. TV 2 byggist á seinna atriðinu. Það er reyndar umdeilt í Danmörku, enda hvílir ríkisstarfsemi ávallt á því að stoðirnar eru tryggðar með ríkisábyrgð, sem fæst á betri kjörum en einkafyrirtækjum bjóðast. Þátttaka ríkisins á samkeppnismörkuðum er því alltaf viðkvæm að því leyti. Dæmi Þorsteins í Markaðnum 16. júlí, um að TV 2 sýni að einkareknu íslensku stöðvarnar búi við betri kost en sambærileg fyrirtæki í Danmörku í ljósi 60 prósent markaðshlutdeildar TV 2 á auglýsingamarkaði, er því efnislega rangt og ekki viðeigandi sem dæmi.

**3.** Það sem hefur oft verið vanmetið er varðar þátttöku RÚV á samkeppnismarkaði, er smæð og viðkvæmni markaðarins. Á Íslandi búa um 318 þúsund manns og í ljósi þess er með hreinum ólíkindum að heildarvelta á auglýsingamarkaðnum sé um tíu milljarðar. Nánast útilokað er að auglýsingamarkaðurinn verði svo stór í ljósi hruns efnahagskerfis landsins. Mörg þúsund milljarða uppgufun á verðmætum úr skráðum íslenskum félögum á innan við ári, gefur vísbendingu um slæmar markaðsaðstæður til nokkuð langrar framtíðar, eins og allir finna nú fyrir.

Smæðin gerir markaðinn enn viðkvæmari fyrir sveiflum en ella, þar sem viðskiptavinir – fólk og fyrirtæki – þurfa einnig að laga sig að sömu breytum; sveiflum og viðkvæmni vegna smæðar. Hafi Þorsteinn áhuga á því að gera alþjóðlegan samanburð á markaði hér og erlendis þá væri líklega skynsamlegra að einangra sig við úthverfi borga, heldur en margfalt stærri þjóðir. Til dæmis myndu litlir fjölmiðlar í Herlev og Amager á stór-Kaupmannahafnarsvæðinu líklega gera athugasemdir við það, ef sveitarstjórnin á þessum svæðum tæki upp á því að gefa út fjölmiðil sem aflaði milljarðs á ári með auglýsingum. Markhópurinn, miðað við fólksfjölda, er svipaður og hér á landi.

**4.** Við þær aðstæður sem nú hafa skapast í íslensku efnahagslífi, þarf ríkisvaldið að spyrja hvort það sé eðlileg stefna, í ljósi gjörbreyttra markaðsaðstæðna, að afla tekna með auglýsingasölu í beinni samkeppni við einkafyrirtæki. Þær jafngilda um 3.200 krónum á hvern Íslending á ári. Sjálfstæðismenn, og reyndar sumir Samfylkingarmenn líka, hafa stundum hrópað á torgum að þeir séu á móti því að ríkið starfi á samkeppnismörkuðum. Lítil hugsjónafylgd er í þeim orðum ef horft er til fjölmiðlamarkaðar.

Enginn atvinnuvegur í landinu býr við viðlíka hlutdeild ríkisins á samkeppnismarkaði og fjölmiðlamarkaður. Tugir hafa þegar misst vinnuna á einkareknum fjölmiðlum í landinu það sem af er hausti og það gefur auga leið að sú þróun heldur áfram á næstunni. Nú þegar hefur næsmestlesna dagblað landsins, 24 stundir, sem hafði yfir 50 prósent jafnan lestur, verið aflagt. Fyrirsjáanlegt er að fjölbreytilegri frjálsri fjölmiðlun í landinu er ógnað á næstu misserum verði afstaða ríkisvaldsins til þess að afla tekna með auglýsingasölu, ekki endurskoðuð. Einkum er tímabært að gera þetta núna, þegar löggjafarvaldið þarf að fara í rækilega naflaskoðun vegna hruns íslensks efnahags.

Á undanförnum árum hafa einungis menn, sem hafa efni á því að tapa á fjölmiðlarekstri, haft áhuga á því að eiga fjölmiðla einhverra hluta vegna. Reikna má með því að í flestum lýðræðisríkjum hefði sú þróun kveikt á viðvörunarbjöllum hjá löggjafarvaldinu, en það gerðist ekki hér. Sé hlutdeild ríkisvaldsins á auglýsingamarkaði afnumin ættu að skapast aðstæður fyrir aðra en milljarðamæringa til að hafa möguleika á því að reka fjölmiðla í landinu til framtíðar. Þannig skapast heilbrigðari starfsgrunnur fyrir blaðamenn, lýðræðislega umræðu og rekstur fjölmiðlunar, bæði af hálfu ríkisvaldsins og einstaklinga úti í bæ.

*Höfundur er fyrrverandi fréttastjóri á 24 stundum og blaðamaður á Morgunblaðinu.*



Allt að
30%
afsláttur
Kuldadagar
í Útilíf
Allt troðið af kuldaúlpum og
kuldafatnaði á alla fjölskylduna.
Fjöldi tilboða.
HOLTAGÖRÐUM ○ GLÆSIBÆ ○ KRINGLUNNI ○ SMÁRALIND ○ SÍMI 545 1500
ÚTILÍF
ÍSLENSKA/SIA.IS/UTI 44030 10/08

**LEIKSTJÓRINN ANG LEE ER 54 ÁRA.**

*„Við gerð kínverskrar kvikmyndar gefurðu einfaldlega skipanir, enginn véfengir þig. Hér þarftu að sannfæra fólk og segja þeim af hverju þú vilt gera hlutina á ákveðinn hátt og þau véfengja þig. Lýðræði.“*

***Ang Lee fæddist í Taívan en foreldrar hans fluttu þangað árið 1949 frá Kína kommúnismans. Hann leikstýrði hinni geysivinsælu kvikmynd „Crouching Tiger, Hidden Dragon“ og hlaut Óskarsverðlaunin fyrir mynd sína „Brokeback Mountain“ árið 2006.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 23. OKTÓBER 1956

## Ungverska byltingin hefst

Uppreisnin í Ungverjalandi átti sér stað milli 23. október og 10. nóvember árið 1956. Uppreisnin hófst meðal námsmanna sem gengu mótmælagöngu í höfuðborginni Búdapest að ungverska þinghúsinu. Hluti námsmannanna reyndi að koma kröfum sínum á framfæri í ungverska útvarpinu en sá hópur var handtekinn. Þegar mótmælendur fyrir utan kröfðust lausnar þeirra skaut ungverska leyniþjónustan að mótmælendunum og þegar það fréttist brutust út óeirðir um allt landið. Þannig vatt mótmælaganga námsmanna upp á sig og endaði í uppreisn gegn leppstjórn Sovétmanna í Ungverjalandi.



Meðan á uppreisninni stóð var ungversku ríkisstjórninni bolað burt og þeir ríkisstarfsmenn sem voru hliðhollir Sovétríkjunum voru fangelsaðir eða teknir af lífi. Upphaflega vildu yfirvöld í Kreml taka upp samningaviðræður en það breyttist þó fljótt og Rauði herinn réðst inn í Ungverjaland 4. nóvember og barði niður uppreisnina. Þúsundir særðust og um 2.500 uppreisnarmenn létu lífið auk 720 sovéskra hermanna. Um 200 þúsund Ungverjar flýðu land og settust nokkrir flóttamenn að á Íslandi. Í kjölfarið minnkaði fylgi við kommúnismann á Vesturlöndum.

### MERKISATBURÐIR

**1938** Samband íslenskra berklasjúklinga, SÍBS, er stofnað.

**1976** Nýr flugvöllur við Sauðárkrók er formlega tekinn í notkun og nefndur Alexander Jóhannessyni háskólarektor og frumkvöðli í flugmálum. Flugbrautin var þá sú lengsta utan Keflavíkurflugvallar.

**1988** Íslendingar vinna til ellefu verðlauna á heimsleikum fatlaðra sem fram fóru á Ólympíuleikvanginum í Seúl 15.-23. október.

**1992** Akihito Japanskeisari stendur fyrstur Japanskeisara á kínverskri grundu.

**2001** Apple kynnir i-podinn.



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og bróðir,*

**Marteinn Sverrisson**

Langatanga 2, Mosfellsbæ,

lést á Landspítalanum 21. október. Útförin fer fram frá Lágafellskirkju miðvikudaginn 29. október kl. 13.00.

**Hrefna Kjartansdóttir**
**Sigrún Marteinsdóttir** **Jakob Sigurðsson**
**Bryndís Marteinsdóttir** **Haukur Páll Guðmundsson**
**Kjartan Marteinsson**
**Sigrún Sverrisdóttir** **Tomas Lindhagen**



†

*Okkar ástkæri eiginmaður, faðir, tengdafaðir, sonur, tengdasonur og afi,*

**Vilhjálmur Fenger**

Nesbala 44, Seltjarnarnesi,

lést þriðjudaginn 21. október. Hann verður jarðsunginn frá Dómkirkjunni í Reykjavík miðvikudaginn 29. október nk. kl. 15.00.

**Kristín Fenger**
**Björg Fenger** **Jón Sigurðsson**
**Ari Fenger** **Helga Lilja Gunnarsdóttir**
**Borghildur Fenger**
**Ruth Pálsdóttir**
**Sigurður, Styrmir og Vilhjálmur Darri.**



†

*Ástkær eiginmaður minn og frændi,*

**Sigurður Pétursson**

prentari, Hraunbæ 102 h, Reykjavík,

lést á Landspítalanum mánudaginn 20. október. Útför verður auglýst síðar.

**Sóley Brynjólfsdóttir**
**Sigurveig Alfreðsdóttir** **Gunnar H. Hall**
**og fjölskylda.**


**LEGSTEINAR OG FYLGIHLUTIR**

**Mikið úrval**
**Yfir 40 ára reynsla**
Sendum myndalista



*MOSAIK* Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 - www.mosaik.is


Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**



**SAMTAKAMÁTTURINN MIKILVÆGUR** Guðlaug Kristjánsdóttir, formaður BHM, telur mikilvægt að allir félagsmenn fái leiðréttingu á launum þó að ástandið sé erfitt. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

GUÐLAUG KRISTJÁNSDÓTTIR FORMAÐUR: BANDALAG HÁSKÓLAMANNA 50 ÁRA

## Samtakamáttur og mannauður

Í tilefni af fimmtíu ára afmæli Bandalags háskólamanna verður gefin út bók um sögu bandalagsins og segir Guðlaug Kristjánsdóttir, formaður Bandalags háskólamanna, að gaman sé að lesa um það sem menn voru að leggja út frá í upphafi. „Það er mjög svipað því sem verið er að hugsa í dag og má þar nefna þætti eins og að auka veg háskólamenntunar sem samnefnara fyrir aðildarfélög og baráttumál sem fylgja kjarabaráttu og hagsmunabaráttu hvers kyns. Á þeim tíma vissu menn ekki endilega hvað næsti maður var að gera í baráttunni og átti bandalagið því að upplýsa félaga og vera samræðuvettvangur. Svo er enn í dag.“

Bandalagið hefur stækkað í samræmi við aukna menntun þjóðarinnar en mun fleiri háskólamenn eru í dag en fyrir fimmtíu árum. „Auk þess hafa ýmsar greinar færst upp á háskólastigið og nýjar greinar hafa skapast. Útbreiðslan og það hvað nám er orðið almennt hefur stóraukið fjöldann. Einnig grunar mig að kynjahlutföllin hafa eitthvað breyst með meiri fjölbreytni í menntun félaga,“ segir Guðlaug og nefnir að enn sé í gildi hið eilífa markmið að láta rödd háskólamanna heyrast í þjóðfélaginu og að gera sig gildandi.

Samningar hjá Reykjavíkurborg og sveitarfélögum eru lausir og þar eru stórir hópar félagsmanna og félög sem ekki hafa fengið neina leiðréttingu á launum þótt ríkið og almennir markaðir hafi fengið einhverja leiðréttingu á árinu. „Það blæs ekki byrlega að vast í því en það er okkur mikið kappsmál að það sé kláruð ein umferð á línuna og fólk sé ekki skilið eftir án leiðréttingar til margra ára. Umhverfið hefur tekið stakkaskiptum þannig að erfitt er að sjá sóknarfærin í kjarabaráttunni nema þá helst að gæta skuli jöfnuðar,“ segir Guðlaug alvörugefin.

Þrátt fyrir að hálfrar aldar afmæli bandalagsins beri upp á umbrotatímum þá ætla félagsmenn sér ekki að láta deigan síga og halda daginn hátíðlegan. „Upp á síðkastið hefur nú mörgu fyrirmenninu orðið tíðrætt um hvað mannauður Íslands sé mikill, menntun hafi aukist til muna og að menntun erlendis sé góð fyrir tengslamyndun við umheiminn. Því teljum við upplagt að halda upp á það að saman er kominn stór hópur þeirra sem eru partur af þessum mannauði og hafa verið að sækja heim þekkingu og tengsla. Auk þess er samtakamátturinn mjög mikilvægur alls staðar og bandalög eiga fyllilega rétt á sér, sérstaklega í svona ólgusjó,“ segir Guðlaug ákveðin og bendir á að þegar unnið er hratt og fáir kallaðir til þá séu bandalög góður vettvangur til að koma sér á framfæri.

Auk þess að gefa út bók um sögu Bandalags háskólamanna og rafræna hátíðarútgáfu af BHM tíðindum mun verða haldið málþing um menntun í dag frá klukkan 13-16 á Grand hótel Reykjavík. Nefnist málþingið „Farseðill til framtíðar“ og þar verður velt upp spurningunni hvort nám borgi sig. „Við viljum fullyrða að menntun borgi sig en spurt er út frá einstaklingnum hvort nám tryggi stöðu hans á vinnumarkaðnum og hvort það skili sér í launaumslagið. Við fáum þarna fólk frá háskólunum, úr atvinnulífinu og fólk sem hefur sótt sér menntun og verða ólík sjónarmið kynnt,“ útskýrir Guðlaug áhugasöm og hlakkar til.

**hrefna@frettabladid.is**

### AFMÆLI



**MARGRÉT ÁKADÓTTIR** leikkona er 58 ára.



**ÞÓRA KARÍTAS ÁRNADÓTTIR** leikkona er 29 ára.



**BIRKIR RÚNAR GUNNARSSON,** sundmaður með meiru, er 31 árs.



**BJÖRN ÁSTMUNDSSON,** forstjóri Reykjalundar, er 63 ára.



**REYKINGAR** Íslendinga eru ekki eins miklar í ár og á síðasta ári samkvæmt niðurstöðu könnunar sem Capacent Gallup gerðir fyrir Lýðheilsustöð. Tíðni daglegra reykinga fullorðinna hefur lækkað úr 19,0 prósentum árið 2007 í 17,6 prósent 2008 og munar mest um að færri konur reykja.



FRÉTTABLAÐIÐ

**Sölufulltrúar** Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Hugi Garðarsson hugi@365.is 512 5447












Fatastíll Judithar hefur víða vakið athygli en hún hefur gaman af að klæðast litríkum fatnaði og mismunandi efnum. Hér klæðist hún glitrandi ullarbuxum og bomsum utan yfir skóna, líkt og notaðar voru á stríðsárunum, en Judith er dugleg við að nýta gamla hluti. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Sérsaumaðar ullarbuxur notaðar við hvert tilefni

**Búningahönnuðurinn Judith Amalía Jóhannsdóttir hefur gaman af fötum í ýmsu tilliti en auk þess að hafa skemmtilegan fatastíl hannar hún búninga fyrir leikhús. Forláta ullarbuxur eru uppáhaldið.**

„Ég á margar gerðir af þessum ullarbuxum sem kona norður í landi prjónaði fyrir mig. Ég eignaðist fyrstu buxurnar fyrir tæpum tveimur árum og hef notað þær nær samfleytt síðan – vetur, sumar, vor og haust,“ segir Judith ánægð.

Buxurnar er hægt að nota einar sér eða með sokkabuxum og fer það þá einfaldlega eftir hitastigi. „Ég uppgötvaði buxurnar fyrir tilviljun og síðan þá hef ég varla farið úr þeim. Þær eru skemmtileg viðbót við fataskápinn og hægt er að nota þær bæði einar sér og með pilsi,“ útskýrir Judith en hún hefur notað buxurnar jafnt í útilegu og sem tískufatnað. „Auk þess er ég mikið fyrir ull og mig klæjar ekki undan henni.“

Buxurnar sem Judith klæðist á myndinni eru með glitþræði en Judith á að minnsta kosti fjóra liti af buxunum. „Ég notaði buxurnar heilmikið úti í Mílanó þar sem ég bjó síðastliðinn vetur og vöktu þær ekki síður lukku þar,“ segir Judith en hún lærði búningahönnun á Ítalíu og hannaði nú síðast búninga fyrir Macbeth í Þjóðleikhúsinu. „Þetta er fyrsta stóra verkefnið mitt en áður hannaði ég búninga fyrir leiksýningu sem heitir Vinir og var frumsýnd í ágúst. Það er frábært að fá að byrja í Þjóðleikhúsinu en ég kom bara heim í júlí eftir ársnám í Mílanó,“ segir Judith og bætir við að búningahönnun á Ítalíu sé gjörólík því sem hér gerist. „Þar eru bara allt önnur og stærri viðmið og fleiri um hituna. Við vorum til að mynda alltaf að læra um búningahönnun fyrir Scala-óperuna,“ segir Judith sem er ánægð með að vera komin heim í litlu hringiðuna á Íslandi.

*hrefna@frettabladid.is*





**B-VÍTAMÍN** eru vatnsleysanleg vítamín. Vatnsleysanleg vítamín eru ólík fituleysanlegu vítamínunum að því leyti að þau safnast ekki fyrir í líkamanum og valda því síður eiturverkunum.




# Mamma semur keppnisdansinn

**Íslenski Listdansskólinn sendir í fyrsta sinn fulltrúa í alþjóðlega listdanskeppni í Peking sem fer fram 27. október til 2. nóvember. Þúsundir sækja um á hverju ári og rétt rúmlega hundrað komast að.**

Frank Fannar Pedersen, átján ára listdansnemi, er á leið til Kína til að taka þátt í listdanskeppni fyrstur Íslendinga. Keppnin kallast Bejing international ballet competition og er nú haldin þriðja árið í röð. Keppnin er mjög virt og mikil umfangs og talsverður heiður að komast þar að.

„Já, það er það, maður sendir inn upptöku af sér að dansa og svo eru valdir 112 keppendur af mörg þúsund umsækjendum,“ útskýrir Frank. „Auk þess eru 40 valdir af þessum 112 sem fá allt borgað fyrir sig í keppninni, ferðakostnað og uppihald og annað og ég var einn af þessum fjörutíu.“

Keppnin stendur yfir í tíu daga og sýnir hver keppandi fjóra klassíska sólódansa og svo einn nútímadans. Frank mun dansa nútímadans sem saminn var fyrir hann af móður hans, Katrínu Hall, en hún er listdansstjóri Íslenska dansflokksins.

„Það hefur verið mjög gott og gaman að vinna með mömmu. Hún hefur mikla reynslu og maður getur alltaf lært mikið af foreldrum sínum. Samstarfið hefur gengið vel og engin rifrildi komið upp enn þá,“ segir hann og hlær. „Dansinn er fjórar mínútur og fjallar um ungan mann sem er áttavilltur og þarf að velja sér leið í lífinu.“

Frank til halds og trausts í Kína verður skólastjóri Listdansskóla Íslands og kennari, Lauren Hauser. Umsóknarfrestur í keppnina rennur út í maí ár hvert en Íslenski listdansskólinn fékk þó ekki að vita af henni fyrr en í ágúst og þá var gengið frá umsókn Franks. Æfingar hafa því verið stífar undanfarinn mánuð hjá Frank en margir æfa mánuðum saman fyrir þessa keppni. En þó undirbúningstíminn hafi ekki verið langur lætur Frank þó engan bilbug á sér finna og ætlar til keppni með opnum hug. „Ég er mjög spenntur og þetta verður ofboðslega lærdómsríkt. Það eru ekki margir karldansarar í þessum geira á Íslandi svo það verður mikilvægt fyrir mig að fá þennan samanburð sem ég fæ þarna úti. Það er mikið álag á manni í svona stórum keppnum en ég komst í fimm stráka úrslit í keppni í Svíþjóð í vor svo það hjálpar mér að hafa tekið þátt í keppnum áður.“

Spurður hvað taki síðan við svarar Frank því til að það verði að ráðast. Hann klárar Listdansskóla Íslands um jólin og getur vel hugsað sér háskólanám. „Nútímadansinn höfðar meira til mín eftir því sem ég eldist. Ég fer örugglega í háskólanám og þá heilla Þýskaland, Holland og Belgía en þar eru suðupottarnir í nútímadönsunum í dag.“

*heida@frettabladid.is*



Frank Fannar Pedersen, nemandi í listdansi, fer utan til Kína á föstudaginn til að keppa í listdansi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA














**HAUSTÚTSALAN** stendur sem hæst í Smáralind en henni lýkur sunnudaginn 26. október. Á útsölunni má finna flottar flíkur á alla fjölskylduna á allt að 80 prósenta afslætti.



## ÚR HÁBORG TÍSKUNNAR

**Bergþór Bjarnason skrifar frá París**



# Öld endurvinnslu

Í lok tuttugustu aldarinnar var heimur tískunnar töluvert mótaður af tveimur hæfileikaríkum hönnuðum, þeim Yves Saint Laurent og Karl Lagerfeld, fæddum 1936 og 1939. Reyndar hafa þeir enn áhrif á nýrri öld.

Í áhugaverðri nýútkominni bók sinni, „Beautiful People“, segir Alicia Drake frá lífi þessara tveggja manna, í fyrstu vina en síðar óvina vegna sameiginlegs elskhuga. Margt er líkt með þeim en þó svo ótalmargt sem skilur þá að. Til dæmis má nefna að YSL fylgir hefð hönnuða frá fyrri tíð. Hann byrjar á að hanna fyrir annað tískuhús og eftir að hafa vakið mikla athygli hjá Dior stofnar hann sitt eigið tískuhús 1958. Karl Lagerfeld er þekktastur fyrir að hanna fyrir önnur tískuhús, fyrst hjá Balmain, svo Patou, Chloè og síðar Chanel en merki Karls Lagerfeld náði aldrei neinu flugi og varð gjaldþrota fyrir nokkuð löngu.

YSL skynjar vel breytingar áranna í kringum 1968 þegar hátískuhúsin loka eitt af öðru og klæðaburður kvenna gjörbyltist líkt og svo margt annað með kvennahreyfingunni. Þannig verður hann fyrstur til að hanna fjöldaframleiddan fatnað og opna prèt-à-porter- (tilbúið til notkunar) búðir. Reyndar segir í bókinni að YSL hafi alls ekki fundið upp kvenbuxurnar þegar hann kynnti buxnadragtina 1968 en það er Pierre Bergé, lífsförunautur YSL og heilinn að baki stórveldis hans, sem heldur utan um markaðssetninguna og kynnir YSL sem frumkvöðul á flestum sviðum. Þannig setur hann YSL á stall listamans í stað hönnuðar. Karl Lagerfeld er hins vegar frekar hönnuður en listamaður og lætur best að setja stafina sína við nöfn annarra. Það er tími mikilla breytinga og villtra veislna, eiturlyfja og frjálsra ásta. Fjörið er á Palace í París með Andy Warhol, Biöncu Jagger og Palomu Picasso.

Karl Lagerfeld er líklega fyrstur þeirra hönnuða sem seinna áttu eftir að fylgja í kjölfar listamanna eins og YSL. Í dag eru flest tískuhús í höndum ungra hönnuða sem ekki hafa haft fjármuni eða hugrekki til að skapa sín eigin tískuhús, kallaðir listrænir stjórnendur. Það má nefna John Galliano hjá Dior, Marc Jacobs hjá Vuitton, Nicolas Ghesquière hjá Balenciaga, Riccardo Tisci hjá Givenchy og Alber Elbaz hjá Lanvin.

Upp er runnin öld endurvinnslutísku. Þessir ungu hönnuðir vinna upp úr arfleifð fyrirrennara sinna og nútímavæða það sem áður hefur verið hannað. Spurning hvort hægt sé að tala um raunverulega listræna sköpun.

Karl Lagerfeld er hins vegar ekki kátur þessa dagana og reynir að koma í veg fyrir dreifingu bókarinnar.

*bergb75@free.fr*



# Flutt í hringiðuna

**Verslunin Lykkjufall flytur á Laugaveg.**

Verslunin Lykkjufall, sem opnaði í Garðastræti 2 árið 2006, er flutt á Laugaveg 39.

Fatahönnuðurinn Sigrún Baldursdóttir selur þar peysur fyrir konur með börn á brjósti og eru útgáfurnar fjölmargar. Peysurnar eru líka hugaðar sem tískufatnaður og henta jafnt nýbökuðum mæðrum sem og öðrum. Þá hefur Sigrún aukið við úrvalið og selur litríka barnalínu, spiladósir með íslenskum þjóðlögum, lopapeysur, skrírnarkjóla og ýmsa smávöru. - ve


**Stelpukvöld í Hólagarði**
**fimmtudaginn 23.okt. 2008 kl. 19:30 – 10:00**
Tilboð, kynningar, afslættir. Boðið verður upp á léttar veitingar.
Allir velkomnir og takið með ykkur gesti.
Vefta
Tískuföt
Vefta • Lóuhólum 2-4 • S: 557 2010 • & Þönglabakka 6 • S: 578 2050





**Darcey - glæsilegur BH**
í D,DD,E,F,FF,G skálum á
kr. 6.850,-





**MISTY** - LAUGAVEGI 178,
105 REYKJAVÍK sími 551-3366
misty@misty.is www.misty.is
opið mán-fös kl **10-18** lau kl.**10-14**







## Með stjörnur í huga

FÁGUN OG FEGURÐ EINKENNIR HELSTU NÝJUNGAR DIOR.

Hönnun Diorshow Iconic maskarans er innblásin af stórstjörnum úr hátískuheiminum. Plíseruð lögun burstans, sem er gerður úr gúmmíhárum, gerir það að verkum að hægt er að aðskilja hvert einasta augnhár. Þau verða uppbrettari en nokkru sinni fyrr, löng og glæsileg. Þá er formúlan vítamínbætt til að tryggja augnhárunum vörn og endurnýjun.

Dior Homme Sport-rakspíranum er ætlað að fanga persónutöfra leikarans Jude Law en það sem einkennir rakspírann einna helst er orka og ferskleiki. Í ilminum leikur engifer stærsta hlutverkið í bland við sítrónu og sedrusvið.

*- ve*




vísir.is
„...ég sá það á vísi“



TRIND
Ávallt No 1





**Nákvæmar íslenskar leiðbeiningar á www.Trind.com**
Útsölustaðir: Apótek og snyrtivöruverslanir





skart company





**Ein flottasta skart- og fylgihlutaverslun landsins hefur opnað við búðarkassana í Hagkaup Smáralind**

**Frábært úrval af skarti, hárskrauti, töskum, hárlengingum, úrum, húfum, vettlingum ofl.**



**ÖRBYLGJUOFNINN** þarf reglulega að þrífa. Ágætt er að setja skál með vatni og niðursneiddri sítrónu í ofninn og hita í smástund og þurrka síðan innan úr ofninum með klút.

# Huggulegt að föndra heima

**Edda útgáfa hefur nýverið gefið út þrjár föndurbækur þar sem heimilisiðnaður er í hávegum hafður. Bækurnar eru allar í ritröð föndurbóka sem kallast Hugmyndabanki heimilanna.**

Bækurnar sem um ræðir eru Haust- og vetrarskreytingar eftir Edle Chatarinu Norman, Heklað af list eftir Fridu Pontén og Stimplað á pappír, tré og tau eftir Marie Andreassen og Turid Strand.

Fyrsta bókin, Haust- og vetrarskreytingar, er sneisafull af snjöllum hugmyndum til að skreyta heimilið með. Áhersla er á að nota efni úr náttúrunni sem eru aðgengileg á haustin og veturna.




Föndurbækurnar þrjár eru skemmtilegur hugmyndabanki fyrir heimilin en þar má finna ýmsar leiðir til að gæða gamla hluti nýju lífi sem og að útbúa nýja. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Í bókinni Heklað af list er að finna uppskriftir að ýmsum fallegum nytjahlutum sem einfalt og skemmtilegt er að gera. Einnig eru góðar hugmyndir um hvernig má gæða gamlar flíkur nýju lífi. Kapp er lagt á að hafa leiðbeiningarnar sem einfaldastar og aftast í bókinni má finna skýringar í máli og myndum.

Í föndurbókinni Stimplað á pappír, tré og tau er, eins og nafnið gefur til kynna, sýnt hvernig útbúa má persónuleg gjafakort og fleira með stimplum. Einnig er sýnt hvernig stimpla má á dúka, ramma og föt.

Bækurnar eru allar í ritröð föndurbóka sem kallast Hugmyndabanki heimilanna en þeim er einnig dreift á almennum markaði og kosta í kringum 3.290 krónur. *-hs*



Tekkborð er eitt af markaðsmununum í Mosó.



Vantar ekki einhverja körfu undir handavinnuna?

# *Heimabakkelsi og bílskúrsgóss til sölu*

**Ýmsir eigulegir heimilismunir verða á sameiginlegum markaði Soroptimista og Kirkjukórs Mosfellsbæjar sem haldinn verður á morgun.**

Handprjónaðir sokkar verða til sölu á markaðinum í Mosfellsbæ og þar verður líka sitthvað matarkyns því konurnar í bænum kunna ýmislegt fyrir sér. Þær verða með heimabakað og ilmandi rúgbrauð til sölu, niðursoðna græna tómata, marmelaði og chilimauk. Af einni fréttist sem var í óða önn að sjóða niður rauðrófur.

Þær hafa líka fundið ýmislegt í bílskúrnum frúrnar. Það verður boðið til kaups á vægu verði að sögn Ingu Elínar Kristinsdóttur í Soroptimistaklúbbnum. „Þegar ástandið er eins og það er fannst okkur upplagt að draga fram það sem er í geymslunum því hver veit nema það geti komið öðrum að notum." Féð sem safnast fyrir gömlu munina er allt gefið til góðgerðamála að sögn Ingu Elínar. „Á laugardag ætlum við Soroptimistar einmitt að gefa ekta leirbrennsluofn til félagsstarfs eldri borgara," bendir hún á.

Markaðurinn verður frá 14 til 19 á morgun, föstudag, fyrir framan Bónus og ÁTVR í verslunarmiðstöðinni Kjarna. *- gun*







# Nýtum umhverfið til listsköpunar

## Haustkrans – efniviður skógarins

Sýnikennsla og leiðsögn við gerð kransa úr efnivið skógarins. Námskeiðið er í samstarfi við Endurmenntun LbhÍ og Skógræktarfélag Reykjavíkur.

**Tími:** Lau. 25. okt. frá kl. 10:00 – 15:00 að Elliðavatni.

## Aðventuskreytingar

Þátttakendur setja saman sínar eigin jólaskreytingar undir handleiðslu fagmanns. Námskeiðið er í samstarfi við Endurmenntun LbhÍ og Skógræktarfélag Reykjavíkur.

**Tími:** Lau. 22. nóv. að Elliðavatni.

## Grjóthleðsla

Farið verður í grunnatriðið grjóthleðslu og þátttakendur fá verklega þjálfun. Námskeiðið er í samstarfi við Skógræktarfélag Reykjavíkur.

**Tími:** 2. nóv. og 15. nóv. að Elliðavatni.

Nánari upplýsingar **www.tskoli.is/namskeid** eða með því að senda tölvupóst á ave@tskoli.is

Endurmenntunarskólinn
Tækniskólinn

zetor

www.tskoli.is

# veljum íslenskt

FIMMTUDAGUR 23. OKTÓBER 2008




MYND/ÁGÚSTA ARNARDÓTTIR

Komdu ruslinu
í öruggt skjól



Sorptunnuskýli
Snyrtileg lausn frá Steypustöðinni MEST

Gerðu garðinn frægan

Malarhöfði 10
110 Reykjavík

Sími 4 400 400
www.mest.is

mest

# Kryddblöndur beint úr kollinum

„Kryddblöndurnar birtust fyrst í huga mér þegar ég rak veitingahúsið Krákuna á níunda áratugnum og jafnóðum hef ég skrifað formúlurnar niður sem orðið hafa að sælgæti í matargerð landsmanna æ síðan,“ segir Sigfríð Þórisdóttir, eigandi Pottagaldra, sem framleiðir kryddblöndur sem íslenskum sælkerum eru að góðu kunnar fyrir ljúffengi og úrvals gæði frá því þær fyrst komu á markað árið 1994.

„Ég stofnaði Pottagaldra fyrir verðlaunafé sem mér hlotnaðist þegar ég á lokaönn í Tækniskólanum tók þátt í samkeppni um besta lambakjötsréttinn og vann í fjórum flokkum, fyrstu og önnur verðlaun. Þá byrjaði ég með kryddblöndur í pokum, en Íslendingum hugnaðist ekki að vasast með kryddjurtir í pokavís svo ég pakkaði framleiðslunni fljótlega í glerglös,“ segir Sigfríð sem byrjaði með átta kryddblöndur, þar af Lamb Islandia, Villijurtir og Ítalskt pastakrydd, sem enn eru meðal vinsælustu afurða Pottagaldra, sem nú samanstanda af fjörutíu mismunandi kryddblöndum.



Sigfríð Þórisdóttir með læri kryddað Lambi Islandia, en það landsfræga sælgæti kynnti hún í nánast öllum matvöruverslunum landsins á árum áður. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

„Um leið og krydd bauðst í glösum jókst salan um 100 prósent og síðan hefur fyrirtækið vaxið um 20 prósent á ári. Kryddjurtirnar kaupi ég af ævagömlu fyrirtæki í Hollandi, þar sem þær eru gufuhreinsaðar, sem er náttúrulegasta hreinsunaraðferðin, og aldrei hef ég notað aukaefni í kryddblöndur mínar; þær eru einungis samsettar úr brakandi ferskum kryddjurtum.“ *- þlg*



Einar eldaði sex útgáfur úr einu flaki af eldisbleikju og á eftir fengu allir að smakka.

# Eldisbleikjan kynnt amerískum nemum

**Fyrirtækið Samherji og Einar Geirsson matreiðslumeistari héldu á dögunum kynningu á eldisbleikju í Culinary Institut of America (CIA) sem þykir einn virtasti matvælaskóli í heimi.**

Samherji og Einar Geirsson, matreiðslumeistari og eigandi veitingastaðarins Rub23 á Akureyri, stóðu á dögunum fyrir kynningu á íslenskri eldisbleikju í Culinary Institut of America í New York. Tilgangurinn var að sýna bandarískum kokkanemum fram á möguleika bleikju í eldamennsku. Culinary Institut of America er annar tveggja stærstu matvælaskóla í Bandaríkjunum og mikill ávinningur að komast þar að með kynningu á hráefni.

„Það er í raun afrek að komast inn í þennan skóla með kynningu, þar sem hann er mjög virtur. Þarna eru um tvö þúsund nemendur og þeir reka fimm veitingastaði á skólalóðinni,“ útskýrir Einar. „Þarna læra þau allt um rekstur veitingastaða og allt í sambandi við




Einar Geirsson, kokkur og eigandi Rub23 á Akureyri, hefur unnið kynningarefni fyrir Samherja á eldisbleikju. Fyrirtækið er stærsti framleiðandi í heimi á eldisbleikju og flytur út bleikju frá Íslandsbleikju í Grindavík og Vatnsleysu og frá Silfurstjörnum í Öxarfirði.

mat og þjónustu. Svona kynning ætti því að skila sér í útflutningi þegar þessir nemendur taka kunnáttuna og hráefnið inn á sína veitingastaði.“

Að sögn Birgis Össurarsonar, sölustjóra hjá Samherja, vakti kynningin töluverða athygli. „Salurinn var fullsetinn af áhugasömum kokkanemum og kennurum. Ég hélt fyrirlestur um bleikjueldið á undan og svo eldaði Einar sex mismunandi rétti úr einu flaki sem allir 150 gestirnir fengu svo að bragða á og fékk bleikjan vægast sagt frábærar viðtökur,“ lýsir hann en Samherji er stærsti framleiðandi í heimi á eldisbleikju og hefur unnið markvisst að markaðssetningu erlendis í samstarfi við Einar.

Einar tekur í sama streng og segir kynninguna hafa gengið framar vonum. „Ég hef nú ekki áður staðið svona fyrir framan myndavélar eða svona fjölda en þetta gekk vel. Ég fílaði mig bara eins og Gordon Ramsey,“ segir hann og hlær.

Í framhaldinu var sett saman dagskrá fyrir nemendur þar sem þeir búa til uppskriftir fyrir bleikjuna, bestu uppskriftirnar fara svo með á kynningu í Boston í mars og sá nemandi sem vinnur uppskriftakeppnina þar fær að koma til Íslands. Einar og Birgir eru svo á leið til Frakklands í janúar á aðra matvælasýningu til að kynna bleikjuna frekar. *- rat*






# Ljúffengt íslenskt pestó

Ítölsk matargerð hefur skotið föstum rótum í íslenskum eldhúsum síðustu ár og áratugi. Pitsur eiga upp á pallborðið hjá velflestum, enda afar meðfærilegur og fjölbreyttur matur, og pasta hefur ekki síður slegið í gegn hjá ungum sem öldnum. Skiptar skoðanir eru þó á því hvað er best til þess fallið að bragðbæta þessa rétti; sumir eru harðir aðdáendur tómatafurða í öllum sínum birtingarmyndum, en aðrir hallast á sveif með pestói.




Þau gleðilegu tíðindi berast nú úr herbúðum matvælafyrirtækisins Ora að þar sé hafin framleiðsla á bæði grænu og rauðu pestói. Grænt pestó er sígild kryddjurtasósa en rautt pestó sameinar það besta úr heimi tómatafurða og kryddjurta þannig að úr verður ljúffeng blanda. Pestóið frá Ora er selt í handhægum glerkrukkum sem ættu þegar að vera komnar í næstu matvörubúð. *- vþ*



Pestó hentar vel með ýmsum mat, til að mynda bökuðum kartöflum. NORDICPHOTOS/GETTY


Veljum íslenskt
– okkar hagur!
SI
Samtök iðnaðarins - www.si.is






**Rauðará blæs á kreppuna**

Við skorum á framleiðendur í landinu að hækka ekki vörur í skjóli kreppu og skorum á fólkið í landinu að velja vörur frá íslenskum framleiðendum.
Við ætlum að leggja fram okkar framlag í þá sókn og bjóða ykkur upp á al íslenskan matseðil úr hágæða vörum frá íslenskum framleiðendum til lands og sjávar.

**Guðmundur Viðarsson**
Yfirmatreiðslumaður
Rauðará

3ja rétta **á verði einnar** nautasteikur

**Matseðill no.1**

**FORRÉTTUR**
Smáréttadiskur með saltfisk á tvo vegu ásamt seyði í bolla
**AÐALRÉTTUR**
Kryddhjúpað lambaprime með brasseruðum lambaframparti og haustgrænmeti
**EFTIRRÉTTUR**
Desert diskur að hætti rauðará

Verð. **kr. 4.990,-** pr mann

**Matseðill no.2**

**FORRÉTTUR**
Reyktur lax með humarsalati í turni
**AÐALRÉTTUR**
Osta og humarfyllt grísalund með kartöflugratín
**EFTIRRÉTTUR**
Desert diskur að hætti rauðará

Verð. **kr. 4.990,-** pr mann

Við skorum á fyrirtæki sem eru með getu og eru stöndug á Íslenskan mælikvarða.
**Sýnið gott fordæmi og hækkið ekki verð á matvöru ykkar**
Við verðum að halda í launamáttinn, ástandið er nógu slæmt fyrir.

**opið þriðjudaga til laugadaga**

RAUÐARÁ
RESTAURANT

Rauðarárstíg 37 | 105 Reykjavík
sími: 562 6766 | raudara@simnet.is



„Ég hef undanfarið hannað nokkrar týpur af höttum og húfum," segir Ágústa, sem hér ber höfuðfat úr eigin línu.



Fiskroð er efni sem gaman er að vinna úr og hreindýraleðrið er algjörlega einstakt að sögn Ágústu.



Íslenskara getur það varla orðið.

# Úr vönduðum efniviði

**Hreindýraleður og fiskroð eru hráefnin sem Ágústa Arnardóttir á Djúpavogi hannar úr dýrindis tískuvörur. Vörumerkið hennar er Gustadesign.**

„Ég hanna allt í samræmi við hráefnið og vil leyfa skinnunum að halda sér sem allra náttúrulegustum sem gerir það að verkum að engir tveir hlutir eru nákvæmlega eins," segir Ágústa. „Áður vann ég með roð og skinn hvort í sínu lagi en snillingarnir í skinnasútuninni á Sauðárkróki prófuðu sig áfram og náðu að lita hreindýr og fiskroð þannig að það tónar ótrúlega vel saman," bætir hún við.

Ágústa lærði hönnun í Iðnskólanum í Hafnarfirði og skó- og fylgihlutahönnun á Ítalíu. Hún er frá Hornafirði en býr á Djúpavogi og er nýkomin úr tveggja ára fæðingarorlofi því fyrsta barnið, Vigdís, fæddist í september 2006 og það næsta, Örn Þór, í febrúar á þessu ári. „Ég hef notið þess að hugsa um fjölskylduna mína en auðvitað hef ég haldið utan um fyrirtækið líka," segir Ágústa sem tekur framtíðinni fagnandi. Hún er að koma sér upp vinnustofu og verslun á Djúpavogi og stefnir á að stórauka framleiðsluna. Vörurnar hennar verða á sýningu Handverks og hönnunar í Ráðhúsi Reykjavíkur um næstu mánaðamót og á tískusýningu á Egilsstöðum 8. nóvember. Einnig má benda á síðuna www.gustadesign.is.



Á holdrosanum (bakhlið skinnsins) sést æðakerfið sem gerir það hráefni engu öðru líkt.

Ágústa telur Íslendinga eiga að einbeita sér að íslenskri framleiðslu og að styðja við bakið hver á öðrum. „Við erum rík af hönnuðum, handverksfólki og listamönnum hér á landinu," segir hún og kveðst hafa góða reynslu af vöruskiptum. „Þegar ég er í fatnaði eftir íslenska hönnuði er ég undantekningalaust spurð hvar ég hafi fengið flíkina. Þetta er góð auglýsingaleið því allir eru að gera mismunandi hluti. Ef Íslendingar standa saman og ríkisstjórnin styður við bakið á fyrirtækjum og einstaklingum í eigin rekstri, eins og hún segist ætla að gera, gætu þessi ósköp sem dunið hafa yfir þjóðina falið í sér stór tækifæri. Við verðum bara að vera bjartsýn."

*- gun*

# Bætt framboð og lægra verð

„Ég reikna með því að vöruúrvalið breytist lítið enda stöndum við sem þjóð framarlega í bakstri. Hins vegar er aukin verðsamkeppni vel hugsanleg þar sem við fáum nú fleiri tækifæri til að búa til vörur. Því meira sem við framleiðum því betra verð verður hægt að bjóða," segir bakarameistarinn Jóhannes Felixson, einnig þekktur sem Jói Fel, um aukna áherslu á íslenska framleiðslu í bakaríum sem stafar af hækkuðu verði á innfluttri vöru.

„Bakarar eru þegar farnir að láta til sín taka í kreppunni með því að bjóða vissar vörur á lækkuðu verði. Jafnvel þótt árferðið sé erfitt og eðlilegt hefði verið að hækka verð um síðustu mánaðamót með verðhækkun á hveiti. Eiginlega má segja að við séum að selja tilteknar vörur á kostnaðarverði," segir hann og bætir við að Hjá Jóa Fel standi til að framleiða vörur sem verði framvegis seldar á lægra verði. „Þær verða góðar en kannski ekki alveg eins vandaðar og þær dýru," segir Jóhannes, sem vonar að framboð á íslenskri vöru aukist líka í verslunum og stórmörkuðum. Hann telur þó ólíklegt að erlendar vörur komi til með að hverfa alfarið úr hillum verslana þótt þær verði ekki eins áberandi.

*- rve*



Jóhannes segir nú kjörið tækifæri til að koma íslenskri framleiðslu á framfæri.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI




# Ekkert smá sýrður rjómi!

1. ÁN BRAGÐEFNA
2. ÁN GELATÍN
3. ÁN ROTVARNAREFNA

MJÓLKA

www.mjolka.is




**Klakabönd og kvika kallast þessi verk sem verða til sýnis í Salnum í Kópavogi.** MYNDIR/ÚR EINKASAFNI

# Frásagnir á blásin form

„Við verðum með til sýnis verk sem við höfum unnið saman og hvor í sínu lagi. Ég verð til dæmis með glerverk sem ég hef ekki sýnt saman á Íslandi síðan 1984,“ segir glerlistakonan Sigrún Einarsdóttir um sýningu þeirra systra, hennar og Ólafar Einarsdóttur textíllistakonu, sem verður opnuð í Salnum í Kópavogi um næstu mánaðamót. Tilefnið er einleikstónleikar systursonar þeirra, Ögmundar Jóhannessonar, sem lauk með láði meistaranámi í gítarleik og tónlist við Mozart-tónlistarskólann og ætlar meðal annars að flytja verk eftir Takemitsu og Bach á tónleikunum.

„Þetta eru skúlptúrar sem við gerum úr þráðum og gleri,“ lýsir Sigrún og bætir við að þótt vel fari á með þeim systrum sé samstarfið vandasamt þar sem alltaf sé hætt við að samþætting listgreina verði „kitch“ eins og hún orðar það sjálf. „Ólöf verður síðan með til sýnis textíl-myndverk eftir sjálfa sig og þarna verða eftir mig frásagnir sem ég hef gert á blásin form, þar sem hversdagslegir atburðir eru sýndir í alvarlegu og skoplegu ljósi.“

Þrátt fyrir að hafa helgað sig ólíkum listgreinum hafa systurnar átt í góðu og farsælu samstarfi og meðal annars verið með sýningu í Kaupmannahöfn sem vakti á sínum tíma alþjóðlega athygli. Sigrún hefur ekki síður getið sér góðan orðstír fyrir framleiðslu á nytjahlutum undir formerkjum Gler í Bergvík á Kjalarnesi, þar á meðal fyrir ýmis félagasamtök og stofnanir. Má þar nefna Barnaheill, KSÍ, forseta Íslands, Fjöregg fyrir Matvæla- og næringarfræðingafélag Íslands og núna síðast verðlaunagrip sem Biskupsstofa afhenti á Riff-kvikmyndahátíðinni fyrir bestu myndina með siðferðislegum boðskap.

Sýningin í Salnum verður opnuð klukkan 15, 1. nóvember, og konsertinn hefst síðan klukkan 17 sama dag. Allir eru velkomnir. *- rve*



**Sigrún Einarsdóttir hefur ásamt systur sinni Ólöfu vakið alþjóðlega athygli fyrir verk sín.** FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI





**Stefanía hefur lagt stund á saumaskap í áratugi. Dóttir hennar Inga „Poko“ sinnir stundum fyrirsætustörfum fyrir hana.** MYND/INGA

# Notar mikið íslenska ull

**Reisn er yfir nafni fyrirtækis Stefaníu Aradóttur í Stykkishólmi. Það heitir Saumastofa Íslands enda sinnir það öllu landinu meðal annars gegnum netverslunina www.lost.is og með saumaskap fyrir tískubúðir í bænum.**



Slár og kjólar, velúrdress, náttkjólar og íþróttagallar. Allt þetta og margt fleira verður til í Saumastofu Íslands hjá Stefaníu Aradóttur. Ekki má heldur gleyma húfunum og vettlingunum. Nokkuð sem gott er að eiga á þessum árstíma.

„Ég er að sauma allt mögulegt og hef aðstöðu til að gera ótrúlegustu hluti,“ segir Stefanía sem bæði sérsaumar og fjöldaframleiðir. Hefur oft saumað dimmisjónbúninga og fatnað fyrir ýmsar verslanir í Reykjavík eins og Nakta apann, Spútnik og Herrafataverslun Kormáks og Skjaldar. Kveðst nota mikið íslenska ull til dæmis í húfur, vettlinga, peysur og slár. „Svo eru peysukjólarnir vinsælir hjá stelpum og ég fæ fullt af pöntunum að sunnan,“ segir hún og sýnir peysur með breiðu stroffi sem virkar eins og pils og peysan púffar yfir.

Stefanía rekur líka verslun í Hólminum sem heitir Lost og er þar með eigin frameiðslu og ýmislegt til saumaskapar og hyggur hún á landvinninga því um næstu mánaðamót mun hún opna aðra slíka búð í Mosfellsbæ. Einnig selur hún í gegnum heimasíðuna www.lost.is. Nafnið segir hún skammstöfun á setningunni „Látið okkur spara tíma“.

Saumastofa Íslands var stofnuð 2001 upp úr tveimur öðrum og flutti þá af höfuðborgarsvæðinu vestur í Stykkishólm. Stefanía kveðst sjá um saumaskapinn sjálf að miklu leyti. „En ég hóa í fólk þegar mig vantar hjálp, sem fer eftir verkefnastöðunni hverju sinni. Ég á þrjár dætur og þær hlaupa oft undir bagga.“ *- gun*




góðgæti frá Jóa Fel
Íslenskt handverk!
Öll brauð og allar kökur hjá Jóa Fel
eru unnar og bakaðar í bakaríi Jóa Fel í Holtagörðum.
Látum ekki deigan síga!
Veljum íslenskt gæðahandverk
Tilboðin gilda út nóvember
Steinbakað Braggabrauð
kr. 250
Hafrafittness
kr. 100
Súkkulaðibroskall
kr. 170
Jói Fel
BAKARÍ
Holtagarðar & Smáralind & Kringlan
Opið frá kl. 7 á morgnana, alla daga vikunar í Holtagörðum.

# Kjörinn áningastaður

Árið 1909 bauð Einar Jónsson íslensku þjóðinni öll verk sín að gjöf með því skilyrði að reist yrði yfir þau safnhús. Það var hins vegar ekki fyrr en árið 1914 sem Alþingi Íslendinga þáði gjöfina. Alþingi lagði fram 10.000.krónur og í landssöfnun söfnuðust 20.000 krónur og sýndu landsmenn því fyrsta myndhöggvara þjóðarinnar mikinn skilning frá upphafi.

Safnið á Skólavörðuhæðinni var fyrsta byggingin á hæðinni og var reist eftir teikningu listamannsins. Má því segja að safnbyggingin sé hans stærsti skúlptúr en þar vann hann verk sín, sýndi þau og bjó sér jafnframt heimili.

Safnið geymir hátt á þriðja hundrað verk sem spanna sextíu ára starfsferil Einars og er garðurinn einnig fullur af listaverkum og kjörinn áningastaður að sumri sem vetri.

Opnunartími safnsins er: 1. júní til 15. september, alla daga nema mánudaga klukkan 14 til 17 og 16. september til 31. maí, laugardaga og sunnudaga klukkan 14 til 17. Lokað er í desember og janúar. *- hs*



Einar Jónsson bæði bjó og starfaði í safninu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Brynhildur Guðjónsdóttir leikkona þykir fara á kostum í hlutverki Brákar. FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

# Töfrar Brákar

Þegar íslenskt er valið koma íslensku leikritin sem nú eru á fjölunum upp í hugann. Eitt þeirra er Brák sem sýnt er á Söguloftinu í Borgarnesi.

Þar fer Brynhildur Guðjónsdóttir leikkona á kostum og tekst með rödd sinni og líkamstjáningu að koma magnaðri sögu til skila á töfrandi hátt. Írska ambáttin Brák sem fær það vandasama hlutverk að ala upp óþekktarorminn Egil Skallagrímsson er í forgrunni.

Brynhildur hefur sjálf tekið saman efnið, ásamt eiginmanni sínum, Atla Rafni Sigurðarsyni, tvinnar það saman listilega og skírskotar til nútímans á skondinn hátt. Áður en varir eru tveir tímar liðnir og áhrifin og unaðslegt stefið sem Brynhildur syngur undir lokin fylgja áhorfandanum heim. *- gun*





Kristín Ómarsdóttir les úr verki sínu. FRÉTTABLAÐIÐ/GV

# Ástkæra, ylhýra

Þrjú skáld, sem eru með bækur í yfirvofandi jólabókaflóði, lesa úr verkum sínum í Listasafni ASÍ klukkan 16 á sunnudag í tilefni af lokun á myndlistarsýningu Haraldar Jónssonar, Myrkurlampa.

Þetta eru þau Hjálmar Sveinsson, sem flytur kafla úr opinskárri ævisögu Þórðar Sigtryggsonar organista, Kristín Ómarsdóttir, sem les upp úr ljóðabókinni Sjáðu fegurð þína, og Sjón, sem les úr skáldsögu sinni Rökkurbýsnir. Þetta er kjörið tækifæri fyrir landsmenn til að hlýða á okkar ástkæra, ylhýra spretta af vörum helstu skálda þjóðarinnar.

Listasafn ASÍ er opið frá klukkan 13 til 17 alla daga nema mánudaga. *- rve*

HEREFORD STEIKHÚS

Villibráðardagar
fim-sun fram að jólahlaðborði

Forréttar þrenna
Grafin gæs með hindberja-vinegar
Fashani með epla-compoti
Heitreykt önd með bláberja-sósu

Milliréttur
Villigæsasúpa

Aðalréttur
Hreindýrasteik með sykurhúðuðum kartöflum,
Waldorf salati og villisósu

Eftirréttur
Logandi Créme Bruée

Verð -6.900 Kr.

Glæsilegt jólahlaðborð hefst föstud. 21. nóv.

**Munið að panta í síma 511 3350**




Betri lífsstíll aukin orka með Herbalife. Reynsla í heilsuráðgjöf. Kaupauki/prufur. www.heilsuval.topdiet.is Rannveig iðjuþjálfi/einkaþj. s. 862 5920.

Taktu þér tak! Með Herbalife nærðu árangri og betri líðan. Erla Bjartmarz, s. 899 4183 www.eco.is

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Árangur með Herbalife í 28 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Þjónusta

Fyrir & Eftir

Erum flutt í nýtt húsnæði að Bæjarlind 12, Kópavogi. Fríir prufutímar - spennandi tilboð www.fyrirogeftir.is Heilsu- og snyrtistúdíó- Sími: 564 4858.

## Nudd

**Streitulosun**
www.lifoglikami.is - Brynjólfur Einarsson Bowen tæknir - S. 866 0007.

Glæsilegt heilnudd. Uppl. í s. 662 0841.

**Nudd - Japanska baðið**
Skrúbb, heitur pottur, veitingar, ditox og margt fl. Alltaf opið. S. 823 8280

Ferðanuddbekkir 50.000, ferðasnyrtibekkir 40.000 st.gr. uppl. í S: 891 6447 Óli

Whole body massage Telepone 841 8529.

## Námskeið



**SKARTGRIPIR - SILFUR**
Silfurleirnámskeið um helgina. Skráning í dag! Víravirki 30. okt. Tréútskurðr 1.-2.nóv. Handverkshúsið Bolholti s. 555-1212 Handverkshusid.is




## Kennsla

HEIMILISIÐNAÐARFÉLAG ÍSLANDS

**Náttúruleg nytjalist**
**Að flétta úr víðigreinum. Erindi um hvernig hægt er að vinna með náttúrulegt efni eins og víðigreinar. Anna María Pálsdóttir, garðyrkjuséfræðingur (MSc), flytur erindi fimmtudaginn 23. október kl. 19.30-21.30. Hún hefur haldið fjölda fyrirlestra um efnið, bæði hér heima og í Svíþjóð. Aðgangseyrir kr. 1.500.**
**Heimilisiðnaðarfélag Íslands Nethylur 2E 110 Reykjavík s: 551-5500 hfi@heimilisidnadur.is www.heimilisidnadur.is**

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

## Dýrahald



Schafer hvolpar undan Alþjóðlega Meistaranum Gildewangen's Istan og Sleggjubeina Esju til sölu Uppl. 5574458 og 8680753 www.123.is/esja

**Hundagalleríið auglýsir**
**Smáhundar til sölu. Kíktu á heimsíðu okkar: www.dalsmynni.is**
**Sími 566 8417 bjóðum visa/euro raðgreiðslur.**

**Hágæðafóður AÐEINS 390 kr kg**
**Proformance hágæða hundafóður 23 kg sekkur á kr. 8900.- (selt líka eftir vikt á staðnum á 550 kr pr. Kg) 4.tegundir - Takmarkað magn. Hundaheimur - Sérverslun með hunda og kattvörur Háholti 13, Mosfellsbær (sama húsi og krónan) www.hundaheimur.is**

## Ýmislegt

Slökkvitæki ehf

Sala - Hleðsla - viðhald og þjónusta í eldvarnarbúnaði. Við leggjum áherslu á góða og persónulega þjónustu á góðu verði. Sími 565 4080.

## Gisting

GISTING AKUREYRI - orlofshus.is

Íbúðir í Barcelona, hagstætt verð. Menorca Mahon, Costa Brava, Playa De Aro. Valladolid og Reykjavík, sv.101 Uppl. í s. 899 5863, www.helenjonsson.ws & www.starplus.info

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

husaleiga.is

Leigjandi skráðu þig frítt á óskalistann. www.husaleiga.is. Sími 471 1000.

Leigusali auglýstu FRÍTT
Leigjandi leitaðu FRÍTT
Leiga.is
Löggild leigumiðlun
Kynntu þér þjónustu Leiga.is
Sími 534 4488

Þarftu að leigja?
Hringdu í síma 440 6100 eða skoðaðu rentus.is
Rentus
LEIGUMIÐLUN

2 rooms for rent with balcony, down town 101 (Bankastræti), sharing Bathroom, living room and big kitchen with washing machine. Only orderliness (reglusemi) people, no smoking or partying aloud. Available now. Information 897 7922.

Til leigu einbýli í Fossvogi á 195.000 á mán, án bílskúrs, með bílskúr 250.000 á mán. Uppl í 862-1109

**3 herb. 100 fm - Kóp. til leigu**
Nýleg 3 herb. íb. á 4 hæð(efst) með sérinngangi til leigu. Laus. S. 860 1015.

Til leigu stúdíóíbúð m/sérinngangi í 101 Rvk. Uppl. í s. 867 9403.

Til leigu 3-4 herb. íbúð m/sérinngangi í 101 Rvk. Uppl. í s. 867 9403.

Herbergi til leigu með sér eldhúsi og sameiginlegu baði í skiptum fyrir þrif og aðra húshjálp. Aðeins fyrir konur, verður að vera áreiðanleg og mjög snyrtileg. Frekari uppplýsingar í síma 663 7090.

**Íbúðir til leigu**
Skrifstofa Leiguliða auglýsa lausar nýjar og notaðar íbúðir til leigu í Reykjavík, Selfoss, Þorlákshöfn, Akranes, Hafnarfirði. www.leigulidar.is eða S. 517 3440.

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Til leigu 120 fm raðhús í Grafarvogi nálægt Egilshöll uppl. í s. 820 7701.

4ja herb. 98fm. íbúð á svæði 110. Til leigu frá 1. des. Uppl. í s. 864 8089.

52fm, 2herb. íb. á Keilugranda til leigu. V. 120þ. (allt innif.) Laus strax - 01.07.09. S. 867 6233 og fanney04@ru.is.

**101 Reykjavík**
Til leigu einstaklingsíbúð. Laus strax. Reglusamir og skilvísir koma aðeins til greina. V. 70 þ. á mán. Uppl. í s. 895 6123.

60 fm. íbúð til leigu í Hafnarfirði. Með húsgögnum. Verð 100þús. með hússjóði, hita og rafmagni. Uppl. í s. 892 4766.

Litli Skerjafjörður. Falleg 3-4 herb sérhæð til leigu. Stutt frá H.Í og Melaskóla. Laus strax. Nánari uppl í síma 862-3015.

Til leigu 115fm 3ja herbergja íbúð í Sjálandshverfinu í Garðabæ með stæði í bílageymslu Húsgögn geta fylgt. Laus strax. Upplýsingar í síma 661 2400.

Til leigu ca. 127 fm íbúð á Háteigsvegi. Uppl. í s. 664 8894.

Til leigu ca. 107 fm íbúð á Háteigsvegi. Uppl. í s. 664 8894.

Long term rent Guesthouse Funahöfða 110 Rvk. / Dalshraun 220 Hfj. Tel 824 4530.

## Húsnæði óskast

Par með barn á leiðinni óskar eftir 3-4 herb. íbúð í Hfj. frá 1 des. Skilvísum gr. heitið. Uppl. í s. 770 4115.

Óska eftir 3-4 herb. íbúð á höfuðborgarsv. Greiðslur í gegnum greiðsluþjónustu. Uppl. í s. 893 0174.

36 ára kk óskar eftir taka á leigu lítið herb. í Garðabæ. Ensku & getur talað íslensku. S. 618 2040.

## Húsnæði til sölu

12-14 hesta hús til sölu á mánagrund í Keflavík. Uppl. í s:6951297

## Sumarbústaðir

**Til leigu**
Vel búnir 2-4 manna bústaðir, 55 km frá Rvk. Heitur pottur. Uppl. í s. 663 2712.

Sumahús til leigu í Brekkuskógi. Glæsilegt hús í alla staði.Heitur pottur. Sími 8410265

## Atvinnuhúsnæði

Skrifstofuherbergi til leigu, Síðumúla, Rvk. Laus eitt eða fleiri herbergi í glæsilegu húsnæði. Hægt að leigja herbergin með skrifstofubúnaði. Sími 894 1949.

Atv.húsn til leigu að Stórhöfða 17. Rvk. 65fm. 95þ. pr. mán. S. 693 2277.

Til leigu 125 fm iðnhúsnæði á jarðhæð á Smiðjuvegi (gul gata), með stórri og góðri innkeyrsluhurð. Uppl. í s. 892 5767

Verslunarhúsnæði við Laugarveg, 100 fm til leigu. Laust frá 1. Des. Uppl. í s. 822 8168.

Til leigu iðnaðar- og lagerhúsnæði í Hafnarfirði, stærðir frá 95 fm til 1000 fm. S. 822 4200 & 660 1060.

## Geymsluhúsnæði




Til leigu geymsluhúsnæði. Hentar vel fyrir húsbíla - fellihýsi og fleira. S. 664 8894

Vetrargeymsla á höfuðborgarsvæðinu Tjaldvagnar, fellihýsi, hjólhýsi og fl. Gott verð Sími 893 9950.

Húsnæði fyrir tjaldvagna, fellihýsi og hjólhýsi til leigu á höfuðborgarsvæðinu. Verð 3500per/fm fyrir tímabilið. Lágmarksverð 20þúsund, staðgreitt. Nánari upplýsingar í síma 824-8468, Pétur.

**geymslaeitt.is**
Til leigu sér geymslubil 7, 10 og 17 m2, og bretti á 2900.- kr stk. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S. 564 6500.

**Nú fer hver að verða síðastur !**
Upphituð rými f. fellihýsi, tjaldv. hjólh. bátar ofl. í Borgarfirði. Gott verð. S. 663 2130.

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán.Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464

**Geymsluhúsnæðið Auðnum II, 190 Vogar.**
Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar, mótorhjól ofl. Uppl. í s. 864 3176 & 895 3176.

## Gisting

**Gisting í Kaupmannahöf**
Fullbúnar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum, skammtímaleiga. Nánari uppl. í s. 822-7303, 891-8612, +45 27111038 eða annalilja@stracta.com.

Gistiheimili Halldóru Hvidovre/Köben. Herbergi, íbúð, stúdíóíbúð email@gistiheimilid.dk S. 0045 2460 9552.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

Háseta vantar á ísfisktogara. Uppl. í síma 899 0830.

Þú getur haft góðar tekjur í LR. Hafðu samband í s. 662 5599 eða 699 7379.

**Góðir tekjumöguleikar**
Vantar úthringjara strax - ekki sölumennska. Uppl. í s. 616 8880 eða 551 4766. Sigurður, Trygg.m. Ísl.

Stafsfólk vantar um helgar á bar við miðbæinn. Uppl. í s. 896 7776.

**HENDUR.IS**
Tugir starfa í boði á vefsíðu okkar.

CENTER HOTELS

**Tölvumaður**
**Miðbæjarhótel óska eftir að ráða lipran tölvumann í fullt starf. Verkefnið snýr að daglegum rekstri tölvu-, sjónvarps-, og símkerfis. Sjálfstæð vinnubrögð og mikill vilji til að læra mikilvægur. Viðkomandi þarf að vera tilbúinn til að ganga í öll verk sem tengjast starfinu. Unnið er í bæði Windows og Linux umhverfi og er góð þekking á öðruhvoru skilyrði. Unnið verður undir stjórn kerfisstjóra. Á vegum Miðbæjarhótela eru rekin 5 hótel í miðborg Reykjavíkur. Nánari upplýsingar um hótelin er að finna á heimasíðu okkar www.centerhotels.is**
**Umsóknir óskast sendar á maron@centerhotels.is**
**Viðkomandi aðili þarf að geta hafið störf sem fyrst**

## Atvinna óskast

**Vantar þig Smiði, múrara eða járnabindingamenn?**
**Höfum á skrá menn sem að óska eftir mikilli vinnu. Geta hafið störf nú þegar. Proventus starfsmannaþjónusta s. 661 7000.**

Sjálfstætt starfandi trésmiður óskar eftir verkefnum. Stór og smá verk. S. 662 6413 Marteinn. Rvk og kefl.

**Sjálfstæður smiður getur bætt við sig verkefnum. Uppl. í s. 770 0970.**

**HENDUR.IS**
Auglýstu FRÍTT eftir starfskrafti á vefsíðu okkar.

## Atvinna




# TILKYNNINGAR

## Tilkynningar

1500 evrur til sölu. Tilboð óskast. 8960731

## Einkamál

**Símaþjónusta Spjalldömur**
**S. 908 6666, opið allan sólarhringinn.**

**Öll stærstu símafyrirtækin ná nú í gegn.**

SÍMAÞJÓNUSTUR

Stefnumót
905-2000 (símatorg)
535-9920 (kreditkort)
535-9923 (frítt, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
Spjall
904-5454 (símatorg, karlar)
535-9940 (kreditkort, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
Gay spjall
535-9988 (kreditkort)
Sögur
905-2002 (símatorg)
535-9930 (kreditkort)
Spjalldömur
908-6000 (símatorg)
535-9999 (kreditkort)

Í tilefni af þrítugsafmæli mínu í dag óska ég eftir myndarlegum manni til að eyða með mér kvöldstund yfir góðri máltíð. Frekari uppl. í s. 693 2108.

**Samkynhn. karlmenn ath**
Nú er mikið af nýjum auglýsingum samkynhn. karla á Rauða Torginu Stefnumót. Hlustið á auglýsingar í s. 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort). Auglýsið frítt í s. 535-9923. www.raudatorgid.is.

**Hávaxin og myndarleg**
32 ára kona, mjúk á réttum stöðum, vill kynnast karlmanni á aldrinum 32-45 ára. Auglýsing hennar er á Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort), augl. nr. 8544.

## Tilboð



„...fyrst á visir.is“
vísir.is
...ég sá það á vísir.is

Fasteignablaðið
Sími:
512 5469
694 4103
Ruth Bergs
ruth@365.is

Gefðu dýrmætasta efni í heimi
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

## Fundir / Mannfagnaður

### Ofbeldi gegn konum og börnum. Þjóðfélagsmein! Hvað er til ráða?

Fundur um þetta brýna málefni verður haldinn á vegum Handarinnar í safnaðarheimili Fríkirkjunnar í Reykjavík fimmtudaginn 23. október klukkan 20.00.

Frummælendur:

Sigþrúður Guðmundsdóttir, framkvæmdastýra Kvennaathvarfsins, fjallar um heimilisofbeldi.

Sigríður Björnsdóttir, annar stofnenda samtakanna Blátt áfram, talar um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum.

Guðrún Jónsdóttir, talskona Stígamóta, kynnir samtökin og úrræði sem eru í boði.

Fundarstjóri: Ólafía Ragnarsdóttir.

Umræður að loknum framsöguerindum.

Allir velkomnir.

Auglýsingasími
512 50 50
- Mest lesið




## Tilkynningar

KVENFÉLAGIÐ HEIMAEY

### Kvenfélagið Heimaey heldur árlegan kökubasar sinn í Kringlunni

**Basarinn hefst kl. 10 f.h. laugardaginn 25. október**

*Félagskonur munið að skila kökum fyrir hádegi.*

Reykjavíkurborg
Skipulags- og byggingarsvið

### Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík

**Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, er hér með auglýst tillaga að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.**

**Víðidalur**
Tillaga að breytingu á deiliskipulagi í Víðidal, suðurhluta, sem afmarkast af Vatnsveituvegi að austan, Breiðholtsbraut að sunnan, núverandi flóðvarnargarði að norðan og að vestanverðu af fyrirhuguðum flóðvarnargarði.
Breytingin nær til suð-vesturhluta hestaíþróttasvæðis Fáks sem á núverandi skipulagi er skilgreint sem uppgrætt bílastæði. Á svæðinu er gert ráð fyrir uppbyggingu atvinnutengdrar starfsemi og þjónustu fyrir hestamenn. Hún felur í sér þyrpingu 9 stakra bygginga á einni hæð og risi og einnig tvær stærri byggingareiningar, að hluta á tveimur hæðum sem áætlað er að geti sinnt umfangsmeiri þjónustu fyrir allt Fákssvæðið og alla hestamenn. Innan svæðisins er lögð áhersla á góðar reiðleiðir og aðskilnað bílaumferðar og reiðstíga. Flóðvarnargarðar innan svæðisins hafa verið fluttir til til að skapa rými fyrir skipulagssvæðið.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillagan liggur frammi í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14**, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15, frá **23. október 2008 til og með 4. desember 2008**. Einnig má sjá tillöguna á heimasíðu sviðsins, ***www.skipbygg.is***. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. **Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila skriflega eða á netfangið *skipulag@rvk.is*, til skipulags- og byggingarsviðs eigi síðar en 4. desember 2008**. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.
Þeir sem eigi gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkja tillöguna.

Reykjavík, 23. október 2008
Skipulagsstjóri Reykjavíkur

BORGARTÚI 10-12 - 105 REYKJAVÍK - SÍMI 411 3000 - MYNDSENDIR 411 3090

## Námskeið

### *Sundleikfimi fyrir eldri borgara:*

Skelltu þér á mjög gott 4 vikna sundnámskeið með frábærum kennara í sundleikfimi í ***sundlaug Hótel Loftleiða***.
Námskeiðið er 2 daga í viku ***fyrir eldri borgara*** á þriðjudögum og fimmtudögum kl.14.00.

Vinsamlega skráið ykkur í síma 444-4085
frá kl.13.00-18.00 fyrir 24. október..
Heitt á könnunni!

Hlökkum til að sjá ykkur!
Kveðja,
starfsfólk sundlaugar Hótel Loftleiða
Sími: 444-4085 / 662-0485

DONG FANG SALON
ICELANDAIR HOTELS LOFTLEIÐIR

## Tilkynningar

STÁLSMIÐJAN EHF

### Borð og stólar óskast

Óskum eftir að kaupa vel með farna stóla (helst ekki með áklæði) og borð inn í matsal fyrir allt að 150 manns .

**Nánari upplýsingar veitir Óskar í síma 6603535**

Slippurinn AKUREYRI DNG

### Lyftari óskast

Slippurinn Akureyri ehf. óskar eftir að kaupa vel með farinn gaffallyftara, lyftigeta ca. 3 tonn

**Tilboð sendist á slipp@slipp.is**

Slippurinn Akureyri ehf. - DNG - Naustatanga 2 - 600 Akureyri
Sími: 460 2900 - Fax: 460 2901 - www.slipp.is - www.dng.is

# AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL Í UPPSVEITUM ÁRNESSÝSLU OG FLÓAHREPPI

**Bláskógabyggð,Grímsnes-og Grafningshreppi,Hrunnamannahreppi, Skeiða-og Gnúpverjahreppi og Flóahreppi**

**Samkvæmt 1.mgr 21.gr. skipulags-og byggingarlaga nr. 73 1997 er hér með auglýst eftir athugasemdum við eftirfarandi aðalskipulagsbreytingu:**

**1 Bláskógabyggð. Holtakot (Sóltún) í Biskupstungum**
Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Biskupstungnahrepps 2002-2012 í landi Holtakots. Í breytingunnui felst að gert er ráð fyrir um 0,5 ha frístundahúsalóð á svæði sem áður var skilgreint sem landbúnaðarsvæði.

**2 Flóahreppur. Greinargerð aðalskipulags fyrrum Hraungerðishrepps.**
Tillaga að breytingu á greinargerð Aðalskipulags Hraungerðishrepps 2003-2015. Breytingin er gerð til að samræma ákvæði aðalskipulags fyrrum Hraungerðishrepps, Gaulverjabæjarhrepps og Villingaholtshrepps þannig að sömu skilmálar gildi fyrir allt svæði innan Flóahrepps. Í tillögunni eru m.a. breytingar á ákvæðum varðandi stök íbúðar- og frístundahús á landbúnaðarsvæðum, skilgreining á hámarksstærðum frístunda- og íbúðarhúsasvæða í dreifbýli auk ákvæða um stærðir lóða og nýtingarhlutfall.

**3 Flóahreppur. Greinargerð aðalskipulags fyrrum Gaulverjabæjarhrepps.**
Tillaga að breytingu á greinargerð Aðalskipulags Gaulverjabæjarhrepps 2003-2015. Breytingin er gerð til að samræma ákvæði aðalskipulags fyrrum Hraungerðishrepps, Gaulverjabæjarhrepps og Villingaholtshrepps þannig að sömu skilmálar gildi fyrir allt svæði innan Flóahrepps. Í tillögunni eru m.a. breytingar á ákvæðum varðandi stök íbúðar- og frístundahús á landbúnaðarsvæðum, skilgreining á hámarksstærðum frístunda- og íbúðarhúsasvæða í dreifbýli auk ákvæða um stærðir lóða og nýtingarhlutfall.

**4 Flóahreppur. Ölvisholt í fyrrum Hraungerðishreppi.**
Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Hraungerðishrepps 2003-2015 í landi Ölvisholt. Í breytingunni felst að um 32 ha svæði vestan Ölvisholtsvegar, milli Ölvisholts og Miklaholtshelli, breytist úr svæði fyrir frístundabyggð í landbúnaðarsvæði.

**5 Flóahreppur. Bitra í fyrrum Hraungerðishreppi.**
Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Hraungerðishrepps 2003-2015 í landi Bitru. Í breytingunni felst að á um 76 ha svæði meðfram Suðurlandsvegi breytist landnotkun úr landbúnaðarsvæði í opið svæði til sérstakra nota sem fyrirhugað er að nýta undir 18 holu golfvöll. Þá breytist afmörkun svæða fyrir frístundabyggð innan jarðarinnar án þess að hafa áhrif á stærð þeirra sem er um 67 ha.

**Samkvæmt 1.mgr. 25.gr. skipulags-og byggingarlaga nr. 73 1997 er hér með auglýst eftir athugasemdum við eftirfarandi deiliskipulagstillögur:**

**6 Lækjarhvammur í Bláskógabygggð. Frístundahúsalóð við Grafará**
Tillaga að deiliskipulagi 5.086 fm frístundahúsalóðar úr landi Lækjarhvamms við Grafará. Lóðin kemur í framhaldi af 5 eldri lóðum við Grafará, norðanmegin, og nýtir sama veg og þær frá Laugardalsvegi. Gert er ráð fyrir að nýtingarhlutfall lóðarinnar sé 0.03.

**7 Seyðishólar Grímsnes- og Grafningshreppi. Deiliskipulag iðnaðarlóðar/gámasvæðis.**
Tillaga að deiliskipulagi iðnaðarlóðar við Seyðishóla, svæði sem nýtt hefur verið sem gámasvæði í nokkur ár. Í tillögunni er auk gámasvæðis gert ráð fyrir byggingarreit fyrir aðstöðuhús starfsmanns auk þess sem rúmlega 7.900 fm iðnaðar lóð norðan núverandi gámasvæðis. Á iðnaðarlóðinni er gert ráð fyrir að heimilt verði að reisa allt að 1.200 fm aðstöðuhús/ vélageymslu og á byggingarreit á gámasvæði er gert ráð fyrir allt að 400 fm aðstöðuhúsi/vélageymslu.

**8 Nesjar í Grímsnes- og Grafningshreppi. Deiliskipulag tveggja frístundahúsalóða.**
Tillaga að deiliskipulagi tveggja frístundahúsalóða úr landi Nesja. Svæðið liggur á milli Grafningsvegar og vesturhluta Hestvíkur og er þar gert ráð fyrir 1,7 og 2,6 ha frístundahúsalóðum þar sem heimilt verður að reisa 50 – 300 fm frístundahús og allt að 40 fm aukahús. Byggingarreitir eru í um 70-100 m frá Þingvallavatni.

**9 Efra-Sel í Hrunamannahreppi. Sléttabygð, deiliskipulag frístundabyggðar.**
Tillaga að deiliskipulagi 7 lóða frístundabyggðar sem kallast Sléttubyggð. Skipulagssvæðið er 4,2 ha að stærð og liggur upp að frístundabyggðinni Svanabyggð að norðanverðu. Lóðirnar eru allar rúmlega 0,5 að stærð og er gert ráð fyrir að heimilt verði að reisa frístundahús og aukahús, samtals allt að 150 fm. Hámarksstærð aukahúss er þó 30 fm. Allar lóðirnar tengjast sameiginlegri rotþró.

**10 Ásabyggð í Hrunamannahreppi. Sléttabygð, deiliskipulag frístundabyggðar.**
Tillaga að deiliskipulagi frístundabyggðarinnar Ásabyggð við Flúðir. Um er að ræða fullbyggt hverfi þar sem ekki hefur verið í gildi fomlegt deiliskipulag. Fyrir liggur skipulagsuppdráttur frá 1985 en með nýju skipulagi eru lóðirnar teiknaðar upp á nýtt eins nákvæmlega og hægt er, en með ákveðnum skekkjum þó. Með skipulaginu er gert ráð fyrir að heimilt verði að byggja 110 fm frístundahús í stað 50 fm eins og áður var gert ráð fyrir.

**11 Álfsstaðir í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Deiliskipulag frístundabyggðar við Engjaveg.**
Tillaga að deiliskipulagi frístundabyggðar á um 19 ha spildu úr landi Álfsstaða, austan og suðvestan við eldri frístundabyggð upp við Álfsstaðaveg. Gert er ráð fyrir 5 um 0,9 ha frístundahúsalóðum auk einnar 2,3 ha lóðar. Heimilt verður að reisa allt að 200 fm frístundahús á hverri lóð ásamt allt að 40 fm aukahúsi. Þá er einnig gert ráð fyrir 3 litlum lóðum fyrir allt að 80 fm hesthús.

**12 Skálmholt, Krækishólar, í Flóahreppi. Deiliskipulag frístundalóða.**
Tillaga að deiliskipulagi þriggja frístundahúsalóða á um 2 ha spildu úr landi Skálmholts. Svæðið liggur upp að áður deiliskipulögðu svæði úr landi Skálmholts sem kallast Merkurhraun, að austanverðu.

**Skipulagstillögurnar liggja frammi á skrifstofu viðkomandi sveitarfélags og hjá embætti skipulagsfulltrúa uppsveita Árnessýslu, Dalbraut 12, Laugarvatni á skrifstofutíma frá 23. október til 20. nóvember 2008. Að auki er hægt að nálgast tillögurnar á vefslóðinni http://www.sveitir.is/skipulagsfulltrui/auglysingar/ Athugasemdum við skipulagstillöguna skulu berast til skipulagsfulltrúa uppsveita Árnessýslu í síðasta lagi 4. desember 2008 og skulu þær vera skriflegar. Hver sá sem ekki gerir athugasemdir við tillöguna innan tilskilins frests, telst vera samþykkur henni.**

**Pétur Ingi Haraldsson**
**Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps**

1908 2008
Hafnarfjörður hundrað ára

### Breyting á deiliskipulagi Kinna í Hafnarfirði

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar, samþykkti á fundi sínum þann 14. október 2008, að auglýsa tillögu um breytingu á deiliskipulagi Kinna í Hafnarfirði, skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br.

Breytingin felst í að mörkum deiliskipulagsins er breytt og afmörkuð er lóð fyrir leikskóla þar sem nú eru skólagarðar.

### Tillaga að nýju deiliskipulagi Krýsuvíkur í Hafnarfirði

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar, samþykkti á fundi sínum þann 14. október 2008, að auglýsa tillögu um nýtt deiliskipulag Krýsuvíkur í Hafnarfirði, skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br.

Tillagan felst í því í að afmörkuð er lóð fyrir stjörnuathugunarstöð sem er 1.650 m². Gert er ráð fyrir einnar hæðar húsi allt að 250 m² og turni með hvolfþaki allt að 13.5 m háum.

Deiliskipulögin verða til sýnis í þjónustuveri Hafnarfjarðarbæjar, Strandgötu 6, frá 23. október 2008 – 20. nóvember 2008. Hægt er að skoða deiliskipulagstillögurnar á vef Hafnarfjarðarbæjar www.hafnarfjordur.is/skipulag_og_framkvaemdir/skipulag Nánari upplýsingar eru veittar á skipulags- og byggingarsviði.

Þeim sem telja sig hagsmuna eiga að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytingarnar og skal þeim skilað skriflega til skipulags- og byggingarsviðs Hafnarfjarðarbæjar, eigi síðar en 4. desember 2008. Þeir sem eigi gera athugasemdir við breytingarnar innan tilskilins frests, teljast samþykkir þeim.

**Skipulags- og byggingarsvið Hafnarfjarðar**

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐAR SÍMI 585 5500
WWW.HAFNARFJORDUR.IS

Sveitarfélagið ÁRBORG

### Auglýsing um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Árborg. Breytt deiliskipulag við Gagnheiði á Selfossi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 með síðari breytingum, auglýsir bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar tillögu að breyttu deiliskipulagi lóðanna Gagnheiði 34, 57, 59, 61 og 63 og lóðarinnar Eyravegur 67 á Selfossi í Sveitarfélaginu Árborg.

Deiliskipulagstillagan gerið ráð fyrir breyttum lóðarmörkum nokkurra athafnalóða við Gagnheiði og Eyraveg þannig að lóðamörk verða samsíða byggingarreit og stækka lóðirnar sem því nemur.

Byggingarskilmálar í gildandi deiliskipulagstillögu verða óbreyttir.

Teikning og greinargerð mun liggja frammi á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa í Ráðhúsi Árborgar að Austurvegi 2 á Selfossi frá og með 23. október til og með 20. nóvember 2008.

Þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna. Frestur til að skila inn athugasemdum rennur út 04. desember 2008 og skal þeim skilað skriflega til skipulags- og byggingarfulltrúa á skrifstofu hans í Ráðhúsi Árborgar að Austurvegi 2, 800 Selfossi.

**Á sama tíma er teikning og greinagerð til kynningar á heimasíðu Árborgar http://www.arborg.is þar sem hægt er að skoða hana og senda athugasemdir til skipulags- og byggingarfulltrúa í netfangi skipulag@arborg.is.**

**Þeir sem ekki gera athugasemdir við tillöguna innan ofangreinds frests, teljast samþykkja hana.**

**Selfossi, 20. október 2008.**
**Bárður Guðmundsson, skipulags- og byggingarfulltrúi Árborgar.**

# GLÆSILEG
# NÝ VERSLUN
## STÚTFULL BÚÐ AF HEITUM TILBOÐUM



AÐEINS ÞESSA HELGI

### GIGABYTE
**UPPFÆRSLUTILBOÐ 2**

Öflug Gigabyte uppfærsla með Dual Core örgjörva og ATI X1200 skjástýringu. Hentar flestum eldri gerðum af tölvum

- Athlon 4200 Dual Core örgjörvi
- GIGABYTE 690V móðurborð
- 2GB DDR2 800MHz vinnsluminni
- 512MB ATI X1200 skjástýring
- 7.1 Dolby DTS hljóðkort innbyggt
- Gigabit Lan og 8xUSB2 tengi
- Passar í flesta eldri og nýrri kassa
- Hvergi á Íslandi er betra verð!

**19.900**




AÐEINS ÞESSA HELGI

www.tolvutek.is/trend

### 2009
**INTERNET SECURITY**

Trend Micro Internet Security 2009 er heildarlausn á öryggi í tölvunni þinni, ein öflugasta vírusvörnin í dag ásamt því að verja heimanetið, persónulegar upplýsingar og alla netnotkun.

- Vírusvörn og öflug vírusleitarvél
- Öflugur eldveggur ver heimanet
- Ver þráðlausa netið gegn árásum
- Vörn gegn ruslpósti og Spyware
- Aðgangstýring barna á netinu
- Má setja upp á 3 tölvur

**2.990**
FYRSTIR Á ÍSLANDI

Birt með fyrirvara um breytingar, prentvillur og myndbrengl



NÝ LENT

### HD4670
**512MB HD4670 SKJÁKORT**

Gríðarlega öflugt skjákort frá ATI með alla nýjustu tækni. Vertu með grafíkina í botni í nýjustu Direct X10.1 leikjunum.

- 512MB GDDR3 2.0GHz háhraða minni
- Styður nýjustu Direct X10.1 leikina
- 100% hraðvirkari PCI-E2.0 staðall
- 55nm kjarninn er kaldari og hraðari
- Þarf 50% minni orku en eldri kort
- HDMI, DVI-I, VGA, SVHS, HDTV
- ATI Avivo HD, H.264 og VC-1 tækni
- Virkar í allar tölvur með PCI-Ex16 rauf
- Hljóðlát Fanskink kælilausn frá Gigabyte

GIGABYTE

**16.900**




### GIGABYTE
**UPPFÆRSLUTURN 2**

Öflugur og vandaður uppfærsluturn frá GIGABYTE með 2.0GHz Intel Dual Core örgjörva, 2GB minni, 500GB harðdisk og 512MB GeForce 7100 skjástýringu.

- Intel Core 2 Duo E2180 örgjörvi
- GIGABYTE G73PVM móðurborð
- 2GB DDR2 800MHz OCZ minni
- 500GB SATA2 16MB NCQ diskur
- 512MB GeForce 7100 skjástýring
- 7.1 HD Dolby Digital DTS hljóðkort
- HDMI, DVI, SVHS, HDTV og FireWire
- Spire 420W hljóðlátur turn

**49.900**



### ÞJÓNUSTUDEILD
Þjónustudeild okkar sinnir öllum verkum stórum sem smáum:

- Uppfærslur á vélbúnaði
- Gerum tölvur hljóðlátar
- Stýrikerfisuppsetningar
- Bilanaleit og lagfæringar
- Uppsetning/viðhald netkerfa
- Vírus- og Spyware hreinsun
- Hvergi lægra tímaverð!

**2.990**
HVER HAFIN KLUKKUSTUND



ALLT AÐ 40% AFSLÁTTUR

**CREATIVE VÖRUR**
ALLT AÐ 40% AFSLÁTTUR



ALLT AÐ 20% AFSLÁTTUR

**MÓÐURBORÐ**
ALLT AÐ 20% AFSLÁTTUR



## TÖLVUTEK

Borgartúni 31 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is

**NÝ VERSLUN**
HÖFUM OPNAÐ NÝJA OG GLÆSILEGA VERSLUN Í BORGARTÚNI 31

# TILKYNNING

## Innköllun á **Pinex Junior 250 mg** endaþarmsstílum vegna prentvillu í leiðbeiningum á límmiða.

## Ekkert athugavert við lyfið sjálft

Lyfjastofnun hefur farið fram á innköllun á Pinex Junior 250 mg endaþarmsstílum fyrir börn. Ástæða innköllunarinnar er prentvilla í leiðbeiningum um skömmtun á límmiða á umbúðum lyfsins. Of stórir skammtar geta haft alvarlegar aukaverkanir í för með sér.

Pinex Junior endaþarmsstílar innihalda parasetamól. Þeir eru hitalækkandi og verkjastillandi lyf ætlað börnum og fást í lyfjabúðum án lyfseðils.

Þeim, sem hafa Pinex Junior 250 mg endaþarmsstíla í fórum sínum, er bent á að skila þeim í næstu lyfjabúð.

Tekið skal fram að ekkert er athugavert við lyfið sjálft, heldur einungis hluta notkunarleiðbeininga (ráðlagða skammta) á límmiða á þessum eina styrkleika. Leiðbeiningar á íslensku fylgiseðli inni í pakkanum eru réttar.

Ekki er hætta á alvarlegum aukaverkunum nema um endurtekna skammta sé að ræða hjá litlum börnum. Hafi til dæmis barn sem er 10–12 kg fengið sex eða fleiri 250 mg stíla á einum sólarhring er rétt að leita ráða hjá lækni eða lyfjafræðingi.

Umræddur styrkleiki lyfsins með röngum leiðbeiningum hefur nú þegar verið fjarlægður úr lyfjabúðum. Lyfið verður fáanlegt aftur með réttum leiðbeiningum innan skamms.



# föstudagur

fylgir fréttablaðinu á morgun




**Halldóra Geirharðsdóttir leikkona**

Kreppir og sleppir




FRÉTTABLAÐIÐ

Allt sem þú þarft – alla daga




NOKKUR ORÐ

Sigríður Björg Tómasdóttir

# *Status update: S hefur áhyggjur*

Vinir mínir erlendir hafa undanfarið margir sent mér línu með huggunarorðum út af hruni og kreppu, spurt hvort sé í lagi með mig og mína. Fleiri sem ég þekki hafa fengið svipuð bréf, vinir hafa áhyggjur af íbúum gjaldþrota eyríkis í norðri. Við sem hér búum berum okkur flest vel enn þá, enda til nægur matur (enn) og húsnæði fyrir alla (að vísu skuldsett), við þurfum kannski að spara við okkur sem er allt í lagi.



Stuðningsyfirlýsingar og hvatningarpóstur frá útlöndum hefur borist mér, og væntanlega flestum, um Netið, sem tölvubréf eða skilaboð á Fésbókinni. Á síðarnefnda vettvanginum hafa margir venjulegir Íslendingar lýst tilfinningum sínum í örstuttu máli undanfarið, með því að uppfæra statusinn á síðunni sinni, X er örvæntingarfull, Y vill reka Davíð, Z hefur áhyggjur af óróa í Framsóknarflokknum. Yfirlýsingarnar eru gaman og alvara en endurspegla eflaust eitthvert ástand, en hvernig ætli sagnfræðingar framtíðarinnar komi sögu venjulega fólksins á okkar tímum til skila? Verða öll gullkornin á Facebook horfin á ruslahaug alnetsins? Hvað með venjuleg tölvubréf?

Kannski er kona alin upp á tímum sendibréfa með óþarfa áhyggjur og áhyggjuefnið aumt. Og hver veit nema allt í netheimum sé afritað og geymt af bandarísku leyniþjónustunni eins og sumir vilja meina. Ef svo er verða þau líklega gerð opinber eftir X-fjölda ára. Ég tel heldur ólíklegra að við fáum að vita hvað gerðist bak við tjöldin hér á landi í aðdraganda og eftirmála hrunsins mikla. Ætli einhver dugnaðarforkurinn taki sig ekki til og brenni þau gögn á báli í raun- og netheimum?

# myndasögur

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




## Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman






# Breyttu druslunni í djásn í dag

Þú átt druslu sem flutt var inn á sínum tíma, fyrir verðmætan gjaldeyri. Nýtum notað í dag. Brimborg kaupir hvaða druslu sem er á heilar 200.000 krónur: settu drusluna upp í nýrri notaðan bíl sem einnig var greitt fyrir á sínum tíma með verðmætum gjaldeyri - bíl sem eyðir minna en sá gamli.

Komdu í Brimborg í dag og nýttu notaðan gjaldeyri.

*Komdu í kaffi og kleinur*

# Nýtum notað
## Endurnýtum gjaldeyri
### Fáðu þér nýrri notaðan bíl hjá Brimborg

**Endurnýttu gjaldeyrinn. Sparaðu, komdu druslunni í verð. Hér eru nokkur dæmi um notaðan gjaldeyrir:**

**Toyota Rav4 GX**



2,0 bensín sjálfskiptur
Fast númer PM373
Skrd. 06/2006. Ek. 54.000 km.
Ásett verð 3.240.000 kr.
Afsláttur 450.000 kr.
Tilboðsverð 2.790.000 kr.

**Citroën C4 SX**



1,6 bensín beinskiptur
Fast númer TD935
Skrd. 05/2005. Ek. 43.000 km.
Ásett verð 1.620.000 kr.
Afsláttur 230.000 kr.
Tilboðsverð 1.390.000 kr.

**Ford Focus Trend**



1,6 bensín beinskiptur
Fast númer VJ890
Skrd. 02/2005. Ek. 39.000 km.
Ásett verð 1.620.000 kr.
Afsláttur 400.000 kr.
Tilboðsverð 1.220.000 kr.

**Toyota Land Cruiser VX**



4,0 bensín sjálfskiptur
Fast númer UT086
Skrd. 03/2005. Ek. 72.000 km.
Ásett verð 4.490.000 kr.
Afsláttur 500.000 kr.
Tilboðsverð 3.990.000 kr.

**Ford Focus C-Max Trend**



1,6 bensín beinskiptur
Fast númer MT913
Skrd. 04/2005. Ek. 41.000 km.
Ásett verð 1.750.000 kr.
Afsláttur 460.000 kr.
Tilboðsverð 1.290.000 kr.

**Subaru Legacy GL**



2,0 bensín sjálfskiptur station
Fast númer NZ978
Skrd. 11/1999. Ek. 175.000 km.
Ásett verð 930.000 kr.
Afsláttur 200.000 kr.
Tilboðsverð 730.000 kr.

**Ford Escape XLT**



3,0 bensín sjálfskiptur
Fast númer YE821
Skrd. 06/2004. Ek. 79.000 km.
Ásett verð 2.190.000 kr.
Afsláttur 600.000 kr.
Tilboðsverð 1.590.000 kr.

**Hyundai H1**



2,3 bensín beinskiptur
Fast númer VR830
Skrd. 04/2001. Ek. 116.000 km.
Ásett verð 1.450.000 kr.
Afsláttur 260.000 kr.
Tilboðsverð 1.190.000 kr.

**Peugeot 206**



1,6 bensín beinskiptur
Fast númer YN875
Skrd. 06/2006. Ek. 46.000 km.
Ásett verð 1.490.000 kr.
Afsláttur 400.000 kr.
Tilboðsverð 1.090.000 kr.

*Komdu í kaffi og kleinur í Brimborg*

## Endurnýtum gjaldeyrinn okkar

Komdu bíldruslunni í verð. Nú áttu útborgun upp í betri bíl. Það skiptir ekki máli hvaða bíl þú átt - við kaupum hann. Komdu bara með bíldrusluna og settu 200 þúsundkallinn upp í betri notaðan bíl hjá Brimborg. Bara ein bíldrusla upp í hvern betri bíl. Endurnýttu það sem þú átt með Brimborg.

**Nýtum notað í dag.**
**Komdu í Brimborg.**

selja gamla
kaupa nýjan notaðan

visthæf skref
með Brimborg
*Farðu á brimborg.is og þú ert kominn af stað*

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | notadir.brimborg.is

Cohn & Wolfe Public Relations Ísland

# menning

menning@frettabladid.is

**!** **Kl. 21**

*Djassklúbburinn Múlinn býður enn og aftur upp á stórskemmtilega tónleika í kvöld kl. 21 á Café Rosenberg við Klapparstíg. Þar koma fram kvartettinn HeiðAndréScotToggi og hljómsveitin Dance with me og halda uppi miklu stuði og stemningu fram eftir kvöldi. Fluttar verða útsetningar eftir Michel Legrand og sálartónlist frá áttunda og níunda áratugnum.*

## Upplestraröð að hefjast

Nú eru að hefjast upplestrar á vegum bókaforlaganna. Í kvöld kl. 20 ríður Forlagið á vaðið. Upplestrar munu fara fram á Te & kaffi á annarri hæð bókabúðar Máls og menningar við Laugaveg (áður Súfistinn) hvert fimmtudagskvöld fram í miðjan desember. Alls munu fjörutíu höfundar og þýðendur, sem allir eiga það sammerkt að vera með nýja bók, lesa kafla úr verkum sínum, fjórir til fimm í hvert sinn. Á hverju kvöldi lesa skáldsagna- og/eða ævisagnahöfundar, en einnig verður kapp lagt á að lesa úr barnabókum og þýðingum. Útgáfa slíkra bóka er ekki síður blómleg en útgáfa nýrra íslenskra skáldverka.



**BÓKMENNTIR** Guðrún Eva Mínervudóttir les úr nýrri sögu sinni í kvöld á gamla Súfistanum.

Í kvöld les Guðrún Eva Mínervudóttir upp úr glænýrri skáldsögu sinni, Skaparanum, Gunnar Hersveinn úr umræðubókinni Orðspor – Gildin í samfélaginu, Ármann Jakobsson les úr skáldsögunni Vonarstræti, Ingunn Ásdísardóttir les upp úr barnabókinni Örlög guðanna og Ólöf Eldjárn les úr þýðingu sinni á bókinni Dóttur myndasmiðsins eftir Kim Edwards. Allar hafa þessar bækur fengið frábærar viðtökur og með svona breiðum hópi skálda og verka er ætlunin að tryggja að allir finni eitthvað við sitt hæfi. Á næstu vikum mun heyrast í Árna Þórarinssyni, Einari Kárasyni, Auði Jónsdóttur, Þorsteini frá Hamri, Gerði Kristnýju, Þorgrími Þráinssyni, Guðmundi Magnússyni, Stefáni Mána, Hallgrími Helgasyni, Guðrúnu Helgadóttur, Silju Aðalsteinsdóttur, Ólafi Gunnarssyni, Hauki Sigurðssyni, Þorvaldi Kristinssyni og fleirum. **- pbb**

### > Ekki missa af …

Myndlistarsýningu Ólafar Bjargar sem nú stendur yfir í Artóteki Borgarbókasafns Reykjavíkur, Tryggvagötu 15, en þar sýnir hún nokkur málverk og innsetningu. Artótekið leigir út myndlist til einstaklinga og fyrirtækja, en úrval þeirrar myndlistar sem þar er í boði má skoða á staðnum eða á vefsíðunni www.artotek.is.

# Gáttaþefur og sálir tvær

**Þjóðleikhúsið frumsýnir leikritið Utan gátta eftir Sigurð Pálsson á laugardag í leikstjórn Kristínar Jóhannesdóttur í Kassanum.**

Fjögur hlutverk eru í verkinu sem þau Arnar Jónsson, Kristbjörg Kjeld, Eggert Þorleifsson og Ólafía Hrönn Jónsdóttir fara með. Leikmynd og búninga annast Grétar Reynisson.

Sigurður Pálsson er eitt þekktasta leikskáld okkar, en auk leikrita hefur hann sent frá sér þrettán ljóðabækur og þrjár skáldsögur. Hann hlaut Íslensku bókmenntaverðlaunin árið 2007 fyrir Minnisbók. Þjóðleikhúsið sýndi leikrit Sigurðar, Edith Piaf, við miklar vinsældir fyrir fáum árum. Leikrit hans hafa einnig meðal annars verið sett upp hjá Leikfélagi Reykjavíkur, sem sýndi Einhver í dyrunum, Völundarhús og Hótel Þingvelli, og Nemendaleikhúsi Leiklistarskóla Íslands, sem sýndi Tattú, Miðjarðarför, Hlaupvídd sex og Undir suðvesturhimni.

Í ljóðum sínum, leikritum og prósaverkum hefur Sigurður gjarnan opnað okkur nýjar og óvæntar leiðir til að skynja veruleikann og öðlast nýja sýn, ekki síst með snjallri meðferð máls sem sviptir í nýju samhengi hulunni af merkingunni. Í Utan gátta leiðir Sigurður, með sínum einstæða húmor, áhorfendur inn í heim þar sem rótað er upp í hugmyndum okkar um tilvist mannsins og möguleika leikhússins. Í Utan gátta hefur texti Sigurðar sig á flug í meðförum afburða leikara, svo úr verður hreint „snarskemmtileg" sýning sem ögrar og kætir skilningarvitin. Hann lýsir ætlun sinni með verkinu svo í aðfararorðum að verkinu í útgáfu Þjóðleikhússins: „Tveggja radda veröld. Raddir sem ég skrifaði niður án þess að vita neitt annað en það sem þær sögðu, ekki mér, heldur hvor annarri, fastar í sinni veröld. Svo strikaði ég allt út nema það sem neitaði að láta strika sig út, heimtaði að fá að hljóma og heyrast. Ég treysti á þessar raddir, eins vitlausar og þær voru, furðulegar, framandi og kunnuglegar í senn, ættaðar af svæðinu milli draums og vöku. Óhugnanlega kunnuglegar. Ég leyfði mér að sigla út í þokuna, reyndi að standast freistingar óttans sem heimtaði þetta venjulega: Persónur, framvindu, leiksögu … réttara sagt, leiðaðar hugmyndir um persónur, leiksögu, framvindu."

Villa og Milla eru tvær persónur, innilokaðar. Þær eru á valdi einhvers sem við sjáum aldrei, en stjórnar kringumstæðum þeirra. Tvær saman eins og gamalt par, bundnar hvor annarri, eins og afbrýðisamar systur, börn í sandkassa. Þær eru stöðugt að leita leiða til að komast burt en geta engu treyst og sérstaklega ekki hvor annarri.

Eiginkona Sigurðar, Kristín Jóhannesdóttir, leikstýrir verkinu, Halldór Örn Óskarsson hannar lýsingu sýningarinnar og tónlist og hljóðmynd er í höndum Sigurðar Bjólu. Gervi hanna Árdís Bjarnþórsdóttir og Svanhvít Valgeirsdóttir. Þrjár forsýningar voru á verkinu í vikunni fyrir fullu húsi

pbb@frettabladid.is



**LEIKLIST** Kristbjörg Kjeld í hlutverki sínu og gervi. MYND ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ/EDDI



**LEIKLIST** Arnar Jónsson í hinni systurinni. MYND ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ/EDDI






# Minning Göggu

Söngkonan Engel Lund, eða Gagga eins og hún var gjarnan kölluð hérlendis, verður heiðruð með margvíslegum hætti í Íslensku óperunni á sunnudagskvöldið.

Lieder Theatre London, sem gaf nýverið út geisladisk með þjóðlögum ýmissa landa úr Söngbók Engel Lund við góðar undirtektir, heldur tónleika um kvöldið kl. 20 þar sem þjóðlög tólf landa verða flutt. Verða lögin flutt á tungumáli hverrar þjóðar fyrir sig og í þeirri útgáfu sem Engel Lund var þekkt fyrir að flytja þau, við píanóundirleik í útsetningu Ferdinands Rauter. Þjóðlögin eru meðal annars íslensk, norræn, tékknesk, amerísk auk þjóðlaga gyðinga.

Á tónleikunum kemur fram alþjóðlegur hópur söngvara ásamt píanóleikaranum James Southall, en hópinn skipa þau Hannah Morrison, sópran, Sigríður Ósk Kristjánsdóttir, mezzósópran, Norbert Meyn, tenór, Håkan Ekenäs, barítón, Vojtech Safarik, bassa-barítón, Bragi Bergþórsson, tenór og Bylgja Dís Gunnarsdóttir, sópran. Listrænn stjórnandi tónleikanna er Norbert Meyn, tenórsöngvari og prófessor við Royal Academy of Music í London. Verkefnið var styrkt af Minningarsjóði Margrétar Björgólfsdóttur og er unnið í samstarfi við Íslensku óperuna. Miðaverð á tónleikana er 2.800 kr., en 50% afsláttur er af miðaverði fyrir 25 ára og yngri eins og venja er til í Íslensku óperunni.

Fyrr um kvöldið, kl. 18, verður Göggu hins vegar minnst með margvíslegum hætti í anddyri Íslensku óperunnar. Þar munu fáeinir vinir og velunnarar Göggu, þar á meðal Þorgerður Ingólfsdóttir kórstjóri, Birgir Sigurðsson rithöfundur, Kjartan Ragnarsson, leikstjóri og leikskáld, og Guðrún Ásmundsdóttir leikkona minnast hennar í nokkrum orðum, hlutir úr hennar fórum verða til sýnis, þar á meðal konsertkjóll hennar, ljósmyndir, bréf og fleiri persónulegir munir, og sýndur verður hluti úr heimildarmynd sem Frank Ponzi gerði um Göggu fyrir nokkrum árum.



**TÓNLIST** Engel Lund - Gagga (1900-1996)

Engel Lund var fædd í Reykjavík 14. júlí 1900 og ólst þar upp. Hún fluttist til Danmerkur ellefu ára gömul og lagði stund á tónlistarnám og síðar í París og Þýskalandi. Þar kviknaði áhugi hennar á þjóðlögum og setti hún saman efnisskrá með útsetningum Ferdinants Reuter sem þau fluttu um langt árabil í Evrópu, Bandaríkjunum og Kanada. Gagga, eins og hún var kölluð, var virtust fyrir einstaklega skýran túlkunarmáta á ólíkum þjóðtungum. Sagt var að hún væri talandi á tuttugu tungumálum. Kynningar hennar á sönglögum úr fjarlægum kimum vestúrálfu voru óskiljanlegur hluti af tónleikum hennar. Á efri árum flutti hún hingað til Íslands og tók að kenna söng. Hún lést í hárri elli 15. júní 1996. **- pbb**

# Heilsan ofar öllu
## náttúru vítamín!



## Graskerin eru komin!

### Stærsta grasker í Evrópu ?

Komdu í Kringluna og giskaðu á þyngd risa-graskersins. Skrifaðu aftan á kassastrimilinn nafn, heimilisfang og ágiskaða þyngd. Dregið verður úr réttum svörum.

1. verðlaun 30.000 kr. úttekt í Hagkaup
2. verðlaun 20.000 kr. úttekt í Hagkaup
3. verðlaun 10.000 kr. úttekt í Hagkaup

## FERSKT MEÐ FLUGI !


Rifsber


Hindber


Jarðaber


Blæjuber


Brómber


Bláber



## Melónu dagar

Ferskar og safaríkar melónur á tilboðsverði!

*Vissir þú* að melónur eru vatnslosandi!


Piel de sabo — **199** kr/kg — Verð áður 279.-


Cantaloupe — **199** kr/kg — Verð áður 299.-


Gular melónur — **199** kr/kg — Verð áður 259.-


Gallía — **199** kr/kg — Verð áður 329.-


Vatnsmelónur — **179** kr/kg — Verð áður 259.-


Ananas — **199** kr/kg — Verð áður 299.-


Klementínur — **199** kr/kg — Verð áður 279.-


Appelsínur — **169** kr/kg — Verð áður 239.-


Konfektepli 1.3 kg — **299** kr/pk — Verð áður 379.-

OPIÐ til 20 alla daga

Gildir til 26. október eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

# Ólafur rís á lista

Tímaritið Art Review gefur ár hvert út lista um áhrifamenn í hinum alþjóðlega myndlistarheimi og birtist hann í nóvemberheftinu. Þar er efstur Damien Hirst og fyrirtæki hans Science. Galleríistar og stjórar listasafna eru svo í efstu sætum, þeirra á meðal Iwan Wirth sem styrkti gerð heimildarmyndar Hilmars Oddssonar um Dieter Roth sem frumsýnd var á dögunum. Myndhöggvarinn Richard Serra, höfundur Áfanga í Viðey, er í 33. sæti, Hans Ulrich Obrist sýningarstjóri sem hér hefur starfað í 35. sætinu en Ólafur Elíasson er nú risinn í 50. sæti. Fátt norrænna manna er á listanum, sýningarstjórinn sænski Daniel Birnbaum er þó í 13. sæti en Francesca von Habsburg sem hingað kemur að staðaldri er í 89. sæti. **- pbb**


Ólafur Elíasson

PanicProductions í samstarfi við Borgarleikhúsið kynnir:
PRIVATE DANCER
29. október kl. 14 - *FORSÝNING*
30. október kl. 20 - *UPPSELT*
1. nóvember kl. 15
2. nóvember kl. 20
**Aðeins þessar 4 sýningar!**
Sýnt á Stóra sviði Borgarleikhússins
Tryggðu þér miða núna!
568 8000 / midi.is
www.panicproductions.is
**Höfundar og flytjendur:** Margrét Sara Guðjónsdóttir Sveinbjörg Þórhallsdóttir, Jared Gradinger

Borgarleikhúsið MENNTAMÁLARÁÐUNEYTIÐ Reykjavíkurborg

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
Þjóðleikhúsið
Miðasala í síma 551 1200 og á www.leikhusid.is

Utan gátta
Sigurður Pálsson
Snarskemmtileg sýning í Kassanum
forsýn. 22/10 **uppselt,** frumsýn. 24/10 **uppselt**
lau. 25/10 **uppselt**

Hart í bak
Jökull Jakobsson
Mögnuð sýning. ★★★★, EB FBL.
fim. 23/10, föst 24/10 **uppselt**
**uppselt á næstu tíu sýningar!**

Klókur ertu, Einar Áskell
Bernd Ogrodnik
Heillandi og krúttleg brúðusýning
sun. 26/10 **örfá sæti laus,**
sýningum fer fækkandi

Macbeth
William Shakespeare
Blóð vill blóð…
fös. 24/10 **uppselt**

Ástin er diskó, lífið er pönk
Hallgrímur Helgason
lau. 25/10,
sýningum að ljúka

Skilaboðaskjóðan
Þorvaldur Þorsteinsson og Jóhann G. Jóhannsson
Geysivinsælt ævintýri fyrir alla fjölskylduna!
sun. 26/10
**uppselt**

www.leikhusid.is

# Meistarans tök á eldri sögu

Einar Kárason heldur áfram að sækja í atburði sturlungaaldar í nýrri skáldsögu sinni sem kom út í gær, Ofsa.

Fyrsta atlaga hans að söguefnum úr þeim mikla sagnabálki var hinn frábæri Óvinafagnaður sem kom úr smiðju skáldsins haustið 2001 þar sem Einar fylgdi Þórði kakala eftir frá hingaðkomu hans úr Noregi í kjölfar Örlygsstaðabardaga og nokkuð framyfir hin afdrifaríku átök þeirra Þórðar og Kolbeins unga í Húnaflóa. Nú beinir hann sjónum sínum að Gissuri Þorvaldssyni, síðar jarli, og örlögum hans.

Sagan markast aftur af siglingu út, heimkomu Gissurar eftir dvöl hans með Þórði kakala við hirð Noregskonungs sem vildi stilla til friðar í landinu milli hinna harðskeyttu ættbálka sem hér tókust á, sneri Gissuri til friðarvilja sem hann fylgdi eftir hingað kominn, en kom fyrir ekki: Ofsinn, sem nýr kafli í umortri Sturlungu Einars Kárasonar heitir eftir, er Eyjólfur ofsi, sá sem sótti Flugumýri heim á köldum morgni á þriðja degi sáttabrúðkaups milli Haukdæla og Sturlunga, reyndi að ráðast þar inngöngu með fámennt lið og um síðir brenndi bæinn niður í grimmdaræði hefndar og skaddaðs sóma. Þetta er ekkert smástöff. Einar gat ekki rápað inn í efnisríkari bók en Sturlungu í leit sinni að söguefni.

Þetta er ekki löng skáldsaga og lýtur sömu frásagnartækni og Einar sótti til Faulkners á sínum tíma þegar Óvinafagnaður var í smíðum: hér skiptist sagan eftir röddum nokkurra sögupersóna sem rekja framvinduna nokkurn veginn í tímaröð. Í samanburði verkanna tveggja kemur í ljós að tök skáldsins á forminu herðast enn, frásagnarmátinn leikur honum nú betur í hendi, sjö árum síðar. Talsmáti og stílsnið reynist við nánari skoðun á Óvinafagnaði vera nokkuð einsleitt garn, háir og lágir, karlar og konur tala í svipuðum stíl á þeirri bók. Hér þróar skáldið eintalið enn frekar og skilur meira á milli, leikur í fleiri tóntegundum, greinir raddir í sundur og gefur þeim sjálfstæði.

Einar er sem fyrr naskur á að smíða stórtíðindi úr litlu efni: örfáar línur í texta Sturlu Þórðarsonar verða honum efni í mikinn harm og grimm örlög í persónu eins og Hallfríðar Garðafylju, konunnar sem fóstraði syni Gissurs og Gróu, konunnar sem tekur móti Gissuri úr kerinu og kemur honum til lífs. Það eru ekki nema stórskáld sem geta snúið svo stóra sögu, svo mikinn háska, úr fáeinum orðum, óskýrri mynd. Skáldið stígur inn í persónu, víkkar hana út, skýrir forsendur, gerðir og afleiðingu. Eins leikur hann Hrafn Oddsson, Eyjólf ofsa, Kolbein grön og gerir úr stóra epíska karaktera sem endurfæðast í mót inn í Sturlungu sjálfa, hinn knappa og orðfáa stíl þrettándu aldar.


**BÓKMENNTIR** Einar Kárason skáld „einn af hinum stóru höfundum íslenskrar sagnaritunar“.

Og skáldið leiðréttir sig hafi mistök orðið samanber lýsingu á skrifstofu Sturlu Þórðarsonar í fyrri bókinni, „blaðastafli“ verður „skinnhlaði“ svo lýsingin verði kórrétt en ekki tímavilla.

Allt er hér feikivel gert. Ofbeldið er stillt í lýsingum, stundum dregið úr, eins og í hinum hroðalegu lýsingum frumtextans á líkum Gróu og Ísleifs, stundum bætt í eins og í grimmdarleik með lík brúðgumans unga í svaðinu við Flugumýri eftir brunann.

Má þá finna að einhverju? Hér eru sýnilega að dragast saman í þríleik eða fjórleik verk unnin úr borgarastyrjöldinni sem hér var um nær aldar bil. Eintalsformið, játninguna, hugleiðingu, sem liggur til grundvallar framsetningu sögunnar er skáldið að dýpka: þanninn er persónulýsing Ofsans hyldjúp, vandi Hrafns stór, frýjunarhugur konu á borð við Þuríði Sturludóttur skýr. Harkan er næst Einari, skyldan ljós. það er helst í veiklyndinu, brotinu á skurninni sem hann þarf að sækja sig á þótt naumur stíll sem gefur í skyn láti vel í huga hans og hendi um þessar mundir, betur en í fyrsta verkinu. Hann hefur reynst mistækur í verkum sínum alla tíð en er með þessum áfanga að marka sér bás sem einn af hinum miklu höfundum íslenskrar sagnaritunar, þótt hann haldi sig við löngu liðin tíðindi. Öðrum er þá ætlað að skyggna þá vargöld sem nú stendur, þótt engum treysti ég betur til að skíra þá blendnu tíma en Einari Kárasyni, sjóuðum úr leiðangrinum í Jónsbók. En það er önnur saga, þessi saga, Ofsi, er merki um fullþroska höfund og er sómi okkar dögum. **Páll Baldvin Baldvinsson**




**BÓKMENNTIR**
**Ofsi**
Skáldsaga eftir Einar Kárason
Mál og menning
★★★★★
Þroskað framhald Óvinafagnaðar, meistaralega unnið verk




Gerðu góðverk í dag
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Fimmtudagur 23. október**

### Tónleikar

**12.15 Hádegistónleikar Kvartett Óskars Guðjónssonar** flytur tónlist eftir Jón Múla Árnason í Vonarsal SÁÁ við Efstaleiti.

**20.00 Fimmtudagsforleikur** Hljómsveitirnar Swive, Hughrif og The Costum koma fram í Hinu húsinu, Pósthússtræti 3-5. Aldurstakmark 16 ára, ókeypis aðgangur.

**20.30 Friðrik Ómar** verður með tónleika í Akureyrarkirkju þar sem hann flytur vinsæl dægurlög ásamt Grétari Örvarssyni.

**20.30 Bubbi Morthens** verður með tónleika í Urðarbrunni, hátíðarsal Fjölbrautaskólans í Garðabæ, Garðatorgi 7.

**20.30 Margot Kiis og Gunnar Hrafnsson** flytja erlend og íslensk djasslög í tónlistarhúsinu Laugarborg í Eyjafjarðarsveit.

**21.00 Kvartettinn HeiðAndréScotToggi og hljómsveitin „Dance with me“** koma fram á Café Rósenberg við Klapparstíg. Jazzklúbburinn Múlinn stendur fyrir viðburðinum.

**21.00 Útgáfutónleikar KK** verður með tónleika í tilefni af útgáfu plötunnar „Svona eru menn“, í Salnum, Hamraborg 6, Kópavogi.



**22.00 Bít Box** Börkur Birgisson, Daði Birgisson stýra hip hop projecti ásamt Pétri Sigurðssyni, Kristni Agnarssyni og Steinari Sigurðarsyni. Aðgangur ókeypis, Glaumbar, Tryggvagötu 20.

### Fyrirlestrar

**12.05 Bundið og bætt** Rannver H. Hannesson og Örn Hrafnkelsson fjalla um viðgerðir á bókum og handritum í Landsbókasafni fyrr á öldum. Fyrirlesturinn fer fram í fyrirlestrasal Þjóðarbókhlöðunnar, Arngrímsgötu 3.



### Sýningar

**20.00 Reykvíska eldhúsið** Sýning um mat og mataræði Reykvíkinga á 20. öld í elsta húsi Reykjavíkur, Aðalstræti 10. Á fimmtudagskvöldum er leiðsögn um sýninguna kl. 20.00. Opið virka daga 9.00-18.00, á fimmtudögum er opið til 22.00 og um helgar 12.00-17.00.

**Ó vissi tími** Rósa Sigrún Jónsdóttir sýnir tvö vídeóverk í Gallerí Dverg, Grundarstíg 21. Sýningin stendur til 1. nóv og er opin fim.-lau. kl. 14.00-17.00.

### Myndlist

**Myndverk án titils** Ólafur Lárusson sýnir í verslun og veitingastofu Þjóðmenningarhússins, Hvefisgötu 15. Sýningin er opin alla daga frá kl. 11.00-17.00

**Picasso á Íslandi** Styttan „Jacqueline með gulan borða“ eftir Picasso er til sýnis á Listasafni Árnesinga ásamt verkum 26 íslenskra listamanna þar sem gætir áhrifa frá listamanninum. Listasafn Árnesinga, Austurmörk 21, Hveragerði. opið fim.-sun. 12.00-18.00. Aðgangur ókeypis.

**Línan - ferð án fyrirheits** Ingunn St. Svavarsdóttir Yst sýnir verk á Café Karólínu, Kaupvangsstræti 23. Sýningin stendur til 31. okt.

**Sólveig Eggertz** sýnir akrýlmyndir í menningarsal Hrafnistu við Laugarás. Sýningin stendur til 10. nóv.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is**

# Húsasmiðjan og Blómaval
## 27 verslanir um land allt



**Ísafjörður**
Opið: mán-fös 8-18, lau 10-14

**Akureyri**
Opið: mán-fös 8-18, lau 10-16

**Dalvík**
Opið: mán-fös 8-18, lau 10-14

**Húsavík**
Opið: mán-fös 8-18, lau 9-13

**Egilsstaðir**
Opið: mán-fös 8-18, lau 10-16

**Reyðarfjörður**
Opið: mán-fös 8-18, lau 10-14

**Höfn í Hornafirði**
Opið: mán-fös 8-12 og 13-18

**Vestmannaeyjar**
Opið: mán-fös 8-18, lau 10-14

**Hvolsvöllur**
Opið: mán-fös 8-18, lau 9-13

**Kópavogur**
Opið: mán-fös 8-19, lau 10-18, sun 11-17

**Hafnarfjörður**
Opið: mán-fös 8-18, lau 9-16

**Reykjanesbær**
Opið: mán-fös 8-18, lau 9-18, sun 12-17

**Selfoss**
Opið: mán-fös 8-18, lau 10-15, sun 12-16
Timbursala lokuð á sunnudögum

**Akranes**
Opið: mán-fös 8-18, lau 9-15

**Borgarnes**
Opið: mán-fös 8-18, lau 10-16

**Timbursala Súðarvogi**
Opið: mán-fös 8-18, lau 9-14

**Pípulagnaverslun**
Opið: mán-fös 8-18, lau 9-15

**Skútuvogur**
Opið: mán-fös 8-21, lau 9-21, sun 10-21

**Grafarholt**
Opið: mán-fös 8-19, lau 9-19, sun 10-19

**Blómaval Smáralind**
Opið: mán-fös 11-19, lau 11-18, sun 13-18

**Blómaval Kringlunni**
Opið: mán-fös 10-18:30, fim 10-21, lau 10-18, sun 13-17

# Húsasmiðjan í heimabyggð
## góð tilboð um land allt

## Græjurnar
## á betra verði



**1.499** ~~2.949~~
**Verkfærataska**
19" Hammer
5024623



**1.399** ~~2.949~~
**Verkfærasett**
Toolux, 43 stk.
Skiptilykill, toppar og skrall
5052772



**4.999**
**Borvél**
DWT rafmagns höggborvél 500W, borar fylgja
5245280



**1.999** ~~4.879~~
**Lyklasett**
Cosmos, 12 stk.
8-19 mm
5099160



**999** ~~1.999~~
**Tangarsett**
Toolux, 4 stk.
5052765



**2.199**
**Juðari**
DWT rafmagns juðari, 140W, 187x90mm
5245284

**ný** sending af úlpum



**7.999**



**69.990**
**Eldavél Amica**
60 sm með steyptum hellum.
1850529




**3.790**
**GEGGJAÐ TILBOÐ**
fimmtudag til sunnudags
**Veggmálning Jotaplast**
Venjuleg plastmálning með gljástig 7, beinhvít, 10 ltr.
7119800

Allar upplýsingar birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl, úrval getur verið mismunandi milli verslana.

**HÚSASMIÐJAN**
...ekkert mál

## > ÓDÝRT Í BÍÓ

Þær ánægjulegu fréttir berast nú eyrum íslenskra neytenda að Sambíóin ætli að gera þriðjudaga að sérlegum bíódögum. Þá mun aðgöngumiði að öllum myndum í kvikmyndahúsum þeirra einungis kosta 500 kr., eins og snemma á tíunda áratug síðustu aldar. Sambíóin ráðast í þessar aðgerðir til þess að gleðja íslensku þjóðina á þeim erfiðu tímum sem nú ríkja.



# bíó

bio@frettabladid.is

## KVIKMYNDANJÖRÐURINN DÖGG MÓSESDÓTTIR KVIKMYNDAGERÐARMAÐUR

# Þykir Spielberg ofmetinn

**Hver er þín eftirlætiskvikmynd?**
Freaks frá árinu 1932 eftir Tod Browning er mér mjög ofarlega í huga.

**Hvort finnst þér betra að fara í bíó eða að horfa heima?**
Fara í bíó, bara alltof sjaldan góðar myndir í bíó.

**Hver er versta kvikmynd allra tíma?**
Erfitt að velja enda úrvalið mikið í dag, ég held að Hollywood toppi sig á hverjum degi.

**Hver er ofmetnasta kvikmynd allra tíma?**
Flest allar myndir Steven Spielberg.

**En hver er vanmetnasta kvikmyndin?**
Stuttmyndir eru mjög vanmetnar og þar vil ég helst nefna „Meshes of the afternoon" eftir Mayu Deren frá árinu 1943 (Er á youtube.com).

**Hver er þinn eftirlætis kvikmyndaleikstjóri?**
Maya Deren.

**Hvaða kvikmynd myndir þú vilja endurgera og hvernig myndirðu breyta henni?**
Ég hef enga trú né áhuga á endurgerð mynda.

**Fengirðu frjálsar hendur til að gera hvernig kvikmynd sem er, hvað myndirðu gera?**
Mynd við handrit sem að ég er að klára sem heitir „Lúkas og ísbíllinn".





**KVIKMYNDIR** Gangs of New York, átök írska minnihlutans í New York, sett á svið í Róm.

# Kvikmyndaver selt

Eitt elsta og frægasta kvikmyndaver Evrópu, Cinecetta í Róm, er nú á tímamótum þegar ríkisstjórn Ítalíu hefur ákveðið að selja tæplega fjórðungshlut sinn í verinu. Kvikmyndaborgin var sett á stofn af Benito Mussolini 1937 til að styrkja þjóðlega og ítalska kvikmyndagerð og hefur allar götur síðan verið stærst evrópskra kvikmyndavera þótt það hafi keppt lengi við Bavaria-verið þýska og bresku verin, Pinewood og eldri svæði. Það stóðst fyllilega samanburð við stærstu verin í Kaliforníu.

Hundruð kvikmynda voru teknar þar, þeirra á meðal margar þekktar bandarískar kvikmyndir, eins og Ben Hur og margar slíkar. Martin Scorsese tók þar Gangs of New York. Flestar myndir Federico Fellini voru gerðar þar. Vinsældir versins til vinnu stærri verka voru meðal annars skýrðar með hári verkkunnáttu og ódýru vinnuafli.

Nú vill stjórn Berlusconi losa sig við hlut sinn í verinu sem kom til eftir fjárhagsleg vandræði við rekstur þess fyrir fáeinum árum. Á svæðinu eru 22 svið og gríðarlegt landsvæði tilheyrir rekstri þess. Þar er enn framleiðsla í fullum gangi: Spike Lee tók þar Miracle at St Anna og Abel Ferrara Go Go Tales.

Ríkisstjórn Berlusconi gengur nú hart fram í endurskipulagningu menningarstarfs í landinu: styrkir til aldinna stofnana og hátíða eru grimmilega endurskoðaðar sem nýrri. Rómar-kvikmyndahátíðin sem sett var á stofn 2006 er nú í hættu að leggjast af. - pbb



**HLÝÐIÐ RÖDDINNI Í SÍMANUM** Shia LaBeouf og Michelle Monaghan í kröppum dansi í myndinni Eagle Eye.

# Á flótta undan réttvísinni

**Frumsýnd verður hér á landi um helgina kvikmyndin Eagle Eye, sem skartar þeim Shia LaBeouf og Michelle Monaghan í aðalhlutverkum.**

Í myndinni Eagle Eye kynnast áhorfendur letingjanum Jerry sem verður fyrir því óláni að missa tvíburabróður sinn í bílslysi. Í kjölfarið fara undarlegir atburðir að gerast; íbúð Jerrys fyllist af sprengiefni og vopnum og bandaríska alríkislögreglan handtekur hann. Hjálp berst honum þó frá óþekktri kvenmannsrödd í síma sem aðstoðar hann við að flýja frá lögreglunni. Á sama tíma berst einstæðu móðurinni Rachel, sem Michelle Monaghan leikur, símtal þar sem líf sonar hennar er sagt í hættu nema hún hlýði fyrirmælum hringjandans í einu og öllu. Röddin í símanum leiðir þau Jerry og Rachel saman og setur þeim fyrir ýmis vandmeðfarin verkefni sem leiða þau á endanum til Washington D. C., en þar verður tengingin við bróður Jerrys sem og skelfileg áform raddarinnar loks ljós.

Ekki hefur mikið borið á aðalleikurum myndarinnar, þeim Michelle Monaghan og Shia LeBeouf, fram að þessu, en hugsanlega verður breyting á högum þeirra í kjölfar Eagle Eye. Shia LeBeouf kannast þó kannski sumir við úr kvikmyndinni Indiana Jones and the Kingdom of the Crystal Skull sem sýnd var í kvikmyndahúsum hér á landi í byrjun sumars, en þar fór hann með hlutverk sonar sjálfs Indiana Jones. Stærsta hlutverk Michelle Monaghan fram til þessa var í myndinni Gone Baby Gone þar sem hún lék á móti Casey Affleck, en íslenskir bíógestir gætu hafa séð henni bregða fyrir í myndinni Made of Honor sem hér var sýnd í sumar.

Leikstjóri Eagle Eye er D.J. Caruso, en hann á að baki myndirnar Disturbia og The Salton Sea, ásamt því að hafa leikstýrt sjónvarpsþáttum á borð við The Shield og Robbery Homicide Division. Caruso hefur því talsverða reynslu af því að skapa ímyndaðan heim glæpamennsku og löggæslu sem hann nýtti sér eflaust við vinnslu þessarar nýjustu kvikmyndar sinnar.

Eagle Eye hefur hlotið misjafna dóma í erlendum miðlum; á vefsíðunni www.imdb.com fær hún 6,9 af tíu mögulegum en hjá www.rottentomatoes.com fær hún einkunna 29%. Það má því leiða að því líkur að myndin falli vel í kramið hjá forföllnum aðdáendum hasarmynda, en fari ef til vill fyrir ofan garð og neðan hjá öðrum. vigdis@frettabladid.is






# Saga eftir Palahniuk í bíó

Þær fregnir bárust nýverið frá draumaverksmiðjunni í Hollywood að til stæði að kvikmynda enn eina af sögum rithöfundarins Chuck Palahniuk, en hann er þekktastur á meðal kvikmyndaáhugafólks fyrir að hafa skrifað söguna sem kvikmyndin Fight Club var gerð eftir. Myndin sú hefur allt frá frumsýningu notið gríðarlegra vinsælda og virðingar og hefur meðal annars reglulega birst á listum kvikmyndaaðdáenda um heim allan yfir bestu myndir allra tíma.

Nú stendur til að kvikmynda söguna Haunted sem kom út árið 2005, en í henni segir frá hópi rithöfunda sem sækjast eftir að komast að í afskekktu listamanaathvarfi til þess að leggja stund á skriftir. Þegar þeir koma á staðinn renna á þá tvær grímur, enda kemur í ljós að þeir eru, gegn vilja sínum, orðnir þátttakendur í raunveruleikasjónvarpsþætti sem reynir svo um munar á þolrif þeirra. Stjórnendur þáttarins skrúfa fyrir hita, vatn og rafmagn og rithöfundarnir verða sífellt skapstirðari. Eins og Palahniuks er von og vísa endar ævintýrið svo á óvæntan hátt, en nánari upplýsingar um endinn liggja þó hvergi á lausu.

Nokkuð er í að tökur á Haunted hefjist, en þeir sem eiga bágt með að bíða eftir næstu Palahniuk-kvikmynd þurfa þó ekki að örvænta þar sem kvikmynd byggð á sögunni Choke er væntanleg í kvikmyndahús síðar í vetur. Einnig er verið að vinna að kvikmyndagerðum af sögunum Invisible Monsters og Survivor. - vþ




**FIGHT CLUB** Auglýsingaplakat fyrir þekktustu mynd sem gerð hefur verið eftir sögu Chucks Palahniuk.

SJÖUNDI SONURINN: NÝ SAKAMÁLAFLÉTTA EFTIR ÁRNA ÞÓRARINSSON

# Hefnd, græðgi, firring






Friðsæld Ísafjarðar er rofin þegar gamalt hús
í miðbænum brennur – fyrr en varir er Einar blaðamaður
kominn á kaf í ískyggilega atburðarás.

[ Árni Þórarinsson gefur ekkert eftir í nýrri
og æsispennandi glæpasögu. ]

**„Árni bregður upp mergjuðum mannlífslýsingum
í nýrri morðsögu sem gerist fyrir vestan.“**
KATRÍN JAKOBSDÓTTIR

**„Virkilega góð sakamálaflétta.“**
KOLBRÚN ÓSK SKAFTADÓTTIR / EYMUNDSSON

JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is

BÓKIN ER PRENTUÐ Á ÍSLANDI

## > GRASKER Í ALLT MÖGULEGT

Flestir tengja grasker við hrekkjavökuna sem er í lok októbermánaðar. Grasker er þó ekki aðeins fallegt skraut heldur nýtist vel til ýmiss konar matargerðar svo sem súpur, grænmetisrétti og kökur. Fræin eru einnig ljúffengt snakk, bæði ristuð eða fersk. Til að flýta fyrir matreiðslunni er hægt að kaupa graskersmauk í dós sem hentar til dæmis vel í ljúffenga graskersböku.



# matur&vín

maturogvin@frettabladid.is

## MATGÆÐINGURINN LINDA ÁSGEIRSDÓTTIR LEIKKONA

# Er hrifin af íslenskum bláberjum

**Hvaða matar gætirðu síst verið án?**
Ég held ég gæti ekki verið án fisks og góðs kaffis.

**Besta máltíð sem þú hefur fengið?**
Ég er nýbúin að vera í afskaplega góðri máltíð hjá systur minni og mági á Blönduósi. Þar fékk ég svartfugl skotinn af mági mínum. Sósan var algjört lostæti, en í henni leyndist meðal annars Grand Marnier og bláber úr sveitunum í kring. Svo finnst mér allt gott sem Maggi bróðir minn eldar. Hann bjó lengi í Frakklandi og eldar mjög franskan og skemmtilegan mat. Ég hef aldrei fengið neitt vont hjá honum, það er alltaf veislumatur.

**Er einhver matur sem þér finnst vondur?**
Nei, ég er svolítil alæta á mat og borða eiginlega bara allt.

**Leyndarmál úr eldhússkápnum:**
Íslenskt smjör, rjómi og fersk krydd ef þau leynast í ísskápnum eða úti í glugga.

**Hvað borðar þú til að láta þér líða betur?**
Nýkreistan safa úr safapressunni, með bláberjum. Ég er búin að vera svolítið bláberjasjúk þetta haustið.

**Hvað áttu alltaf til í ísskápnum?**
Við fjölskyldan erum mikið á ferðinni, en reynum alltaf að eiga morgunmat, smjör, osta og aðrar mjólkurvörur.



**Ef þú yrðir föst á eyðieyju, hvað tækirðu með þér?**
Ætli ég tæki ekki bara safapressuna sem við hjónin fengum í brúðkaupsgjöf. Þetta væri þá vonandi mjög gróðursæl og frjósöm eyja með ávöxtum og grænmeti.

**Hvað er það skrítnasta sem þú hefur borðað?**
Þegar ég var í Togo í Afríku fyrir einu ári síðan fengum við alls kyns skemmtilegan og góðan mat, þó svo að maður vissi ekki alltaf hvað maður væri að borða. Ætli fiskhausar með kúskús sé ekki það skrítnasta.

# Fylltar kartöflur

Fylltar kartöflur eða „jacket potato“ eru bæði ljúffengar og ódýrar. Þær geta bæði verið meðlæti eða aðalréttur því með mismunandi fyllingum má búa til fjölbreyttar máltíðir sem innihalda bæði kolvetni, prótín og fitu.

Hægt er að nota nánast hvað sem hugurinn girnist á kartöflurnar, en eftirfarandi er hugmynd að fyllingu sem er bæði einföld og ódýr.



**FYLLTAR KARTÖFLUR** Bæði ljúffengar og ódýrar.

### Bökunarkartafla með túnfiskfyllingu f. fjóra

- 4 bökunarkartöflur
- 2 dósir túnfiskur í vatni
- 1 rauðlaukur
- Sýrður rjómi eða kotasæla eftir smekk

Stillið ofninn á 200°C. Þvoið kartöflurnar vel, þurrkið og stingið í gegnum hýðið með hníf á nokkrum stöðum. Nuddið smá olíu utan á hverja kartöflu, raðið þeim á bökunarplötu og saltið. Bakið í 1 og 1/2 klukkustund, eða þar til kartöflurnar eru orðnar mjúkar í gegn.

Skerið rauðlaukinn smátt og blandið við túnfiskinn og sýrða rjómann eða kotasæluna. Smakkið til með salti og pipar.

Skerið kartöflurnar í tvennt svo þær opnist án þess að helmingarnir detti í sundur, setjið fyllinguna á milli og njótið vel.

# Einföld eplakaka

Það er algjör óþarfi að henda eplum sem eru aðeins farin að mýkjast. Í staðinn er hægt að töfra fram ljúffengan og einfaldan eftirrétt sem gleður alla fjölskylduna. Ef eplin eru til staðar er ekki ólíklegt að þú eigir allt annað sem þarf í uppskriftina nú þegar.



**GÓÐUR EFTIRRÉTTUR** Eplakakan er fljótleg í framkvæmd og ef heppnin er með þér áttu allt sem til þarf nú þegar.

### Einföld eplakaka

- 35 g heilir hafrar
- 35 g heilhveiti eða spelt
- 20 g hrásykur
- 35 g kalt smjör
- 400 g epli
- 50 g sykur
- 1 msk. vatn

Hitið ofninn að 190° C. Flysjið eplin, kjarnhreinsið og skerið í grófa bita. Hitið eplin á pönnu við lágan hita í 5 mínútur með sykrinum og vatninu. Setjið í eldfast mót.

Blandið hveitinu og höfrunum í skál, skerið smjörið í litla bita og bætið út í. Hnoðið blönduna saman með fingrunum og bætið sykrinum út í.

Stráið hafra- og hveitiblöndunni yfir eplin og bakið í 20 mínútur.


# Hinar vinsælu barna-afmæliskökur færðu hjá okkur

batman, barbie, dóra, pirates of the caribian, litla hafmeyjan, kærleiksbangsarnir og margar fleiri disney fígúrur.

Þú getur séð fleiri myndir inn á: www.okkarbakari.is



"bjóðum einnig upp á eggjalausar tertur"

Opnunartíminn er sem hér segir:
Mánud.til föstud. Kl.7.30 – 18.00
Laugardag Kl.8.00-16.00
Sunnudag kl. 9.00 – 16.00

OKKAR BAKARÍ
Iðnbúð 2 - Garðabæ - sími: 565 8070


### Heimagerð grísk jógúrt:

- 1 l mjólk (Helst nýmjólk eða lífræn, en það er hægt að nota léttmjólk)
- 2 msk. hrein jógúrt (lífræn eða venjuleg)

Mjólkin er hituð í potti á meðalháum hita þangað til loftbólur byrja að myndast á jaðrinum og það rýkur úr henni.

Mjólkin er þá sett í skál eða könnu sem er búið að þvo vel upp úr sjóðandi vatni og kæld niður í 43-46° C. Ég nota leirkönnu. Maður getur annaðhvort notað hitamæli eða bara puttana eins og Grikkirnir.

Mjólkin er svo tilbúin þegar maður getur haldið puttanum í henni í tuttugu sekúndur.

Næst setur maður jógúrtina í litla skál, smá heita mjólk með og hrærir vel. Blönduninni er svo hellt rólega út í mjólkina og öllu hrært vel saman.

Þá er bara að setja blönduna á hlýjan stað í sex til átta klukkustundir, eða yfir nótt. Ég nota bakarofn með ofnljósinu, á 45° C, eða hitabrúsa. Athugið að ofninn þarf að vera heitur þegar blandan fer inn.

Þegar jógúrtin er orðin stíf er plastfilma sett yfir og inn í ísskáp í um það bil sex klukkutíma. Það kemur smá skán sem maður tekur af. Ef jógúrtin er ekki nógu þykk er hægt að setja hana í baðmullargrisju yfir skál og láta vökvann drjúpa af.

Þá er þykka gríska heimagerða jógúrtin tilbúin og maður getur sett hunang, ávexti, múslí eða sultu út á hana. Ég blanda oft sykurlausri hindberjasultu út í, sem er mjög gott.

Þessi er líka miklu betri en sú sem maður kaupir í búð.

Geymist í rúma viku – einn lítri er búinn á örfáum dögum.



**LJÚFFENG JÓGÚRT** Inga Heiða borðar gjarnan heimagerðu jógúrtina upp úr japanskri leirskál sem Greg Barrett, kærastinn hennar, bjó til en hann starfar sem leirkerasmiður. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Býr til gríska jógúrt

**Inga Heiða Hjörleifsdóttir er nýjungagjörn í eldhúsinu. Hún gerir jógúrt heima hjá sér og keypti sér nýlega gamla ísvél.**

„Húsmóðirin er að koma upp í mér svona í seinni tíð,“ segir Inga Heiða Hjörleifsdóttir, sem er 28 ára mannfræðinemi í Háskóla Íslands. „Það er eiginlega rifist um að elda á þessi heimili því mér og kærastanum mínum finnst það báðum svo gaman. Við eldum yfirleitt frekar hollan mat, aðallega grænmeti, kjúkling og fisk, en lítið af rauðu kjöti, þó svo að lífrin hafi komið sterk inn í haust,“ segir Inga sem er í sambúð með Greg Barrett sem starfar sem leirkerasmiður.

„Við borðum eiginlega alltaf fulla máltíð í hádeginu saman. Við gerum til dæmis mikið af þykkum grænmetissúpum og mér finnst graskerssúpa rosalega góð. Svo bökum við speltbrauð nánast annan hvern dag upp úr bókinni hennar Sollu og bætum ýmsu út í það. Greg gerði til dæmis einu sinni brauð úr japönskum þangblöðum sem var mjög gott,“ útskýrir Inga sem gaf okkur uppskrift að heimagerðri grískri jógúrt.

„Ég er veik fyrir heimilistækjum og þegar ég heyrði af jógúrtvélum langaði mig í eina slíka. Þær eru ekki til á landinu svo ég fór að fletta upp á netinu og sá þá að það er hægt að gera jógúrt heima hjá sér án þess að eiga vél. Svo prófaði ég og það er bara ekkert mál,“ segir Inga og ítrekar að nauðsynlegt sé að gæta fyllsta hreinlætis og hreinsa ílátin með sjóðandi vatni áður en hafist er handa. „Nýjasta tækið á heimilinu er handknúin ísvél frá 1980 sem ég keypti á eBay. Hún hefur verið notuð mjög mikið frá því að ég keypti hana og ég hef til dæmis gert jógúrtís úr heimagerðu jógúrtinni.

Þá hita ég stundum frosin hindber á pönnu með hunangi og set út í ísinn, sem er alveg geggjaður,“ bætir hún við. „Jógúrtin sem maður gerir sjálfur er betri en sú sem maður kaupir í búð og geymist í rúma viku í kæli. Einn lítri klárast á örfáum dögum, en svo passar maður sig bara að eiga tvær matskeiðar eftir til þess að gera meira og maður þarf aldrei að kaupa jógúrt aftur. Það er eitthvað svo mikil hversdagsrómantík að borða eigin jógúrt og frábært að vera svolítið sjálfbær,“ segir Inga að lokum.

alma@frettabladid.is

# Megináherslan á hádegismatinn

„Það er gríðarleg aðsókn í hádeginu, en við leggjum megináherslu á hádegisverðinn,“ segir Hákon Már Örvarsson, yfirkokkur á veitingastaðnum Gló. Staðurinn er til húsa í Listhúsinu í Laugardal, sama húsi og Rope Yoga-setrið, en hvort tveggja er í eigu hjónanna Guðna Gunnarssonar og Guðlaugar Pétursdóttur.

Hákon tók við eldhúsinu á Gló í vor, en áður starfaði hann sem yfirkokkur á Hótel Holti, veitingastaðnum Vox og er margverðlaunaður matreiðslumeistari. Síðastliðin tvö ár hefur hann verið búsettur í Bandaríkjunum þar sem hann vann meðal annars í verkefnum á vegum Iceland Naturally við að kynna íslenska matargerð út á við og þegar blaðamaður náði tali af honum var hann nýkominn frá Manhattan þar sem hann var að elda á vegum Sameinuðu þjóðanna.

Á Gló er lagt mikið upp úr hollum og nærringarríkum mat og aðspurður segir Hákon matreiðsluna ekki svo frábrugðna því sem hann hefur vanist. „Tæknin er sú sama en maður er meira heilsuþenkjandi við matargerðina. Við bjóðum upp á rétt dagsins sem er annaðhvort kjöt, fiskur og grænmetisréttur, og við erum alltaf með góða súpu, brauð og hummus. Fólk getur svo valið sér mismunandi salöt sem við reynum að hafa í takt við árstíðirnar og það sem er í boði hverju sinni,“ útskýrir Hákon. „Svo erum við alltaf með heimalagaðar kökur úr náttúrulegum afurðum sem við reynum að halda í hollari kantinum, en bjóðum þó upp á rjóma með þeim. Við erum heilsuþenkjandi staður án þess að vera með neinar öfgar svo það er matur fyrir alla hérna,“ segir Hákon að lokum.

- ag



**HOLLUR OG NÆRRINGARRÍKUR MATUR** Á Gló er boðið upp á holla rétti og kökur úr náttúrulegum afurðum. FRÉTTABLAÐIÐ/GUNNAR V. ANDRÉSSON


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓN
BÓNUS BÝÐUR BETUR!
LAMBAKÓTILETTUR Í RASPI
FRÁ KJARNAFÆÐI
1.379 kr./kg.
MERKT VERÐ 2.298 KR./KG.
EKTA ÍSLENSKT!
40% AFSLÁTTUR
KJARNAFÆÐI
SVÍNARIF, FROSIN
FRÁ KJARNAFÆÐI
598
ÓDÝR ÚRVALSMATUR!
KJARNAFÆÐI
Hagkvæmt fyrir heimilið!
BLÓÐMÖR ÓSOÐINN (FROSINN)
FRÁ KJARNAFÆÐI
359 kr./kg.
MERKT VERÐ 598 KR./KG.
40% AFSLÁTTUR
LIFRARPYLSA ÓSOÐIN (FROSIN)
FRÁ KJARNAFÆÐI
399 kr./kg.
MERKT VERÐ 665 KR./KG.
SKYNDIBITAR MEÐ RASPI, FORSTEIKTIR, 380G (PR./PK.)
FRÁ KJARNAFÆÐI
20% afsláttur.
MERKT VERÐ 359 KR./PK.
TILBÚNIR Í OFNINN EÐA Á PÖNNUNA!
303
BAYONNESKINKA
FRÁ KJARNAFÆÐI
1.079 kr./kg.
MERKT VERÐ 1.799 KR./KG.
40% AFSLÁTTUR
KOFAREYKT SVEITABJÚGU
FRÁ KJARNAFÆÐI
25% afsláttur.
MERKT VERÐ 399KR./KG.
299
KOFAREYKT
LANG VINSÆLUSTU BJÚGUN Í BÓNUS!
BRAUÐSKINKA
FRÁ KJARNAFÆÐI
1.019kr./kg.
MERKT VERÐ 1.699 KR./KG.
40% AFSLÁTTUR
BRAUÐSKINKA
BÓNUS BÝÐUR BETUR
AFGREIÐSLUTÍMI: MÁN. - FIM. 12:00-18:30, FÖS. 10:00-19:30, LAU. 10:00-18:00 OG SUN. 12:00-18:00.
Með fyrirvara um prentvillur eða uppseldar vörur.

> HEIÐRAÐUR Í RÓM

Leikarinn **Al Pacino** verður heiðraður fyrir æviframlag sitt til leiklistarinnar á kvikmyndahátíðinni í Róm sem hófst í gær. Nýjasta mynd hans, Chinese Coffee, sem hann bæði leikstýrir og fer með aðalhlutverkið í, var opnunarmynd hátíðarinnar. Fjallar hún um rithöfund sem má muna sinn fífil fegurri.



# Fólk

folk@frettabladid.is

# Craig drakk sig blindfullan af martini

Daniel Craig verður seint sakaður um að setja sig ekki inn í hlutverk James Bond. Sem er kannski bara ágætis starf. En hann upplýsir í viðtali við breska blaðið Time Out að hann hafi prófað sig áfram til að finna rétta bragðið af þjóðarrétti leyniþjónustumannsins, vodkamartini. „Ég prófaði tíu mismunandi útgáfur og að endingu þá datt ég bara í gólfið, dauðadrukkinn," segir Craig. Nýjustu kvikmyndarinnar, Quantum of Solace, er beðið með mikilli eftirvæntingu.

Quantum of Solace tekur upp þráðinn þar sem Casino Royal sleppti og er Bond nú í mikilli hefndarför. Vill reyna að klófesta þá sem komu unnustu hans, Vesper Lynd, fyrir kattarnef. Leikstjórinn er Marc Forster en hann er meðal annars þekktur fyrir kvikmyndina Finding Neverland, sem seint verður kölluð Bond-ættuð mynd.

Craig upplýsir jafnframt að Pierce Brosnan hafi ekki borið nokkurn kala til hans. Síður en svo, þeir hafi sama talsmann og að hann hafi því getað rætt við hann um James Bond. „Það var virkilega gott að finna stuðning frá honum," segir Craig en slíkt var þó ekkert sjálfgefið enda sagðist Brosnan hafa verið hundsvekktur yfir því að hafa ekki fengið að leika Bond aftur.

Leikarinn greinir jafnframt frá því að það sé engin furða að hann sé í góðu formi enda sé einkaþjálfarinn hans liðsmaður í sérsveitum breska hersins. Quantum of Solace verður frumsýnd hér á landi um miðjan nóvember.



**DRAKK SIG UNDIR BORÐIÐ** Craig bragðaði á tíu mismunandi útgáfum af vodka-martini og féll að endingu kylliflatur í gólfið.

# Jónsi með einsöng

„Ég var í sveit á Hvammsstöðum og þetta er fólkið sem ól mig upp. Mér var ljúft að bjóða fram aðstoð mína," segir Jónsi í Svörtum fötum, sem syngur einsöng með kórnum Sálubót úr Þingeyjarsveit í Fella- og Hólakirkju á laugardag.

Þetta verður í annað sinn sem Jónsi syngur með kórnum og í þetta sinn verða á efnisskránni Mona Lisa, When Your Smiling, eitt lag eftir eistneska kórstjórann Jaan Alavere, auk fleiri laga. Hann hlakkar mikið til að koma fram og hefja upp raustina. „Það er alltaf sagt að það sé mikill vindur í Þingeyingum og ég held að þetta sé upphafið að því."

Jónsi starfar um þessar mundir sem félagsmálafrömuður Tækniskólans auk þess sem hann syngur úti um allar trissur, bæði einsamall og með Í svörtum fötum. Hefur hann því í nógu að snúast eins og svo oft áður. - fb



**JÓNSI** Jón Jósep Sæbjörnsson syngur einsöng með kórnum Sálubót á laugardag.


# Kraków

październik

od 24.900 kr. w jedną stronę

od 39.900 kr. w dwie strony

**Oferta specjalna dla Polaków w Islandii**

Biuro turystyczne Heimsferðir przygotowało wyjątkową promocję dla Polaków mieszkających w Islandii. Bezpośrednie loty z Islandii do Krakowa w październiku po okazyjnie niskiej cenie. Przelot w jedną lub dwie strony. Liczba miejsc ograniczona.

**24.900** Cena biletu dla 1 osoby w jedną stronę przy zakupie w Internecie. Cena zawiera już podatek. (Uwaga! Cena obowiązuje tylko w określonych terminach)

**39.900** Cena biletu dla 1 osoby w dwie strony przy zakupie w Internecie. Cena zawiera już podatek. (Uwaga! Cena obowiązuje tylko w określonych terminach)

**Keflavík-Kraków**
23 października
26 października (tylko w jedną stronę)
30 października (tylko w jedną stronę) (Keflavík-Egilsstaðir-Kraków)

**Kraków-Keflavík**
23 października
26 października
30 października (tylko w jedną stronę)

Heimsferðir
Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099 • www.heimsferdir.is

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.


# Íslenskar hljómsveitir í bandarískum auglýsingum

**Miklar líkur eru á því að lög með íslenskum hljómsveitum verði notuð í bandarískum auglýsingum í náinni framtíð. Þetta segir hin bandaríska Lanette Phillips, einn virtasti framleiðandi tónlistarmyndbanda í heiminum, sem nýverið sat ráðstefnuna You Are In Control í Reykjavík. Einnig sótti hún Iceland Airwaves-hátíðina og heillaðist þar af fjölda hljómsveita.**



**MEÐ JÓNSA** Lanette Phillips hitti Jónsa, söngvara Sigur Rósar, á tónleikum Parachutes á Organ. Einn meðlima hennar er Alex Somers, kærasti Jónsa, og heillaðist Lanette mjög af hljómsveit hans.

Lanette Phillips hefur getið sér gott orð við framleiðslu tónlistarmyndbanda. Hún sótti ráðstefnuna You Are In Control og Airwaves-hátíðina í Reykjavík í síðustu viku. Phillips hreifst svo mjög af Íslandi að hún sendi fjöldapóst á hóp háttsettra vina sinna í tónlistar- og kvikmyndabransanum þar sem hún mærði land og þjóð en þó sérstaklega íslenska flytjendur á borð við Hjaltalín, Lay Low, Borko, Seabear og Dikta. Fylgdu myspace-síður þeirra og fleiri hljómsveita með til frekari glöggvunar. „Maðurinn minn er með fyrirtæki sem aðstoðar tónlistarmenn og hljómsveitir við að komast inn í bandarískar auglýsingar. Ég sendi póstinn á allar stofurnar sem hann rekur og hef þegar fengið viðbrögð frá fólki sem líkaði böndin vel," segir Lanette. „Það gæti komið sér vel fyrir suma listamennina að koma tónlistinni sinni í auglýsingar um öll Bandaríkin."

Lanette hóf feril sinn í afþreyingariðnaðinum sem móttökudama hjá Propaganda, fyrrum fyrirtæki Sigurjóns Sighvatssonar í Los Angeles. Eftir það skildu leiðir en í byrjun áratugarins var hún aftur ráðin til Sigurjóns, þá sem yfirmaður myndbandaframleiðslu Palomar Pictures. Á afrekaskrá hennar þar voru myndbönd fyrir ekki ómerkari listamenn en Red Hot Chili Peppers, Michael Jackson, Moby og Foo Fighters. Einnig hefur hún á ferli sínum framleitt myndbönd fyrir U2, Britney Spears, Eminem, Beyonce og Elton John. Nýlega stofnaði hún sitt eigið fyrirtæki og fyrsta verkefni þess verður framleiðsla á nýju myndbandi fyrir rapparann 50 Cent. Gengu samningarnir í gegn á meðan Lanette var stödd hér á landi.

Hún segir að margt hafi heillað sig hérlendis, bæði umhverfið, Bláa lónið, og svo auðvitað Airwaves-hátíðin. „Landið er ótrúlegt, hátíðin var æðisleg og tónlistarmennirnir algjörlega frábærir. Það sem ég heillaðist af var hversu samrýndir menn voru og studdu hver annan og hve allir voru vingjarnlegir. Þið ættuð að vera mjög stolt því tónlistarsenan þarna er ótrúleg. Það er líka merkilegt hvernig allir þekkja alla og spila í hljómsveitum hverjir hjá öðrum," segir hún. Bætir hún því við að sérlega eftirminnilegt hafi verið þegar Páll Óskar steig á svið með Hjaltalín og söng Þú komst við hjartað í mér. Spurð hvort Palli gæti orðið stjarna í Bandaríkjunum segir hún það vel mögulegt, enda hafi hann mikla útgeislun rétt eins og George Michael og Robbie Williams sem báðir hafi náð langt vestan hafs.

freyr@frettabladid.is

# Loksins plata frá Skapta Ólafs

Skapti Ólafsson var í fyrsta árgangi þeirra sem kynnti íslenskri æsku fyrir rokkinu og gaf út vinsæl lög eins og „Allt á floti alls staðar" og „Syngjum hátt og dönsum". Nú er fyrsta plata Skapta í „fullri lengd" loksins komin út og heitir einfaldlega Skapti.

„Þetta kemur nú bara til af því að Birgir Baldursson og vinir hans vildu endilega fá gamla manninn til að syngja," segir Skapti. „Ég hugsaði nú aldrei svo stórt að þetta yrði plata, enda búinn að vera með hálfgerða minnimáttarkennd. Það varð þó úr að við reyndum og ég er mjög ánægður með útkomuna."

Innihald plötunnar eru sígild djass- og dægurlög, tvö með nýjum íslenskum textum eftir Þorstein Eggertsson. Þarna er líka Lou Reed-lagið „Perfect Day", sem Skapti flutti í fyrra í söngleiknum Ást. Það eru 64 ár síðan Skapti byrjaði í bransanum. „Fyrsta giggið var á Þingvöllum 1944," segir söngvarinn. „Við strákarnir kunnum tvö og hálft þvergrip en gerðum mikla lukku í tjaldbúðunum. Svo var maður í lúðrasveitum, djassböndum og í rokkinu. Maður eignaðist fjölskyldu og vann í prentverki en var samt alltaf eitthvað í danshljómsveitum. Á tímabili vorum við einkahljómsveit Flugfélagsins og spiluðum mikið í útlöndum."

Eymundsson dreifir nýju plötunni og Skapti og bandið ætla að spila. „Jú, við reynum að hafa skemmtanir, þótt ekki væri til annars en að bjóða upp á sykurpækladar pönnukökur og nokkrar kleinur."

Skapti varð áttræður í fyrra og man eðlilega tímana tvenna. „Ég er fæddur inn í kreppuna og inn í stóra fjölskyldu og þetta var oft erfitt líf," segir hann. „Ég man eftir skömmtunarmiðum og það var oft hörgull á ýmsu. Þá reddaði fólk sér bara, húsmæður skiptust á skömmtunarmiðunum og gúmmítútturnar komu til sögunnar. Ég get svo sem engu spáð um það hvað gerist hjá okkur núna. Ég vona bara að liðið læri loksins að spara." -drg



**ALLT ER ÁTTRÆÐUM FÆRT** Skapti Ólafsson man tímana tvenna. MYND/7FN


Bláa
bomban
20%
VIÐBÓTARAFSLÁTTUR
af allri útsöluvöru
Gildir ekki af vörum á föstu verði.
Gildir ekki hjá Sand og Boss og
aðeins af völdum vörum hjá
Tamaris og NTC.
Götumarkaðurinn
í fullum gangi
Allt á 200
og 500…
DEBENHAMS
HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR
Lífsstílsbúð í SMÁRALIND
KONUR - HERRAR - BÖRN - SNYRTIVÖRUR - HEIMILI

# Kynnir á tónleikum

Leikkonan Scarlett Johansson verður kynnir á tónleikum sem verða haldir 11. desember í Ósló til heiðurs friðarverðlaunahafa Nóbels, Finnanum Martti Ahtisaari. Johansson tekur við kyndlinum af leikurunum Kevin Spacey og Uma Thurman sem voru kynnar á síðasta ári.

„Við erum virkilega ánægð með að Johansson taki þátt í tónleikunum,“ sagði Geir Lundestad, fulltrúi nóbelsnefndarinnar. „Samúð hennar og áhrif munu hjálpa okkur gífurlega við að breiða út friðarboðskapinn.“

Athöfninni verður sjónvarpað til tæplega hundrað landa. Á meðal þeirra sem stíga á svið á tónleikunum verða Diana Ross, Feist, sveitasöngvarinn Dierks Betnley, Julieta Veneas og Seun Kuti frá Nígeríu.



**SCARLETT JOHANSSON** Scarlett verður kynnir á tónleikum til heiðurs friðarverðlaunahafa Nóbels.

# FM Belfast fær góða dóma

Hljómsveitin FM Belfast fær góða dóma á heimasíðu breska tímaritsins NME fyrir tónleika sína á Iceland Airwaves-hátíðinni á laugardagskvöld. „Það var lítið sem gat heillað mann eftir að hafa horft gapandi á stóra fossa, heita hveri og grófgerða dalina. Þess vegna má þakka guði fyrir elektrópopparana í FM Belfast sem hrifu mann með kraftmikilli framkomu á myrkum tíma í sögu þjóðar sinnar,“ sagði í dómnum. „Sveitin hljómaði eins og blanda af Lo-Fi-Fnk, Hot Chip og Sykurmolunum með lögum sem fjalla um það að hlaupa niður götuna á nærfötunum einum saman. Með þeim á svið komu síðan að því er virtist allir úr heimaböndunum sem höfðu spilað um helgina, þar á meðal Retro Stefson og Benni Hemm Hemm. Eftir á gat maður ekki annað en fundið fyrir væntumþykju gagnvart náunganum.“



**FM BELFAST** Hljómsveitin FM Belfast fær góða dóma á heimasíðu breska tímaritsins NME fyrir frammistöðu sína á Iceland Airwaves.





Auglýsingasími
512 5050


# Sólargeisli frá honum KK

**Nýjasta plata hins ástsæla tónlistarmanns KK – Svona eru menn – er komin út. Þjófstartað var á Kaffi Rosenberg á mánudag.**

Til útgáfuteitis KK var ýmsum vinum og velunnurum, ásamt þeim sem komu að gerð plötunnar, boðið. KK tróð upp ásamt Jóni Ólafssyni og Ásgeiri Óskarssyni. Viðstaddir fengu forsmekkinn af efni plötunnar sem er meðal annars sérstök að því leytinu til að Jóhann Páll Valdimarsson bókaútgefandi gefur út plötuna auk þess sem hann myndskreytir bækling sem fylgir disknum með ljósmyndum sínum.

Jóhann Páll, sem lét sig gerð plötunnar varða á framleiðslustigi, er að vonum ánægður með sinn mann: „Svona eru menn er að mínu viti einlægasta og hreinræktaðasta plata KK til þessa. Hann stendur og fellur algjörlega með sjálfum sér á plötunni og tekst það einstaklega vel. Yrkisefnin spilla ekki á erfiðum tímum. Ég er sannfærður um að diskurinn verður sannkallaður sólargeisli sem lýsir upp myrkvaðar sálir Íslendinga nú um stundir.“

KK heldur útgáfutónleika í Salnum í Kópavogi í kvöld til að fagna plötunni. Tónleikarnir hefjast klukkan 21.

jakob@frettabladid.is



**MELÓDIKKA, KASSAGÍTAR OG ÞVOTTABRETTI** KK skemmti gestum sínum ásamt snillingunum Jóni Ólafssyni og Ásgeiri Óskarssyni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**UMBOÐSMAÐURINN OG MARKAÐSSTJÓRINN** Palli Papi, til hægri, er umboðsmaður KK (sem og reyndar Bubba) og hann mætti að sjálfsögðu ásamt Heiðari Inga Svanssyni, markaðsstjóra Forlagsins.



**HLJÓMBORÐSLEIKARARNIR** Atli Bollason er kynningarstjóri Forlagsins en er jafnframt þekktur sem hljómborðsleikari Sprengjuhallarinnar og þarna er hann, ásamt Jóni Ólafssyni.



**MICKEY ROURKE** Fer með hlutverk í spennumyndinni 13 í leikstjórn Gela Babluani.

# Rourke og Statham í 13

Mickey Rourke, Jason Statham og rapparinn 50 Cent hafa tekið að sér hlutverk í spennumyndinni 13 sem Frakkinn Gela Babluani leikstýrir. Áður hafði Sam Riley verið ráðinn í hlutverk í myndinni, sem er endurgerð 13 Tzameti sem Babluani leikstýrði einnig.

Kvikmyndin 13 fjallar um mann sem fer eftir leiðbeiningum, sem voru ætlaðar öðrum, um að stela pakka með miklum verðmætum. Tökur á myndinni hefjast í nóvember og verður hún frumsýnd næsta vor, eftir Óskarshátíðina. Vonast framleiðendurnir til að Rourke verði tilnefndur til Óskarsins fyrir myndina The Wrestler og þá ætti 13 að fá enn betri kynningu.


Fyrsta afrek dagsins er góður morgunverður

Til að eiga möguleika á góðum árangri, jafnt í námi sem íþróttum, verð ég ávallt að hefja daginn með næringarríkum morgunverði. Ég ætla mér að halda áfram að keppa að góðum árangri. Þess vegna fæ ég mér **Kellogg's Special K** í morgunverð til að tryggja að ég fái orku, góða næringu og auðvitað lífsnauðsynleg vítamín og steinefni. Ég mæli með því að þú gerir það líka.







Ég hlakka til ...

...haustsins þegar lífið kemst í fastar skorður á ný. Ég sest á skólabekk og nýr kafli tekur við hjá mér. En eitt breytist ekki – ég fæ mér alltaf **Kellogg's Special K** á morgnana.

Erla Dögg Haraldsdóttir, nemi og sundkona

Kellogg's Special K

specialk.is

Fíton/SÍA F1024291




1. sæti

Metsölulisti
New York Times

# Dauðinn segir frá

Lísella hefur dálæti á bókum en til að geta eignast þær verður hún að stela þeim.
Þetta er saga um hugrekki, manngæsku, gleði og ást en einnig ótta og óskiljanlega grimmd.

*Makalaust bókmenntaverk um helför nasista þar sem sjálfur dauðinn er sögumaður!*

**„Bók til að lesa hægt og njóta.“**
Kirkus Review

**„Hrífandi og sársaukafull.“**
Washington Post

**„Bók sem breytir lífi manns.“**
New York Times Book Review

**„Lúmsk og látlaus en dæmalaust hugmyndarík.“**
Teen Vogue

BÓKIN ER PRENTUÐ Á ÍSLANDI

JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is

# Arfaslakur síðari hálfleikur





Á yfir tveggja áratuga ferli hefur Ný dönsk komist á þann öfundsverða stall að höfða jafnt til sveitaballaþyrsts almúga sem og djúp- og krúttþenkjandi músíkspekúlanta. Tvískiptur persónuleikinn hefur einnig leitt af sér að sveitin hefur gjarnan verið sjálfkrafa uppáhald fólks sem alla jafnan hefur takmarkaðan áhuga á tónlist en þykir gaman að syngja með í partíum og finnst sjálfsagt að eiga sína eftirlætishljómsveit eins og hinir. Ný dönsk hefur því verið eins konar Toyota íslenskrar dægulagasögu; Tákn um gæði.

*Turninn* er áttunda breiðskífa sveitarinnar og sú fyrsta í fimmtán ár sem Daníel Ágúst Haraldsson syngur á, mörgum til mikillar gleði. Umslagið, hlutar úr andlitum meðlimanna fimm settir saman í eitt andlit, er stílhreint en afskaplega bitlaust og byggir á hugmynd sem hefði líklega þótt sniðug seint á síðustu öld, áður en annar hver táningur varð doktorslærður í fótósjoppi. Myndin undirstrikar þó óviljandi ráðandi hlut Björns Jörundar Friðbjörnssonar í hljómi sveitarinnar, því erfitt er að sjá nokkuð annað en Björn Jörund út úr andlitinu margskipta. Að vísu sextugan Björn Jörund sem starfar sem flugþjónn, en Björn Jörund engu að síður.

Leikarinn ástsæli Þröstur Leó Gunnarsson var ráðinn sérstaklega (í fyrsta sinn í íslenskri poppsögu svo vitað sé) til að sjá um lagauppröðun á plötunni og verður frammistaða hans að teljast misheppnuð. Fyrstu þrjú lögin, hið rangnefnda *Leiðinlegasta lag í heimi*, titillagið *Turninn* og *Biðin* eru öll hin fínustu popplög og halda aðalsmerkjum sveitarinnar, skemmtilegum melódíum og hnyttnum textum, hátt á lofti. *Alla tíð* (annað af tveimur lögum eftir Jón Ólafsson) er svo afgerandi besta lag plötunnar. Minnir á sameinaða Eric Clapton og Chris Rea að flytja nýja útgáfu af upphafsstefi Taggart-þáttanna, en á mjög góðan hátt. Frábært lag. *Ströndin* sleppur á góðu viðlagi og *Tvær krákur* eftir Daníel vinnur verulega á, ljúfsárt og fallegt í senn.

Flestar lagsmíðar síðari hlutans bera hins vegar vott um ákveðna þreytu. *Lykillinn* hljómar eins og afleit eftiröpun á Purrki Pillnikk og líkindi viðlags *Taktu mig fastan* við gamla smellinn *Hunang* eru einungis til þess fallin að fá áheyrendur til að gráta Ný dönsk fortíðar. *Askan*, *Eðlileg* og *Þokan* eru auðgleymanleg, mátt- og tilgangslítil. Eini ljósi punktur síðari hlutans er *Náttúran*, sem nálgast bestu stundir sveitarinnar hér í denn. Mögulega er helst til langt seilst í nýdanska nostalgíu með texta um „hunangs- og rjómabú“, en lagið er þrælskemmtilegt.

*Turninn* á mjög góða spretti en er að minnsta kosti tveimur hæðum of hár. Næst þyrfti að notast við grimmari gæðastuðla og, fyrir alla muni, ekki láta Þröst Leó koma nálægt lagauppröðun aftur.

**Kjartan Guðmundsson**

**TÓNLIST**

**Turninn**

Ný dönsk

★★

*Turninn* rís hátt í byrjun en hrynur er á líður. Endurkoma Daníels Ágústs er vel þegin en slöku lögin eru of mörg.

# Langar að gefa út aðra plötu

„Það eru þrettán ár síðan ég gaf út jazzplötuna Koss með Tómasi R. Einarssyni og hef ekki verið að syngja með tríói síðan,“ segir leik- og söngkonan Ólafía Hrönn Jónsdóttir. Hún undirbýr nú dagskrá ásamt Ásgeiri Óskarssyni, Birni Thoroddsen og Gunnari Hrafnssyni sem þau munu fara með í grunnskóla og syngja.

„Þeir eru búnir að vera með þessa dagskrá í tíu ár og Egill Ólafsson söng upprunalega með þeim. Við byrjum í nóvember, en erum byrjuð að æfa og búin að hittast heilmikið. Við munum fara í grunnskóla og tökum gamla þjóðlagið Ljósið kemur langt og mjótt, láta það ferðast um hin ýmsu lönd og ég syng það í allskonar stílum. Þetta er svona tónlistarkennsla og svo er líka leikið og dansað,“ útskýrir Ólafía Hrönn sem er nú í óðaönn að undirbúa sýninguna Utan gátta, sem verður frumsýnd á föstudag í Þjóðleikhúsinu. Auk þess stefnir hún á frekara tónleikahald þar sem hún mun syngja nokkur af sínum uppáhalds lögum.

„Mér finnst svakalega skemmtilegt að syngja og væri til í að hvíla mig á leiklistinni til að sinna söngnum alfarið. Þótt ég vilji ekki fara frá leiklistinni væri rosalega gaman að geta gefið sig alla í þetta. Ég er alltaf að semja eitthvað og langar að gefa út aðra plötu. Mér finnst ég eiginlega þurfa að gefa út eina plötu enn,“ segir Ólafía Hrönn. **- ag**



**HEFUR GAMAN AÐ SÖNGNUM** Ólafía Hrönn myndi vilja hvíla sig á leiklistinni og sinna söngnum alfarið. Hún semur tónlist og langar að gefa út aðra plötu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN


NÝTT Í BÍÓ! NÝTT Í BÍÓ!





SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| MAX PAYNE | kl. 5.45D - 8D - 10.15D | 16 |
| MAX PAYNE LÚXUS | kl. 10.15D | 16 |
| HOUSE BUNNY | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | L |
| REYKJAVÍK-ROTTERDAM | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 14 |
| BURN AFTER READING | kl. 8 - 10.15 | 16 |
| MAMMA MIA | kl. 5.30 | L |
| SKJALDBAKAN & HÉRINN | kl. 3.45 | L |
| GRÍSIRNIR 3 | kl. 3.45 | L |
| LUKKU LÁKI OG DALTON BRÆÐUR | kl. 3.45 | L |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 650 kr. ÓDÝRT Í BÍÓ!

| | | |
|---|---|---|
| BANGKOK DANGER | kl. 5.30 - 8 - 10.20 | 16 |
| HOUSE BUNNY | kl. 6 - 8.20 - 10.30 | L |
| BURN AFTER READING | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | 16 |
| PINAPPLE EXPRESS | kl. 8 - 10.30 | 16 |
| STEP BROTHERS | kl. 5.45 | 12 |
| | | L |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| THE WOMEN | kl. 5.30 - 10.30 | L |
| MAX PAYNE | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | 16 |
| HAMLET 2 | kl. 10.15 | 7 |
| REYKJAVÍK-ROTTERDAM | kl. 5.40 - 8 - 10.10 | 14 |
| MAMMA MIA | kl. 5.30 - 8 | L |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| MAX PAYNE | kl. 8 - 10 | 16 |
| HOUSE BUNNY | kl. 6 - 10 | L |
| REYKJAVÍK-ROTTERDAM | kl. 8 | 14 |
| SKJALDBAKAN & HÉRINN | kl. 6 | L |

AUKAKRÓNUR 5%

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANN Á midi.is

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI AUKAKRÓNUR

Nýtt í bíó LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus





LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| THE WOMEN | kl. 5.50, 8 og 10.10 | L |
| SKJALDBAKANN OG HÉRINN | kl. 6 (650)- ÍSL.TAL | L |
| RIGHTEOUS KILL | kl. 6, 8 og 10 | 16 |
| REYKJAVÍK ROTTERDAM | kl. 8 og 10 | 12 |

SAMBÍÓIN





SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| SEX DRIVE | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | 12 |
| SEX DRIVE | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | VIP |
| MAX PAYNE | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | 16 |
| NIGHTS IN RODANTHE | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | L |
| PATHOLOGY | kl. 8 - 10:20 | 16 |
| WILD CHILD | kl. 8 | L |
| GEIMAPARNIR m/ísl. tali | kl. 6 | L |
| TROPIC THUNDER | kl. 10:20 | 16 |
| SVEITA BRÚÐKAUP | kl. 5:50 | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| SEX DRIVE | kl. 6 - 8:10 - 10:30 | 12 |
| HAPPY GO LUCKY | kl. 8 | 12 |
| QUEEN RAQUELA | kl. 10:20D | 12 |
| DEATH RACE | kl. 10:20 | 16 |
| JOURNEY 3D DIGITAL-3D | kl. 6 | L |
| WILD CHILD | kl. 5:50 | L |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| PINEAPPLE EXPRESS | kl. 8 | 16 |
| BABYLON A.D. | kl. 10:10 | 16 |
| REYKJAVÍK ROTTERDAM | kl. 8 - 10:10 | 14 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| SEX DRIVE | kl. 8 | 12 |
| PATHOLOGY | kl. 8 | 16 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| SEX DRIVE | kl. 8 - 10:10 | 12 |
| HAPPY GO LUCKY | kl. 8 | 12 |
| BURN AFTER READING | kl. 10 | 16 |

TRAILERAR, LEIKIR, VEGGFÓÐUR OG FLEIRA SKEMMTILEGT MÁ FINNA Á SAMbio.is

# Hennar hátign ...





... er komin aftur – og ekki ein! En hver nennir að vera prinsessa þegar fyrsta alvöru stefnumótið stendur fyrir dyrum?

Fjórða sagan um prinsessuna og borgarstelpuna Míu Thermopolis sem slegið hefur í gegn víða um heim í bókum og kvikmyndum.

JPV ÚTGÁFA www.forlagid.is




DIOR KYNNING 23. -29. OKTÓBER
í Hagkaup Kringlunni, Smáralind, Holtagörðum og Skeifunni.

Sérfræðingar frá Dior verða á staðnum og velja rétta maskarann fyrir þig, ásamt því að veita aðrar faglegar ráðleggingar.
Fallegt jóla-maskara tilboð sem inniheldur einnig jóla augnskuggann frá Dior í ár sem gjöf.
Ef verslað er fyrir 6.500 fylgir falleg gjöf.
Vertu velkomin.

OPIÐ til 20 alla daga

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

## > Rúnar Páll áfram með HK

HK tilkynnti á heimasíðu sinni í gærkvöldi að Rúnar Páll Sigmundsson myndi halda áfram sem þjálfari meistaraflokks félagsins. Rúnar Páll tók við HK á miðju tímabili í Landsbankadeildinni síðasta sumar en liðið féll sem kunnugt er í 1. deild. Rúnar Páll, sem er 34 ára gamall, gerði samning við HK til eins árs en hann var áður leikmaður hjá félaginu. Rúnar Páll hefur einnig þjálfað Stjörnuna úr Garðabæ í 1. deildinni.



sport

sport@frettabl

**ALFREÐ GÍSLASON:** FINNUR EKKI FYRIR PRESSUNNI HJÁ KIEL ÞÓ SVO AÐ HANN SÉ MEÐVITAÐUR UM KRÖFURNAR

# *Verð hengdur ef ég skila ekki dollum í hús hjá Kiel*

Það vakti eðlilega mikla athygli síðasta sumar þegar Alfreð Gíslason tók við þjálfun þýska stórliðsins Kiel. Kiel hefur verið eitt af tveim bestu félagsliðum heims síðustu ár, er með stórkostlega leikmenn innan sinna raða og er stefnan sett á að vinna allar keppnir.

„Umhverfið hér er frábært og félagið magnað. Hér er staðið betur að öllum hlutum en ég hef áður kynnst,“ sagði Alfreð sem veit um kröfur félagsins en finnur ekki fyrir pressunni.

„Ég er ekkert að velta mér upp úr því sem er skrifað í blöðin enda les ég þau ekki. Ég hef engar áhyggjur af slíku. Ég veit vel að við erum með frábært félag og félagið gerir kröfur en ég fer ekkert á taugum yfir slíku. Ég verð náttúrulega hengdur ef ég skila engum dollum í hús,“ sagði Alfreð léttur.

Honum líkar lífið afar vel í Kiel. Er kominn með hús á leigu þar en hans aðalheimili er í útjaðri Magdeburg. Svo er hann einnig með hús á leigu fyrir utan Köln þar sem hann vann áður en húsaleigusamningurinn rennur ekki út fyrr en næsta sumar og því stendur húsið autt.



„Það er mjög fínt að vera í Kiel en mikið að gera. Það er samt gaman á meðan það gengur sæmilega. Það var náttúrulega ekkert stórkostlegt að gera jafntefli við Dormagen í fyrsta leik í deildinni en menn voru ekkert að æsa sig yfir því,“ sagði Alfreð sem síðan hefur náð að kveikja almennilega á liðinu sem er nú komið á toppinn í þýsku úrvalsdeildinni og var svo að leggja Barcelona á útivelli í Meistaradeildinni Barca hafði ekki áður tapað heima í keppninni.

„Það var alveg frábær leikur og sérstaklega síðari hálfleikurinn. Karabatic var að spila sinn fyrsta leik með okkur þar í 60 mínútur og það munar nokkuð um að fá hann aftur,“ sagði Alfreð en hann hefur lent í nokkrum meiðslum með mannskap sinn. Á móti kemur að hinn 38 ára Stefan Lövgren hefur heldur betur stigið upp í byrjun vetrar og spilað frábærlega.

## ÚRSLIT

### *Meistaradeild Evrópu*

**A-riðill:**
Bordeaux-CFR Cluj 1-0
1-0 sjálfsmark (54.).
Chelsea-Roma 1-0
1-0 John Terry (77.)

**STAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Chelsea** | **3** | **2** | **1** | **0** | **5-0** | **7** |
| CFR Cluj | 3 | 1 | 1 | 1 | 2-2 | 4 |
| **Roma** | **3** | **1** | **0** | **2** | **4-4** | **3** |
| Bordeaux | 3 | 1 | 0 | 2 | 2-7 | 3 |

**B-riðill:**
Inter-Anorthosis 1-0
1-0 Adriano (44.).
Panathinaikos-Werder Bremen 2-2
0-1 Per Mertesacker (29.), 1-1 Vangelis Mantzios (36.), 2-2 Hugo Almeida (83.).

**STAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Inter** | **3** | **2** | **1** | **0** | **4-1** | **7** |
| Anorthosis | 3 | 1 | 1 | 1 | 3-2 | 4 |
| **Bremen** | **3** | **0** | **3** | **0** | **3-3** | **3** |
| Panathinaikos | 3 | 0 | 1 | 2 | 3-7 | 1 |

**C-riðill:**
Shakhtar Donetsk-Sporting 0-1
0-1 Liedson (76.).
Basel-Barcelona 0-5
0-1 Lionel Messi (4.), 0-2 Sergi Busquets (15.), 0-3 Bojan Krkic (22.), 0-4 Bojan Krkic (46.), 0-5 Xavi Hernández (48.).

**STAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Barcelona** | **3** | **3** | **0** | **0** | **10-2** | **9** |
| Sporting | 3 | 2 | 0 | 1 | 4-3 | 6 |
| **Shakhtar** | **3** | **1** | **0** | **2** | **3-4** | **3** |
| Basel | 3 | 0 | 0 | 3 | 1-9 | 0 |

**D-riðill:**
Atletico Madrid-Liverpool 1-1
0-1 Robbie Keane (14.), 1-1 Simao (83.).
PSV-Marseille 2-0
1-0 Danny Koevermans (71.), 2-0 Danny Koevermans (85.).

**STAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Atletico** | **3** | **2** | **1** | **0** | **6-2** | **7** |
| Liverpool | 3 | 2 | 1 | 0 | 6-3 | 7 |
| **PSV** | **3** | **1** | **0** | **2** | **3-6** | **3** |
| Marseille | 3 | 0 | 0 | 3 | 2-6 | 0 |

### *Iceland Express-deild kvk*

Keflavík-KR 72-60 (34-30)
**Stig Keflavíkur:** Birna Valgarðsdóttir 29 (10 frák., 4 stolnir), Pálína Gunnlaugsdóttir 13 (8 frák., 6 stolnir, 5 stoðs.), Ingibjörg Elva Vilbergsdóttir 10 (3 varin), Svava ósk Stefánsdóttir 9 (6 frák., 6 stoðs.), Rannveig Randversdóttir 4, Halldóra Andrésdóttir 4, Hrönn Þorgrímsdóttir 3.
**Stig KR:** Hildur Sigurðardóttir 18 (11 frák., 5 stoðs.), Guðrún Ósk Ámundadóttir 12, Sigrún Ámundadóttir 11 (9 frák., 4 stolnir), Guðrún Gróa Þorsteinsdóttir 8, Kristín Björk Jónsdóttir 3, Rakel Viggósdóttir 2, Guðrún Arna Sigurðardóttir 2, Sigurbjörg Þorsteinsdóttir 2, Þorbjörg Friðriksdóttir 2.
Haukar-Snæfell 80-63 (40-32)
**Stig Hauka:** Stig Hauka: Slavica Dimovska 25 (12 stoðs., 6 frák., 6 stolnir), Kristrún Sigurjónsdóttir 22 (4 stolnir), Guðbjörg Sverrisdóttir 13, Ragna Margrét Brynjarsdóttir 9, Sara Pálmadóttir 4, Bryndís Hreinsdóttir 3, María Lind Sigurðardóttir 2, Margrét Rósa Hálfdanardóttir 2.
**Stig Snæfells:** Sara Sædal Andrésdóttir 16, María Björnsdóttir 15, Detra Ashley 11 (14 frák.), Unnur Ásgeirsdóttir 11 (10 frák.), Gunnhildur Gunnarsdóttir 8, Sara Mjöll Magnúsdóttir 2.
Grindavík-Valur 46-44 (27-23)
**Stig Grindavíkur:** Ólöf Helga Pálsdóttir 12 (8 frák.), Ingibjörg Jakobsdóttir 12, Íris Sverrisdóttir 10, Petrúnella Skúladóttir 8 (11 frák., 5 stolnir), Lilja Ósk Sigmarsdóttir 2, Helga Hallgrímsdóttir 2.
**Stig Vals:** Kristjana Magnúsdóttir 15, Berglind Ingvarsdóttir 9, Lovísa Guðmundsdóttir 8 (9 frák., 4 varin), Signý Hermannsdóttir 6 (15 frák., 10 varin), Þórunn Bjarnadóttir 3, Tinna Björk Sigmundsdóttir 3.
Hamar-Fjölnir 95-34

# Skrautlegt jafntefli í Madríd

**Atletico Madrid og Liverpool skildu jöfn, 1-1, í kaflaskiptum leik þar sem danskir línuverðir stálu senunni. John Terry sá til þess að Chelsea tók öll stigin gegn Roma og Börsungar efndu til markaveislu gegn Basel.**

**FÓTBOLTI** Það var ekki skorað jafn mikið í Meistaradeildinni í gærkvöldi og kvöldið áður en línur eru þó farnar að skýrast í nokkrum riðlum.

Atletico Madrid og Liverpool berjast á toppi D-riðils og eru þar áfram jöfn eftir 1-1 jafntefli liðanna á Vicente Calderón-leikvanginum í Madríd í gærkvöldi.

Gestirnir í Liverpool tóku forystu í leiknum á 14. mínútu þegar Robbie Keane komst einn inn fyrir vörn Atletico eftir stungusendingu Stevens Gerrard og skoraði af öryggi. Það var vissulega ákveðinn rangstöðufnykur af markinu en það fékk að standa og Keane fagnaði eins og honum einum er lagið.

Liverpool náði góðum tökum á leiknum eftir markið og heimamenn í Atletico gerðu sig sjaldan líklega til þess að jafna leikinn í fyrri hálfleik og voru langt frá sínu besta.

Yossi Benayoun virtist hafa bætt við öðru marki fyrir Liverpool snemma í seinni hálfleik en markið var ranglega dæmt af vegna meintrar rangstöðu. Atvikið virtist hafa vakið Atletico-menn af værum blundi því eftir það var allt annað að sjá til liðsins. Maniche náði að koma boltanum í mark Livpool á 56. mínútu en enn og aftur komu aðstoðardómarar við sögu og dæmdu markið, sem var fullkomlega löglegt, af vegna meintrar rangstæðu og Liverpool slapp þar með skrekkinn. Stuttu síðar bjargaði Pepe Reina, markvörður Liverpool, vel þegar hann varði gott skot frá Simao í stöng.



**LEIÐTOGI** John Terry sá um að hala inn þrjú stig fyrir Chelsea í gærkvöld. NORDIC PHOTOS/GETTY



**MARKASKORARI** Robbie Keane skoraði fyrsta mark leiksins á Vicente Calderón-leikvanginum í gær en þó nokkur rangstöðufnykur var af markinu. Það var samt í takt við aðrar lélegar ákvarðanir hjá línuvarðaparinu að láta markið standa. NORDIC PHOTOS/GETTY

Simao brást þó ekki bogalistin á 83. mínútu og jafnaði leikinn með góðu skoti og þar við sat.

Rafa Benitez, knattspyrnustjóri Liverpool, var ósáttur við að missa leikinn niður í jafntefli.

„Mér fannst við stjórna leiknum vel í fyrri hálfleik og í hluta af seinni hálfleik og það var svekkjandi að klára ekki leikinn þá. Við gerðum svo dýr mistök í lokin og borguðum fyrir það fullu verði,“ segir Benitez.

**Fyrirliðinn til bjargar**

Skallamark John Terry, fyrirliða Chelsea, nægði Lundúnafélaginu til þess að taka öll stigin gegn Roma á Brúnni.

Luiz Felipe Scolari, knattspyrnustjóri viðurkennir að sigur Chelsea hafi ekki verið áferðarfagur en er engu að síður sáttur.

„Það mikilvægasta við leikinn gegn Roma voru úrslitin. Þetta var ekkki fallegur leikur,“ segir Scolari.

Chelsea komst með sigrinum í þægilega stöðu á toppi riðilsins þar sem Bordeaux vann spútniklið CFR Cluj í hinum leik A-riðils og Chelsea því eina taplausa lið riðilsins.

**Auðvelt hjá Börsungum**

Eiður Smári gat ekki leikið með Barcelona gegn Basel vegna meiðsla en Börsungar lentu ekki í neinum vandræðum í Sviss. Argentínski snillingurinn Lionel Messi gaf tóninn með marki strax á 4. mínútu og þá var ekki aftur snúið. Þegar upp var staðið voru mörkin orðin fimm og Barcelona að spila frábæran fótbolta þessa dagana.

**omar@frettabladid.is**

Keflavíkurkonur unnu tólf stiga sigur á KR eftir spennandi leik í Iceland Express-deildinni í gærkvöldi:

# Birna tók til sinna ráða á lokakaflanum

**KÖRFUBOLTI** Birna Valgarðsdóttir fór fyrir sínu liði í tólf stiga sigri Keflavíkur á KR, 72-60, í Iceland Express deild kvenna. Birna skoraði 11 af 29 stigum í lokaleikhlutanum þegar Keflavíkurliðið lagði grunninn að sigrinum.

„Það var ekki í boði að tapa fleiri heimaleikjum í vetur,“ sagði Birna eftir leik. „Það var smá pressa á okkur eftir tap í fyrsta heimaleiknum en við héldum haus og unnum góðan sigur,“ sagði Birna sem var rosalega sterk á lokamínútunum. „Jonni þjálfari sagði við mig fyrir 4. leikhlutann að ég væri reynslumesta manneskjan og að ég mætti ekki hengja haus. Ég hlustaði á hann og tók til minna ráða,“ sagði Birna sem var með 29 stig, 10 fráköst og 4 stolna bolta í gær.

Keflavík var með frumkvæðið og forustuna stærsta hluta leiksins en KR-liðið gafst aldrei upp og náði alltaf að vinna upp forskot meistaranna. Keflavík var 21-12 yfir eftir fyrsta leikhluta og var með fjögurra stiga forskot í hálfleik, 34-30. Fyrir lokaleikhlutann var staðan 50-47 fyrir Keflavík en Birna skoraði 8 stig í 13-4 spretti Keflavíkurliðsins en eftir hann var sigurinn nánast í höfn.

Jón Halldór Eðvaldsson, þjálfari Keflavíkurliðsins var sáttur með sínar stelpur í lokin.“Ég er gríðarlega ánægður með stelpurnar. Við erum búin að vera í vandræðum með sóknarleikinn á þessu tímabili eftir að við misstum aðalsóknarmanninn okkar en þetta er allt að koma. Þetta var flott í dag og mér finnst vera stígandi hjá Pálínu í leikstjórnandastöðunni frá degi til dags,“ sagði Jón en Pálína átti góðan dag í gær og var með 13 stig, 5 stoðsendingar og 6 stolna bolta. Það var hins vegar Birna sem var maður leiksins. „Það er allt í lagi að skrifa um það að Birna er með gallsteina og blöðrubólgu og ég held að þetta afrek sem hún vann í dag sé miklu stærra en tölurnar sýna. Fólk liggur venjulega fyrir þegar það er svona veikt. Hún var stórkostleg,“ sagði Jón að lokum.

Hildur Sigurðardóttir var sterk hjá KR með 18 stig, 11 fráköst og 5 stoðsendingar og þá skiluðu systurnar Sigrún og Guðrún Ámundadætur saman 23 stigum. Það munaði hins vegar miklu að Helga Einarsdóttir var veik og gat aðeins spilað í 5 kraftlitlar mínútur og það munar mikið um hennar framlag í vörn og fráköstum. **- óój**



**FRÁBÆR** Keflavíkurstúlkan Birna Valgarðsdóttir átti góðan leik í gær og var betri en engin á lokakafla leiksins. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Formenn körfuknattleiksdeilda Grindavíkur og KR ásaka hvor annan um að fara með rangt mál:

# Körfuknattleiksdeildir KR og Grindavíkur í hár saman

**KÖRFUBOLTI** Óli Björn Björgvinsson, formaður körfuknattleiksdeildar Grindavíkur, er ekki sáttur við kollega sinn hjá KR, Böðvar Guðjónsson, sem hann segir hafa gengið á bak orða sinna um að senda bandarískan leikmann KR heim líkt og Grindavík og Keflavík hafa gert til að mynda. Grindavík reyndar sagði upp samningi við sinn mann en sendi hann ekki heim.

„Ég átti símtal við Böðvar um það leyti sem lið voru að senda útlendingana sína heim og sagði honum að við ætluðum að senda útlendingana okkar heim. Þetta var á miðvikudegi. Böðvar sagði þá að þeir myndu líka segja sínum Kana upp og það kæmi tilkynning um það eftir hádegi á föstudegi. Ég beið og beið og aldrei kom neitt frá KR,“ sagði Óli Björn frekar ósáttur en hann segist ekki treysta Böðvari eftir þessa uppákomu.

„Þá hafði Böðvar sett fram tillögu um heiðursmannasamkomulagið í millitíðinni og skýlir sér á bak við það núna. Það er hans mál og ef honum líður betur eftir þetta er það bara gott mál.

Ég held hann hafi aldrei ætlað að senda Kanann heim. Ég treysti ekki orðum þessa manns og þetta er ekkert nýtt hjá KR sem gerði heiðursmannasamkomulag við Keflavík í kvennaboltanum fyrir nokkrum árum um að nota ekki Kana. Daginn eftir mætti KR til leiks með Kana,“ sagði Óli Björn.

Böðvar segir Óla Björn ekki fara með rétt mál. „Við töluðum saman á miðvikudagskvöldið og daginn eftir sendi ég tillögu að heiðursmannasamkomulagi frá mér.

Ég sagði við Óla að það yrði að samþykkja tímabil án útlendinga ef við yrðum með. Þetta sem Óli segir er bara alls ekki rétt. Ég sagðist vera til í að spila bolta með öllum ef það yrði gert skriflegt samkomulag sem menn höfðu ekki áhuga á,“ sagði Böðvar sem telur þess utan líklegt að liðin í deildinni muni fá sér Kana þegar nær dregur úrslitakeppni.

Hann segir enn fremur að það kæmi sér ekki á óvart ef Damon Bailey myndi mæta í Grindavíkurbúningi er Grindavík sækir KR heim í byrjun nóvember.

„Þeir segjast ekki treysta mér en hvernig á ég að treysta Grindvíkingum þegar Damon Bailey er enn í Grindavík? Við skulum bíða eftir 6. nóvember og verður áhugavert að sjá hvort Bailey verði þá í stúkunni, á skýrslu eða jafnvel byrji leikinn,“ sagði Böðvar. - hbg



**BÖÐVAR GUÐJÓNSSON** Formaður körfuknattleiksdeildar KR segist ekki treysta Grindvíkingum frekar en þeir treysti honum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**AFTUR Í GULT?** Margir spá því að Bailey verði aftur kominn í gula búninginn er Grindavík sækir KR heim. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Bailey enn í Grindavík:

## Spilar kannski með Grindavík

**KÖRFUBOLTI** Þó svo Bandaríkjamaðurinn Damon Bailey sé ekki lengur með samning við Grindavík er hann enn staddur í Grindavík þar sem hann er aðstoðarþjálfari hjá meistaraflokki kvenna ásamt því sem hann þjálfar yngri flokka hjá félaginu.

„Hann er að þjálfa hjá okkur og við erum mjög ánægðir með hann enda stórkostlegur þjálfari,“ sagði Óli Björn Björgvinsson, formaður körfuknattleiksdeildar Grindavíkur, sem þvertekur ekki fyrir að hann muni semja upp á nýtt við Bailey.

„Það getur vel verið að hann dúkki upp í Grindavíkurbúningi síðar. Hann vill spila og fengist hugsanlega til þess að spila fyrir lítið ef eftir því væri leitað. Við tókum aftur á móti þá ákvörðun að spila með íslenskt lið og sú ákvörðun stendur þar til annað kemur í ljós,“ sagði Óli Björn. - hbg

Kristinn Óskarsson:

## Hefur dæmt í deildinni í 20 ár

**KÖRFUBOLTI** Kristinn Óskarsson fagnar 20 ára starfsafmæli í Garðabænum í kvöld þegar hann dæmir leik Stjörnunnar og Njarðvíkur í Iceland Expressdeild karla.

Kristinn dæmdi sinn fyrsta leik 23. október 1988. Kristinn dæmdi fyrsta leikinn með Jóni Otta Ólafssyni og það var leikur á milli Njarðvíkur og Tindastóls í Ljónagryfjunni. Valur Ingimundarson, sem nú þjálfar lið Njarðvíkur, lék með liði Tindastóls í þeim leik.



Kristinn dæmir leikinn í kvöld með Einari Þór Skarphéðinssyni en þetta verður 467. leikurinn sem hann dæmir í úrvalsdeild karla. - óój






**EKKI MEÐ** Guðbjörg Gunnarsdóttir þarf að bíða um sinn eftir fyrsta landsleiknum eftir meiðslin. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Írlandshópurinn er klár:

## Guðbjörg situr eftir heima

**FÓTBOLTI** Guðbjörg Gunnarsdóttir, markvörður Vals, sem hefur komið til baka á mettíma eftir slit á hásin síðasta vetur, verður ekki með íslenska landsliðinu í fyrri umspilsleiknum á móti Írum.

Sigurður Ragnar Eyjólfsson, landsliðsþjálfari valdi Maríu Björg Ágústsdóttur og Söndru Sigurðardóttur sem markverði liðsins í leiknum í Dublin á sunnudaginn.

Sigurður Ragnar skildi líka eftir Málfríði Sigurðardóttur (Val), Fanndísi Friðriksdóttur (Breiðabliki) og Þórunni Helgu Jónsdóttur (KR) en þær voru eins og Guðbjörg í 23 manna hópi sem hann valdi fyrir þessa tvo umspilsleiki um sæti í lokakeppni EM í Finnlandi á næsta ári. **-óój**



**TIL ÍTALÍU?** David Beckham mun að öllum líkindum ganga til liðs við AC Milan á lánssamningi í janúar. NORDIC PHOTOS/GETTY

Adriano Galliani, AC Milan:

## Beckham vill koma í janúar

**FÓTBOLTI** Adriano Galliani, varaforseti AC Milan, staðfesti í viðtali við ítalska dagblaðið La Gazzetta dello Sport í gær að Mílanó-félagið hefði áhuga á að fá David Beckham á lánssamningi frá LA Galaxy. Enski landsliðsmaðurinn hefur verið að leita að félagi til þess að æfa með á meðan MSL-deildin bandaríska fer í frí til þess að halda sér í formi og vera þannig gjaldgengur fyrir undankeppni HM 2010 með Englandi. Galliani segir áhugann gagnkvæman og gerir enn fremur ráð fyrir því að Beckham æfi ekki bara, heldur spili einnig með AC Milan í Serie A-deildinni og UEFA-bikarnum.

„Hann vill koma og við viljum fá hann. Hann yrði vissulega góð viðbót við leikmannahóp okkar,“ segir Galliani. **- óþ**

10%
vaxtaauki!
Nýttu þér þetta **TILBOÐ** og stofnaðu reikning á **spron.is**
spron – bankinn þinn




# Líður mjög vel með pabba sem þjálfara

**Þorgerður Anna Atladóttir hefur vakið mikla athygli í fyrstu umferð N1-deildar kvenna. Hún hefur skorað samtals 12 mörk, í tveimur leikjum, síðan faðir hennar, Atli Hilmarsson, tók við Stjörnuliðinu.**

**HANDBOLTI** Það urðu óvænt þjálfaraskipti hjá Íslandsmeisturum Stjörnunnar í upphafi Íslandsmóts kvenna í handbolta þegar Ragnar Hermannsson hætti með liðið eftir aðeins tvo leiki. Við búinu tók Atli Hilmarsson og er hann því farinn að þjálfa dóttur sína, Þorgerði Önnu Atladóttur. Þorgerður er gríðarlegt efni en hún er farin að þenja netmöskvana þó að hún sé aðeins 16 ára gömul.

Koma pabba gamla hefur greinilegt haft frábær áhrif því hún hefur skorað sex mörk í báðum leikjunum undir stjórn hans en skoraði „bara“ fjögur mörk samtals í fyrstu tveimur leikjunum. „Ég er búin að eiga tvo ágæta leiki og vonandi gengur bara vel í næsta leik líka,“ segir Þorgerður Anna. Báðir foreldrar hennar leggja mikla áherslu á í viðtölum að hún sé bara 16 ára gömul en þrátt fyrir ungan aldur leyna hæfileikarnir sér ekki inni á vellinum.

### Alltaf verið þjálfari númer tvö

Þorgerður var ánægð með að pabbi hennar tóku við liðinu. „Það var fínt að fá hann sem þjálfara. Hann þekkti allar stelpurnar og hann hefur alltaf verið þjálfari númer tvö hjá mér. Mér líður mjög vel með pabba sem þjálfara. Fyrst fannst mér þetta skrítið en ég var fljót að venjast þessu enda vön að hafa hann öskrandi uppi í pöllum,“ segir Þorgerður.

Móðir hennar, Hildur Kristjana Arnardóttir, segir Þorgerði hafa vonast eftir því lengi að fá Atla sem þjálfara hennar. „Hún er búin að vera að biðja hann um það lengi að þjálfa hana. Hann hefur alltaf sagt nei,“ segir Hildur. Hún segir aðkomu Atla að liðinu nú hafa snúist um annað. „Hann var bara að bjarga liðinu því það var ómögulegt að þær væru þjálfaralausar. Fyrsta hugsunin var að hjálpa til og það var gott að hann gat það,“ segir Hildur.

### Svífur ekkert en neglir bara

Þorgerður er þegar orðin mikil skytta og svakalega skotföst en hvaðan kemur skotharkan?

„Nú veit ég ekki. Pabbi var laus og sveif en ég svíf ekkert og þá bara neglir maður,“ segir Þorgerður í léttum tón. Hún hefur verið lengi í kringum handbolta og er viss um að það hafi hjálpað sér að verða betri. „Þegar ég var yngri þá var pabbi alltaf að þjálfa og ég var alltaf að skottast með á æfingum. Ég er búin að vera að æfa lengi og það er bara að skila sér,“ segir Þorgerður.

Þorgerður segir föður sinn ekki vera mjög gagnrýninn en hann gefi henni oft góð ráð. „Við náum mjög vel saman,“ segir Þorgerður sem talar um að hún og pabbi hennar tali oft um það sem betur má fara í bílnum á leiðinni heim. „Ef það var ekki eitthvað gott þá segir hann manni að ég mætti gera þetta aðeins betur. Svo segir hann manni líka hvað var gott,“ segir Þorgerður og hún er líka í miklu sambandi við bróður sinn Arnór.



**FEÐGININ SAMAN** Atli Hilmarsson og Þorgerður Anna Atladóttir eru í aðalhlutverki hjá Stjörnunni í N1-deild kvenna í vetur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

### Í miklu sambandi við Arnór

„Ég er í mjög miklu sambandi við Arnór og það er fínt að fá ráð frá bæði pabba og Arnóri. Arnór veit alveg hvað ég er að fara í gegnum núna,“ segir Þorgerður en Atli Hilmarsson þjálfaði einnig son sinn Arnór Atlason þegar hann var að stíga sín fyrstu sport í KA-liðinu í kringum aldamótin.

Atli gerði þó KA-liðið ekki að Íslandsmeisturum fyrr en Arnór var farinn í atvinnumennsku til Þýskalands. Arnór er nú lykilmaður í íslenska landsliðinu og spilar með danska liðinu FCK Håndbold í Kaupmannahöfn.

„Hann er mikil fyrirmynd fyrir hana og hún hefur lært heilmikið af honum. Hún hefur séð hvað Arnór hefur þurft að hafa fyrir þessu og veit því hvað til þarf,“ segir Hildur. Hún vonast til að Þorgerður verði heppnari með meiðsli en bróður hennar. „Þau eru mjög ólík, sem karakterar og sem leikmenn líka. Hún er skyttan og er miklu meiri skytta en bróður hennar. Þau eru bæði mjög metnaðargjörn og dugleg en Arnór er miklu rólegri,“ segir Hildur um systkinin.



**SKOTFÖST** Þorgerður Anna Atladóttir er mikil skytta. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Hildur var líka í handboltanum en hætti snemma. „Hún vill meina að hún hafi verið eitthvað öflug. Ég held að hún hafi verið útispilari eins og við öll hin,“ segir Þorgerður en móðir hennar lék með Stjörnunni og Víkingi á sínum tíma.

### Tala ekki bara um handbolta

„Það hafa margir spurt af því hvort við tölum um eitthvað annað en handbolta en þetta er mjög venjulegt heimilislíf,“ segir Þorgerður en það er von að maður spyrji þegar allir í fjölskyldunni hafa verið á kafi í handbolta.

Fyrirgefið, allir nema einn. Yngsta barnið, hinn 14 ára gamli Davíð Atli, ætlar víst að velja fótboltann og Þorgerður styður bróður sinn í því vali. „Mér finnst það fínt hjá honum því hann á bara að gera það sem vill sjálfur,“ segir Þorgerður.

Júlíus Jónasson valdi Þorgerði í æfingahóp landsliðsins á dögunum og æfði hún með liðinu í síðustu viku.

„Það er viss heiður og gaman að fá að vera með. Þetta var gaman. Ég vona að þetta tækifæri komi aftur bráðlega,“ segir Þorgerður sem gat þó ekki alveg beitt sér að fullu þar sem hún hefur verið að glíma við meiðsli á ökkla.

### Erfitt að vera uppi í stúku

„Ég átti ekki að vera með á móti Fram en mér finnst voðalega erfitt að vera uppi í stúku og horfa á. Ég teipaði mig bara og var bara með,“ segir Þorgerður ákveðin og hún ætlar að vera með þegar Stjarnan mætir HK í Digranesi í kvöld. **ooj@frettabladid.is**

**LEIKIR OG MÖRK ÞORGERÐAR ÖNNU Í VETUR**

**Ragnar Hermannsson þjálfari**

| | |
|---|---|
| 29-26 sigur á Haukum | 3 mörk |
| 22-19 sigur á Val | 1 mark |
| Mörk að meðaltali í leik | 2,0 |

**Atli Hilmarsson þjálfari**

| | |
|---|---|
| 28-18 sigur á Gróttu | 6 mörk |
| 30-21 sigur á Fram | 6 mörk |
| Mörk að meðaltali í leik | 6,0 |

Skotsýning Páls Axels Vilbergssonar í fyrstu tveimur umferðum Iceland Express-deildar karla í körfubolta:

# Aðeins tveir hafa skorað meira í byrjun

**KÖRFUBOLTI** Páll Axel Vilbergsson komst í fámennan hóp með því að skora 80 stig í fyrstu tveimur umferðum Iceland Express-deildar karla en hann var aðeins þriðji leikmaðurinn sem nær því síðan úrvalsdeildin tók upp núverandi fyrirkomulag haustið 1996. Hinir tveir eiga það sameiginlegt með Páli Axel að hafa skorað öll þessi stig fyrir Grindavík.

Darryl Wilson á metið en þessi litli snaggaralegi bakvörður skoraði 91 stig í fyrstu tveimur leikjum Grindavíkur haustið 1997. Wilson skoraði fyrst 38 stig í 16 stiga útisigri á Val en bætti síðan um betur í næsta leik sem fór fram í Jakanum á Ísafirði.

Wilson skoraði þá 53 stig í 102-87 sigri á KFÍ. Wilson þurfti alls 60 skot til að skora þessi stig sín í þessum tveimur leikjum en hann setti niður 13 af 23 skotum sínum fyrir utan þriggja stiga línuna.

Darrel Lewis bættist í hópinn sjö árum síðar þegar hann skoraði 81 stig fyrir Grindavík í tveimur fyrstu umferðunum.

Lewis skoraði fyrst 35 stig í tíu stiga heimasigri á Snæfelli en var síðan gjörsamlega óstöðvandi þegar hann setti niður 46 stig í 134-111 heimasigri á Hamar/Selfoss í 2. umferð.

Ólíkt Wilson sem spilaði báða þessa leiki á útivelli þá spilaði Lewis sína báða leiki heima. Lewis þurfti 50 skot til að skora þessi stig sín en hann hitti úr 9 af 15 þriggja stiga skotum sínum í þessum tveimur leikjum.

Páll Axel Vilbergsson hefur átt tvo stórleiki í röð og er sá fyrsti (síðan 1996) sem hefur skorað 39 stig eða meira í fyrstu tveimur leikjum tímabilsins.

Páll Axel hefur hitt úr 65,9 prósentum skota sinna, þar af hefur hann sett niður 13 af 18 þriggja stiga skotum sínum sem gerir magnaða 72,2 prósenta þriggja stiga nýtingu. Páll Axel hefur einnig tekið fleiri fráköst og gefið fleiri stoðsendingar en þeir Wilson og Lewis náðu þegar þeir komust í 80 stiga klúbbinn. **- óój**

**FLEST STIG Í FYRSTU 2 UMFERÐUNUM: (Frá 1996)**

| | |
|---|---|
| Darryl Wilson, Grindavík 1997 | 91 |
| Darrel Lewis, Grindavík 2004 | 81 |
| Páll Axel Vilbergsson, Grind. 2008 | 80 |
| André Bovain, Breiðablik 1996 | 75 |
| Michael Jackson, ÍA 1998 | 75 |
| Darrell Flake, KR 2002 | 74 |
| David Bevis, KFÍ 1997 | 72 |
| Brenton Birmingham, Grind. 1999 | 72 |



**40 STIG Í LEIK** Páll Axel Vilbergsson hefur verið með skotsýningu í fyrstu tveimur umferðunum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# KRÓNAN
fyrst og fremst... ódýr!




Krónan Mosó | Krónan Höfða | Krónan Granda | Krónan Akranesi | Krónan Breiðholti | Krónan Hafnarfirði | Krónan Lindir | Krónan Vestmannaeyjum | Krónan Reyðarfirði

## > Lisa Edelstein

„Að fá að leika Cuddy og þróa persónuleika hennar finnst mér ómetanlegt. Best finnst mér þó að fá að klæðast fallegu fötunum hennar.“ Edelstein leikur Dr. Lisu Cuddy í þættinum House sem sýndur er á Skjáeinum í kvöld.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ FREYR BJARNASON HRÍFST AF TÍMAFERÐALÖNGUM

# *Fortíðin leiðrétt með tímavél*



Hver væri ekki til að skella sér í tímavél og ferðast nokkur ár fram í tímann og losna við þetta leiðindaástand sem núna er uppi í samfélaginu? Eða jafnvel aftur í tímann til að stöðva þessa hringrásarpésa sem Kompás lagði sig fram við að afhjúpa í fínum þætti sínum um daginn?

Afþreyingariðnaðurinn hefur lengi daðrað við tímaflakk, nú síðast í Journeyman, alveg hreint ágætum sjónvarpsþáttum. Það er eitthvað heillandi við það að geta farið inn í aðra vídd, skoðað framtíð eða fortíð með nýjum og forvitnum augum og jafnvel leiðrétt í leiðinni eitthvað sem aflaga hefur farið.

Þættirnir Quantum Leap, sem voru sýndir hérlendis fyrir einum fimmtán árum, eru eftirminnilegir. Fjölluðu þeir um náunga sem fyrir einhverra hluta sakir gat flakkað fram og aftur í tímann og tekið sér bólfestu í nýrri manneskju í hverjum þætti. Þannig gat hann breytt gjörðum hennar til hins betra og leyst þannig ýmiss konar vandamál.

Eflaust væru margir til í að vera í hans sporum núna, ferðast aftur í tímann, breytast í stjórnanda einhvers bankans eða háttsettan stjórnmálamann og snúa hlutunum til betri vegar áður en vitleysan tekur völdin.

Hvað um það. Á meðan tímavélar eru ennþá fjarlægur möguleiki verður nútíminn að ráða ríkjum og vonandi á hann eftir að duga í von um að allt verði á endanum eins og það á að vera.

## EKKI MISSA AF



▶ **20.00** Employee of the Month STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **20.30** 30 Rock SKJÁREINN



▶ **21.00** Punk'd STÖÐ 2 EXTRA



▶ **21.40** Prison Break STÖÐ 2



▶ **22.25** Kvennaráð (Mistresses) SJÓNVARPIÐ

## SJÓNVARPIÐ

**15.50 Kiljan** (e)
**16.35 Leiðarljós** (Guiding Light)
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Krakkar á ferð og flugi** (e)
**17.50 Lísa** (13:13) (e)
**18.00 Stundin okkar** (e)
**18.25 Kallakaffi** (8:12) Íslensk gamanþáttaröð sem gerist á kaffihúsi sem Kalli og Magga, nýskilin hjón reka. (e)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**20.45 Nynne** (1:13) Dönsk gamanþáttaröð frá 2005 byggð á vinsælum dálki í Politiken um unga konu sem er illa haldin af neyslubrjálæði, lifir fyrir merkjavöru og skyndikynni við karlmenn, og á nóg af ónotuðum kortum í líkamsræktarstöðvar. Meðal leikenda eru Mille Dinesen og Mette Storm.
**21.30 Trúður** (Klovn IV) (10:10) Dönsk gamanþáttaröð um uppistandarann Frank Hvam og líf hans. Höfundar og aðalleikarar þáttanna eru þeir Frank Hvam og Casper Christensen.
**22.00 Tíufréttir**
▶**22.25 Kvennaráð** (Mistresses) (1:6) Bresk þáttaröð um fjórar vinkonur og fjölskrúðugt ástalíf þeirra. Meðal leikenda eru Sarah Parish, Sharon Small, Shelley Conn, Orla Brady, Raza Jaffrey, Adam Rayner og Patrick Baladi.
**23.15 Svartir englar** (5:6) Íslensk spennuþáttaröð byggð á sögum eftir Ævar Örn Jósepsson. (e)
**00.00 Kastljós** (e)
**00.35 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**08.00 Pokémon 5**
**10.00 Code Breakers**
**12.00 Employee of the Month**
**14.00 Diary of a Mad Black Woman**
**16.00 Pokémon 5**
**18.00 Code Breakers**
▶**20.00 Employee of the Month** Gamanmynd með Jessicu Simpson í aðalhlutverki.
**22.00 Saw II**
**00.00 The Skeleton Key**
**02.00 I'm Not Scared**
**04.00 Saw II**
**06.00 Revenge of the Nerds**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Smá skrítnir foreldrar, Dynkur smáeðla, Louie, Tommi og Jenni og Kalli kanína og félagar.
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.35 La Fea Más Bella** (176:300)
**10.20 Grey's Anatomy** (21:36)
**11.15 The Moment of Truth** (7:25)
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.35 Neighbours**
**13.00 Forboðin fegurð** (57:114)
**14.30 Ally McBeal** (17:23)
**15.25 Friends**
**16.00 Sabrina - Unglingsnornin**
**16.23 A.T.O.M.**
**16.48 Jólaævintýri Scooby Doo**
**17.13 Doddi litli og Eyrnastór**
**17.23 Hlaupin**
**17.33 Bold and the Beautiful**
**17.58 Neighbours**
**18.23 Markaðurinn og veður**
**18.30 Fréttir**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.17 Veður**
**19.35 The Simpsons** (16:22)
**20.00 Friends** (16:25)
**20.25 Eldsnöggt með Jóa Fel** (1:10)
**20.55 The Celebrity Apprentice** (7:13)
▶**21.40 Prison Break** (4:22) Michael braust út úr fangelsi í Panama með aðstoð Lincolns bróður síns. Til þess að sanna sakleysi sitt og leita hefnda þurfa þeir að uppræta Fyrirtækið, dularfulla stofnun sem er ábyrg fyrir því að þeir eru hafðir fyrir rangri sök.
**22.25 The Living Daylights** Spennumynd með Timothy Dalton í hlutverki James Bond. Rússneskur gagnnjósnari reynir að koma af stað stríði á milli leyniþjónustu Breta og Rússa og þótt yfirmenn Bonds láti blekkjast þá gerir Bond það ekki.
**00.30 Fringe** (2:22)
**01.15 Man of the House**
**02.55 Traveler** (5:8)
**03.40 The Celebrity Apprentice** (7:13)
**04.25 Prison Break** (4:22)
**05.10 The Simpsons** (16:22)
**05.35 Fréttir og Ísland í dag**

## STÖÐ 2 SPORT *besta sætið*

**17.50 PGA Tour 2008 - Hápunktar** Farið er yfir það helsta sem er að gerast á PGA mótaröðinni í golfi.
**18.45 Inside the PGA** Skyggnst á bakvið tjöldin í PGA mótaröðinni og tímabilið framundan skoðað.
**19.10 Evrópukeppni félagsliða** Bein útsending frá leik í Evrópukeppni félagsliða.
**21.15 Utan vallar með Vodafone**
**22.05 Ultimate Fighter** Mögnuð þáttaröð þar sem sextán bardagamenn keppast um að komast á milljónasamning hjá UFC en tveir heimsþekktir bardagamenn þjálfa mennina.
**23.05 NFL deildin** Magnaður þáttur þar sem hver umferð í NFL deildinni er skoðuð í bak og fyrir. Þeir Rich Eisen og Deion Sanders skoða allar viðureignirnar og spá í spilin.
**23.35 Evrópukeppni félagsliða** Útsending frá leik í Evrópukeppni félagsliða.
**01.15 Utan vallar með Vodafone**

## STÖÐ 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**17.20 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Liverpool og Wigan í ensku úrvalsdeildinni.
**19.00 Ensku mörkin** Allir leikir umferðarinnar í ensku úrvalsdeildinni skoðaðir. Öll mörkin og öll bestu tilþrifin á einum stað.
**20.00 Premier League World** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum.
**20.30 PL Classic Matches** Newcastle - Sheffield, 1993. Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.
**21.00 PL Classic Matches** Sheffield - Tottenham, 1994.
**21.30 4 4 2** Heimir Karlsson og Guðni Bergsson fara yfir hverja umferð í ensku úrvalsdeildinni ásamt valinkunnum sérfræðingum. Allir leikirnir, öll mörkin og umdeildustu atvikin á einum stað.
**22.40 Season Highlights** Allar leiktíðir Úrvalsdeildarinnar gerðar upp í hröðum og skemmtilegum þætti.
**23.35 Coca Cola mörkin** Allir leikirnir, öll mörkin og allt það umdeildasta skoðað í þessu magnaða markaþætti.
**00.05 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Man. Utd og WBA í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

**06.00 Óstöðvandi tónlist**
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Innlit / Útlit** (5:14) (e)
**09.35 Vörutorg**
**10.35 Óstöðvandi tónlist**
**16.30 Vörutorg**
**17.30 Dr. Phil** Sjónvarpssálfræðingurinn dr. Phil McGraw hjálpar fólki að leysa vandamál og gefur góð ráð.
**18.15 Charmed** (5:22) (e)
**19.05 What I Like About You** (14:22)
**19.30 Game tíví** (7:15) Sverrir Bergmann og Ólafur Þór Jóelson fjalla um allt það nýjasta í tækni, tölvum og tölvuleikjum.
**20.00 Family Guy** (14:20) Teikinmyndasería fyrir fullorðna með kolsvörtum húmor og drepfyndnum atriðum.
▶**20.30 30 Rock** (7:15) Liz fer á stefnumót með tvítugum gutta sem gerir sér ekki grein fyrir hvað hún er mikið eldri en hann. Tracy verður að þjálfa krakkalið í hafnarbolta. Jack sýnir liðinu mikinn áhuga en er ekki ánægður með Tracy og ræður Kenneth í staðinn.
**21.00 House** (8:16) House og lærlingarnir fimm sem eftir eru reyna að komast að því hvað er að hrjá töframann með dularfull veikindi. House trúir honum ekki en er sannfærður um að einn lærlinganna sé alvarlega veikur.
**21.50 CSI. Miami** (5:21) Vinsæll íþróttamaður er myrtur og rannsóknardeildinni er gert erfitt fyrir þegar í ljós kemur að hann hafði óskað þess að verða frystur eftir dauða sinn. Hann átti milljónir aðdáenda en það voru líka margir sem vildu hann feigan.
**22.40 Jay Leno** Spjallþáttur á léttum nótum þar sem háðfuglinn Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á létta strengi.
**23.30 America's Next Top Model**(4:13)
**00.20 How to Look Good Naked** (5:8)
**01.10 Vörutorg**
**02.10 Óstöðvandi tónlist**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**18.15 Fréttir** og **Að Norðan** Endurtekið á klst. fresti til 12.15 daginn eftir.
**N4 Sjónvarp Norðurlands**
**Digital Ísland rás 15**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




Alþjóða neyðar- og öryggisfjarskiptakerfið

GMDSS - COC /ROC námskeið

**GOC** hlutinn er kenndur dagana 6. - 14. nóv.
**ROC** hlutinn er kenndur dagana 6. - 10. nóv. ROC er m.a. ætlað þeim sem vilja auka réttindi sín úr 30 brl. í 65 BT.

Námskeiðið er kennt skv. STCW staðli um GMDSS alþjóða neyðar- og öryggisfjarskiptakerfið.

Nánari upplýsingar á **www.tskoli.is/namskeid** eða með fyrirspurn á vmo@tskoli.is.

zetor

Tækniskólinn
skóli atvinnulífsins

www.tskoli.is

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.20

### Eldsnöggt með Jóa Fel



Sjónvarpskokkurinn og bakarameistarinn Jói Fel snýr aftur með nýja seríu. Enn og aftur fetar hann nýjar slóðir og tekur hús á nokkrum af okkar fremstu og efnilegustu matreiðslumönnum. Við fáum tækifæri til að gægjast inn í glæsileg eldhús veitingahúsanna og sumir hverjir verða sóttir heim. Þessir listakokkar ætla að sýna Jóa og okkur heima í stofu hvernig töfra ber fram ljúffenga veislurétti á skotstundu og án mikillar fyrirhafnar. Í fyrsta þættinum skoðar Jói nýtt veitingahús – sjálft hæsta veitingahús landsins í Turninum í Smáralindinni. Staðurinn heitir Nítjánda en þar eru einnig glæsilegir veislusalir sem að sjálfsögðu skarta stórbrotnu útsýni.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

### Utan vallar með Vodafone

### Stöð 2 sport

Í þættinum verða tekin fyrir fjármál handknattleikshreyfingarinnar. Í heimsókn koma Aron Kristjánsson þjálfari Hauka, formenn handknattleiksdeilda Stjörnunnar og Fram, Þór Jónsson og Jón Eggert Hallsson. Einnig verður rætt við Einar Þorvarðarson framkvæmdastjóra HSÍ. Silfurhafinn Sigfús Sigurðsson „rússa jeppinn“ – sem á yngri árum var kallaður Fúsi litli - verður í nærmynd. Sérfræðingar þáttarins verða svo á sínum stað.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.05** Morgunvaktin
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Litla flugan
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**11.45** Í mótbyr
**12.00** Fréttayfirlit
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Á tónsviðinu
**15.03** Útvarpssagan: Rigning í nóvember
**15.30** Heimsauga
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.25** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Seiður og hélog
**19.27** Sinfóníutónleikar
**22.07** Veðurfregnir
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Útvarpsperlur: Á minn hátt
**23.10** Tónleikur
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## EXTRA

**16.00 Hollyoaks** (43:260) Bresk unglingasápa sem segir frá lífi og ástum íbúa Hollyoaks í Chester.
**16.30 Hollyoaks** (44:260)
**17.00 Seinfeld** (4:24)
**17.30 Help Me Help You** (3:13)
**18.00 Punk'd** (13:16)
**18.30 Kenny vs. Spenny** (7:13)
**19.00 Hollyoaks** (43:260)
**19.30 Hollyoaks** (44:260)
**20.00 Seinfeld** (4:24)
**20.30 Help Me Help You** (3:13) Grátbroslegir gamanþættir þar sem Ted Danson leikur afar sjálfhverfan sjálfshjálpargúru sem vinnur við að hjálpa veiku fólki að takast á við raunveruleikan en þyrfti sjálfur að fara eftir eigin ráðum.
▶**21.00 Punk'd** (13:16) Grallaraspóinn Ashton Kutcher snýr aftur og heldur áfram að hrekkja helstu stjörnurnar í Hollywood og taka allt saman upp á falda myndavél. .
**21.30 Kenny vs. Spenny** (7:13) Kenny og Spenny eru æskufélagar sem hafa gaman að því að keppa við hvorn annan. Í þessum þáttum etja þeir kappi í hinum ýmsu atburðum. Þar á meðal nektarkeppni, danskeppni, biblíusölu og kossakeppni. Þeir svífast einskis til að sigra hvorn annan og lenda oft í mjög neyðarlegum aðstæðum.
**22.00 Grey's Anatomy** (1:24)
**22.45 Ghost Whisperer** (49:62)
**23.30 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Í umsjón Ingva Hrafns Jónssonar. Heimastjórn stöðvarinnar, Hallur Hallsson, Ármann Kr. Ólafsson og Jón Kristinn Snæhólm, skoðar pólitískt landslag líðandi stundar.
**21.00 Neytendavaktin** Ragnhildur Guðjónsdóttir varaformaður Neytendasamtakanna ræðir um hagsmuni neytenda.
**21.30 Óli á Hrauni** Í umsjón Ólafs Hannessonar, formanni Jafnréttindafélags.
**Dagsskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## DR 1

**11.00** Aftenshowet med Vejret **11.30** Plan dk **12.00** Det lille hus på prærien **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Boogie Mix **14.00** Boogie Lørdag **14.30** Isa's stepz **15.00** Den amerikanske drage **15.25** Kærlighed i duften **15.30** Fandango **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Aftenshowet med Vejret **17.30** Rabatten **18.00** Hvor er vi landet? **18.30** Aldrig mere fængsel **19.00** TV Avisen **19.25** Jersild Live **19.50** SportNyt **20.00** SOS. Fanget i hulerne i Vitarelles **20.50** MC's Fight Night 2008 **21.50** Eureka **22.30** Naruto Uncut

## NRK 1

**11.00** NRK nyheter **11.05** Jessica Fletcher **12.00** NRK nyheter **12.05** Barmeny **12.30** ,Allo, ,Allo! **13.00** NRK nyheter **13.03** Fabrikken **13.30** Ace Lightning **14.00** NRK nyheter **14.10** Hannah Montana **14.35** Mona Mørk **15.00** NRK nyheter **15.10** Oddasat - nyheter på samisk **15.25** Verdensarven **15.40** Mánáid-tv - Samisk barne-tv **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Uhu **16.35** Peo **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Schrödingers katt **17.55** Tilbake til 70-tallet **18.25** Redaksjon EN **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Rebus **20.40** Tracey Ullmans USA **21.05** Kveldsnytt **21.20** Urix **21.50** Diamantenes verden **22.40** Spooks

## SVT 1

**11.05** Morgonsoffan **11.55** Plus **12.25** Fråga doktorn **13.10** Gomorron Sverige **14.00** Rapport **14.05** Hannah Montana **14.30** Kärleksagenterna **15.00** Sagor från Zoo **15.10** Storasyster och lillebror **15.15** En unge till **15.20** Yoko! Jakamoko! Toto! **15.25** Lisas sagoshow **15.40** Evas superkoll **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Go'kväll **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Mitt i naturen **18.30** Andra Avenyn **19.00** Höök **20.00** Debatt **20.45** Grosvold **21.30** Kulturnyheterna **21.45** Uppdrag Granskning **22.45** Toppform **23.15** Sändningar från SVT24





# MÁLÞING MENNTAVÍSINDASVIÐS HÍ

UM RANNSÓKNIR, NÝBREYTNI OG ÞRÓUN 23. – 24. OKTÓBER 2008

**FIMMTUDAG 23. OKTÓBER KL. 14 – 17**

Tónlist
Setning menntamálaráðherra
Ávarp: Herdís Egilsdóttir

**AÐALFYRIRLESTUR:**
Prof. Anne Bamford – Creativity and Education

Kaffihlé

**Málstofur / hringborðsumræður**
um rannsóknir, nýbreytni og þróun

AÐGANGUR ER ÓKEYPIS EN NAUÐSYNLEGT ER AÐ SKRÁ SIG TIL ÞÁTTTÖKU Á HEIMASÍÐU MENNTAVÍSINDASVIÐS ÞAR SEM EINNIG ER AÐ FINNA DAGSKRÁ OG ÚTDRÆTTI ERINDA. MÁLÞINGIÐ ER HALDIÐ Í AÐALBYGGINGU MENNTAVÍSINDASVIÐS HÍ V/STAKKAHLÍÐ.

**FÖSTUDAG 24. OKTÓBER KL. 14 – 17**

**Sköpun skiptir sköpum** – Oddný Sturludóttir, píanókennari og borgarfulltrúi og Arna Guðný Valsdóttir, myndlistarmaður og kennari

**Siðferði í skólastarfi** – Gunnar Hersveinn, heimspekingur og Jóhann Björnsson, heimspekingur og kennari

**Örvandi námsumhverfi** – Fanný Kr. Heimisdóttir, leikskólastjóri og meistaranemi við menntavísindasvið HÍ og Kristín Norðdahl, lektor við menntavísindasvið HÍ

Kaffihlé

**Málstofur / hringborðsumræður**
um rannsóknir, nýbreytni og þróun

**Léttar veitingar í boði menntamálaráðuneytis**

Heimili og skóli · Grunnur · HÁSKÓLI ÍSLANDS · Reykjavíkurborg · prentmet

## MORGUNMATURINN



*„Það er kaffi. Þegar ég er heilbrigður fæ ég mér smoothie með frosnum afurðum heimsins og íslensku skyri. Og svo aðeins meira kaffi.“*

Páll Eyjólfsson umboðsmaður

# Brad Pitt sest í stólinn hjá Hebu

Quentin Tarantino hefur leitað til förðunarsérfræðingsins Hebu Þórisdóttur og fengið hana til að stjórna förðuninni í nýjustu kvikmynd sinni, Inglorius Bastards. Stórstirnið Brad Pitt er þar í aðalhlutverki ásamt Diane Kruger, sem leikur einmitt aðalhlutverkið í kvikmynd Baltasars Kormáks, Inhale. Reyndar eru fleiri Íslands-tengingar við þessa nýjustu kvikmynd Tarantino því kvikmyndaleikstjórinn Eli Roth leikur einnig lítið hlutverk í myndinni. En Tarantino og Roth eru sennilega einhverjir dyggustu Íslandsvinirnir sem sögur fara af.

Inglorius Bastards er beðið með mikilli eftirvæntingu enda stóðst síðasta mynd Tarantinos, Grindhouse, engan veginn þær væntingar sem til hennar voru gerðar. Inglorius Bastards hefur verið töluvert lengi í vinnslu. Hún gerist í seinni heimsstyrjöldinni og segir frá hópi bandarískra gyðinga í ameríska hernum sem er falið að höggva stórt skarð í herlið nasista í Frakklandi. Á leið sinni komast þeir í kynni við unga stúlku í París en hún rekur kvikmyndahús sem jafnan er troðfullt af þýskum hermönnum.

Þetta er ekki í fyrsta skipti sem Brad Pitt sest í stólinn hjá Hebu á þessu ári því hún stjórnaði einnig allri förðun í kvikmyndinni The Curios Case of Benjamin Button sem David Fincher leikstýrir og verður væntanlega frumsýnd seint á þessu ári. Þar leikur Pitt aðalhlutverkið á móti gæðaleikkonunum Tildu Swinton og Cate Blanchett. **- fgg**



**Í ANNAÐ SINN** Þetta er í annað skiptið sem Heba kemur að gerð kvikmyndar með Brad Pitt. Hin er The Curios Case of Benjamin Button.



**Í FAÐMI STÓRSTJARNA** Heba Þórisdóttir mun sjá um förðun á stórstirninu Brad Pitt í kvikmyndinni Inglorius Bastards eftir Quentin Tarantino.

| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | 10 | ■ | 11 | | |
| 12 | | 13 | | ■ | |
| ■ | 14 | | | 15 | |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | 19 | ■ | 20 | | |
| 21 | | | ■ | | |

**LÁRÉTT 2.** lappi, **6.** í röð, **8.** mál, **9.** stefna, **11.** í röð, **12.** land í Asíu, **14.** mælieining, **16.** gat, **17.** breið, **18.** fley, **20.** tvíhljóði, **21.** traðkaði.

**LÓÐRÉTT 1.** fituskán, **3.** ólæti, **4.** köldusótt, **5.** angan, **7.** súlur, **10.** þrí, **13.** skammstöfun, **15.** innyfli, **16.** einatt, **19.** holskrúfa.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** sami, **6.** rs, **8.** tal, **9.** átt, **11.** lm, **12.** kórea, **14.** lítri, **16.** op, **17.** víð, **18.** far, **20.** au, **21.** tróð.

**LÓÐRÉTT: 1.** brák, **3.** at, **4.** malaría, **5.** ilm, **7.** stólpar, **10.** trí, **13.** etv, **15.** iður, **16.** oft, **19.** ró.




fríða
SKARTGRIPAHÖNNUÐUR
Strandgötu 43 | Hafnarfirði
Sími 565 5454


TOM EGELAND: ENGIN TILVILJUN AÐ KLERKUR LÍKIST GEIR WAAGE

# Norskur rithöfundur drepur sóknarprestinn í Reykholti

„Jú, jú, það er engin tilviljun að séra Magnús er með grátt hár, gleraugu og geithafursskegg. Og er forfallinn áhugamaður um Snorra,“ segir norski rithöfundurinn Tom Egeland.

Út er komin bókin „Verðir sáttmálans“ eftir Tom Egeland, norska rithöfundinn sem sló í gegn með bók sinni „Við enda hringsins“. Þegar hún kom út á íslensku fyrir um þremur árum kom Egeland til Íslands, bæði til að fylgja bókinni eftir sem og að afla sér efniviðar í næstu bók sína. Egeland segir enda Ísland, sögu landsins og umhverfi, leika stórt hlutverk í „Vörðum sáttmálans“. Egeland sótti meðal annars Reykholt heim og naut leiðsagnar sóknarprestsins að Reykholti, séra Geirs Waage, dagstund. Geir sýndi Egeland og konu hans safn sem er að Reykholti, Snorralaug og húsakynni auk fornra handrita sem Geir á í eigu sinni. Í nýju bókinni, og er þar vísað til ársins 2007, finnst sóknarpresturinn Magnús dáinn í Snorralaug. Honum hefur verið drekkt: „Séra Magnús er dáinn. Hann flýtur á grúfu, líkt og hann hafi dregið djúpt andann og sé að skoða eitthvað á botni laugarinnar. Sítt hárið myndar gráan geislabaug í vatninu. Hvítar hendurnar fljóta í gáruðu vatnsborðinu,“ segir í bókinni.

Ekki er þó hin minnsta ástæða til að ætla þetta kaldar kveðjur norska rithöfundarins til sóknarprestsins að Reykholti. Þvert á móti lýkur Tom Egeland miklu lofsorði á Geir og segir aðstoð hans við ritun bókarinnar ómetanlega. „Ef þú spyrð hvort „Geir Waage“ sé sá hinn sami og „séra Magnús“ þá er svarið bæði já og nei. Augljóslega varð ég fyrir áhrifum þegar ég hitti Geir Waage og ég setti ýmislegt úr fari hans í persónusköpunina, sérstaklega útlit og áhuga hans á Snorra, en ég myndi aldrei nota raunverulegan mann beint sem fyrirmynd persónu í sögum mínum. Til dæmis er séra Magnús með beinagrindur í skápum sínum og mér myndi aldrei detta í hug að gefa til kynna að Geir Waage væri með neitt slíkt í sínum skápum – það væri mjög ósanngjarnt gagnvart Geir,“ segir Egeland.

Norski rithöfundurinn segir norsku þjóðina fylgjast grannt með gangi mála í þeim efnahagslega ólgusjó sem Ísland gengur nú í gegnum. Tom Egeland, sem er einkar viðræðugóður, segist vissulega eiga eftir að sækja landið heim þó ekki sé nema sem ferðamaður. En það sé undir Forlaginu komið hvort hann komi til að fylgja útgáfu bókarinnar eftir. Ekki náðist í Geir Waage þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir. **jakob@frettabladid.is**



FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

**LÍK Í SNORRALAUG**

**Tom Egeland** aflaði sér efniviðar í bókina Verðir sáttmálans á Íslandi, en þar er presti drekkt í Snorralaug og minnir persónan óneitanlega mjög á **Geir Waage**, sóknarprest í Reykholti sem sést hér til vinstri. Af og frá er að telja þetta kaldar kveðjur frá norska rithöfundinum sem naut leiðsagnar hans um Reykholt.

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Tímaritið Grapevine hélt upp á fimm ára afmæli sitt fyrr á árinu og nú í desember mun fimmti ritstjóri blaðsins taka við. Það er **Haukur Magnússon**, gítarleikari í Reykjavík! sem hefur verið blaðamaður á Grapevine og víðar um hríð. Fráfarandi ritsjóri, **Sveinn Birkir Björnsson**, ætlar að snúa sér að öðru og líklega fara í nám. Þess má geta að hvorki Fons, Gaumur né Spons standa að útgáfu blaðsins, heldur sömu fjórir menntaskólavinirnir og settu það á fót.



Svo virðist sem Golfblaðið, sem Birtingur gaf út, sé lagst í dvala hvort sem það mun koma úr híði sínu í vor eða ekki. Hinn skeleggi golfáhugamaður, grínari og blaðamaður, **Sveinn Waage,** hefur nú munstrað sig sem blaðamann á DV.

Nýsköpun tungumálsins fer einkum fram meðal unglinga sem nú munu vera að prufa nýja sögn: Að „haardera“ í merkingunni að gera nákvæmlega ekki neitt. Bloggarinn, og fyrrverandi kennarinn, **Gísli Ásgeirsson,** fer hamförum núna og virðist sem efnahagsþrengingar hafi orðið til að vekja vísnasmiðinn í honum því nú er ort sem aldrei fyrr á síðu hans. Gísli gerir sér mat úr hugtakinu í leirburði sem hann kennir við alteregó sitt, Högna Máson: Heilmargt átti hann að laga/haarderaði alla daga./Íslendinga allir klaga/úti í löndum skulda þeir./Heimtar fólkið: „Hættu, Geir.“



**-drg, jbg**




FRÉTTABLAÐIÐ

Munum eftir að kveikja á útiljósunum

Nú þegar farið er að myrkva úti viljum við vinsamlega minna íbúa á að hafa kveikt á útiljósum við heimili sín til að auðvelda blaðberum Fréttablaðsins aðgengi að lúgu.

Póst húsið
www.posthusid.is

Pósthúsið ehf | Suðurhraun 1
210 Garðabær | s: 585 8300


# Björk skammar Samfylkinguna

Björk fer ekki fögrum orðum um Samfylkinguna í nýlegu viðtali við bandarísku tónlistarsíðuna Pitchforkmedia.com. „Um leið og þetta fólk komst til valda með öllum þessum Dick Cheney-um og George Bush-um Íslands var vitað mál hvað myndi gerast. Kannski blinduðust þau vegna aukinna valda því allt í einu vildu þau byggja álver,“ segir Björk. „Iðnaðar-, umhverfis- og utanríkisráðherrar landsins koma úr þessum flokki. Fyrir kosningar birtu þeir lista í fjölmiðlum þar sem þeir sögðust ætla að vernda landið. Núna er hægt að strika öll loforðin út af listanum. Ég held að ástæðan fyrir þessum sinnaskiptum séu þessir íhaldssömu kapítalistar í stjórninni sem fæddust á milli 1940 og 1950. Þeir stjórna öllu og þannig hefur það alltaf verið,“ segir hún.

Björk gagnrýnir svo umhverfisráðherra fyrir að hafa viljað hætta við umhverfismat vegna álvers í Helguvík. Eftir mikla gagnrýni hafi hún loks skipt um skoðun. Núna segir Björk að sama hljóðið sé komið í strokkinn vegna efnahagskreppunnar og allir vilji á nýjan leik gefa skít í allt umhverfismat.

Björk nefnir tölvuleikjafyrirtækið CCP sem vel heppnað mótvægi við byggingu álvera. Þar starfi fjögur hundruð manns sem sé sami fjöldi og vinni í álverum. Þar séu aftur á móti ekki unnin skítverk fyrir Alcoa á lágum launum, rétt eins og gengur og gerist í þriðja heims ríkjunum, með allri menguninni sem því fylgir. „Við eigum að stofna fyrirtæki með Íslendinga innanborðs, bæði með verkafólki og fólki í æðri stöðum, sem uppgötvar nýja hluti sem haldast í landinu.“



**BJÖRK GUÐMUNDSDÓTTIR** Björk fer ekki fögrum orðum um Samfylkinguna í viðtali við tónlistarsíðuna Pitchfordmedia.com. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# OUTLET 10

+++ Merki fyrir minna +++

**FAXAFENI 10**
11-18 alla virka daga
11-18 Laugardagar
**S:534 4450**



# Jakkafatapakki

Jakkaföt Skyrta Bindi Skór

Ný sending af vönduðum jakkafötum.
5 litir St: 42-64 allar stærðir til

## Kr. 14.990

## Úlpa herra og dömu

Ótrúlegt verð.

## Kr. 4.990



LEVI'S
gallabuxur herra

## Kr. 4.990

BEE&bee svartar dömu buxur
Str. 36-56 Allar stærðir til.

## NÝJAR VÖRUR KOMNAR Í HÚS

**Spiderman Moonboots**
str. 24-35



Kr. 2.999

**Kuldaskór Barna**
str. 24-35



Kr. 999

**Kuldskór Barna**
str 29-34



Kr. 1.999

**Kuldastígvél**
str. 22-29



Kr. 2.999

**Kuldastígvél**
str. 28-35



Kr. 1.999

**Stelpu stígvél**
str. 28-35



Kr. 2.999

**Herra Kuldaskór Leður**
str. 41-46



Kr. 2.999

**Leður stígvél**
str. 36-41



Kr. 5.999

**Dömustígvél**
str. 36-41



Kr. 4.999

**Leðurstígvel**
str. 36-41



Kr. 5.999

# OUTLET 10

+++ Merki fyrir minna +++

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**



**LÖGFRÆÐIAÐSTOÐ ORATORS**
**- félag laganema við Háskóla Íslands**

Endurgjaldslaus lögfræðiaðstoð fimmtudaga milli 19:30 – 22:00 í síma 551-1012.




**BAKÞANKAR**
*Ólafs Sindra Ólafssonar*

## Veðrið

Íslendingar kunna að lifa við knappan kost. Sú list hefur ekki tapast á þessum fáu góðærisárum. Ekki frekar en að við gleymum hvernig elda skal kjötbollur þó við förum á jólahlaðborð eitt kvöld. Hitt sem Íslendingar kunna er að kjafta. Og efnahagskreppa er kjaftagóðæri. Í staðinn fyrir að kjafta um veðrið getum við kjaftað um verðið. Þvílík tilbreyting.

**ÉG** hef meiri áhyggjur af því að drepast úr leiðindum en hor í yfirvofandi kreppu. Ég skal glaður lifa á möðkuðu mjöli næstu árin ef það þýðir að ég losni við frekara hringsól um sömu örfáu umræðuefnin daginn út og inn. Enginn hefur sagt neitt nýtt síðasta mánuðinn. Ekki frekar en nokkuð nýtt hefur verið sagt um veðrið síðustu árhundruðin.

**NÝJUSTU** upphæðir hvers dags eru ræddar af sömu hvötum og hitatölurnar. „Nú segja þeir að við fáum 580 milljarða lán frá Bretum!“. Og einhver svarar á innsoginu: „Já, biddu fyrir þér. Svo er spáð frosti út vikuna.“ Sannleiksnefndir og hvítbækur verða svo hliðstæða veðurklúbbsins á Dalvík. Einhverjar smáfréttir af nýjustu uppgötvunum eiga eftir að leka í blöðin með reglulegu millibili kreppuna á enda svo fólk geti rætt um þær í kaffihléinu.

**RÆTT** er um nýtt og betra þjóðfélag með minni áherslu á peninga – en um leið höfum við ekki áhyggjur af öðru en peningum. Allt hjal um nýtt sósíalískt Ísland, hópknús og eflda samstöðu er jafn innihaldslaust og kaffispjall um að orðið sé ólíft á þessu landi fyrir kulda. Best væri að flytja til heitu landanna. Svo er óað og æjað, klárað úr kaffibollanum og kveikt á útvarpinu til að bíða eftir næstu veðurfréttum. Það breytist ekkert. Við breytumst ekkert. Við getum talað um það, vissulega. Það höfum við alltaf getað. Spyrjum bara Jónas frá Hriflu:

**„ÞJÓÐIN** lifir í sífelldum ugg og óró við nýjar gengisfellingar. Þegar Íslendingar skilja þessa hættu, munu þeir gera nauðsynlegar ráðstafanir til að gjaldmiðill þjóðarinnar verði aftur öruggur, bæði í nútíð og framtíð. Þá getur Ísland í annað sinn orðið heilbrigt og virðulegt þjóðveldi.“

**VIÐ** verðum ekki betri sem þjóð né sem einstaklingar þó við eigum peninga. Við verðum ekki einu sinni betri þó við njótum virðingar alþjóðasamfélags. Við höfum prófað hvort tveggja – reyndar með ímynduðum peningum og ímyndaðri virðingu.



**GÓÐAN DAG!**
**Í dag er fimmtudagurinn 23. október, 297. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 8.43 | 13.12 | 17.39 |
| Akureyri | 8.35 | 12.57 | 17.17 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


